

Fyrstu kynni Margrétar Pálu af tómtum voru ekki góð en Oddný Sturludóttir vissi upp á hár hvencær hún varð pólitísk.



ALLA SUNNUDAGA

12
SÍÐUR

RE/MAX
Fasteignablað

www.remax.is - öflugur fasteignavefur

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

13. apríl 2008 – 100. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR

Upptaka skólagjalda aðeins tímaspursmál

Formaður menntamálanefndar Alþingis segir aðeins tímaspursmál hvenær opinberum háskólum verði gefin heimild til að taka skólagjöld. Formaður Stúdentaráðs er afar óánægður með nýtt frumvarp um opinbera háskóla.

STJÓRNMÁL „Drátt fyrir að ekki sé veitt heimild til skólagjaldtöku ríkisháskóla í þessu frumvarpi tel ég aðeins tímaspursmál hvenær sú heimild verði veitt,“ segir Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar. Í greinargerð með frumvarpi um opinbera háskóla sem menntamálaráðherra lagði fram í byrjun þessa mánaðar segir að umræða verði að eiga sér stað um það hvort opinberir háskólar fái heimild til að taka skólagjald.

„Stjórnarflokkarnir verða að taka afstöðu til þess og mér hefur fundist þetta sjónarmið njóta sífellt meiri stuðnings í samstarfsflokknum,“ segir Sigurður Kári.

„Það verkefni sem bíður okkar

er að svara þeirri spurningu hvernig við getum jafnað samkeppnisstöðu háskólanna svo allir sitji við sama borð,“ segir Einar Már Sigurðsson, þingmaður Samfylkingar og varaformaður nefndarinnar. „Ég hef þó ekki þá mælistiku að geta kastað reidur á það hvort sífellt meiri stuðningur sé um þessar hugmyndir eins og Sigurður segir í mínum flokki. Ég minni hins vegar á að til eru ýmsar aðrar leiðir í þeim efnum.“

Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, segist fagna því að þessi umræða fari fram. „Það er alveg ljóst að samkeppnisstaðan er skert þar sem aðrir skólar mega taka skólagjöld til viðbótar við framlög ríkisins og það er mál sem þörf er á að ræða,“ segir hún.

Mikil óánægja ríkir meðal Stúdentaráðs Háskóla Íslands um nýtt frumvarp. „Þarna er verið að stokka upp í háskólaráði og ef frumvarpinu verður ekki breytt er búið að koma á meirihluta í ráðinu sem er ekki innanbúðarfólk í háskólanum,“ segir Björg Magnúsdóttir, formaður stúdentaráðs. Þessir fulltrúar sem hún nefnir koma frá menntamálaráðuneytinu og svo úr atvinnulífinu. „Í frumvarpinu er háskólaráði gefin glufa til að hækka innritunargjaldið þannig að ef þessum meirihluta sýndist svo væri hægt að fá það í gegn á einum fundi.“

Einnig er Björg afar ósátt með að aðeins sé gert ráð fyrir einum fulltrúa frá nemendum í ráðinu í stað tveggja líkt og nú. - jse



ÖGMUNDUR JÓNASSON Formaður BSRB og þingmaður VG. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ögmundur Jónasson:

Efast um ágæti gjafa auðmanna

STJÓRNMÁL Ögmundur Jónasson, formaður BSRB og þingmaður VG, setur spurningarmerki við ágæti þess að auðmenn láti fé af hendi rakna til samfélagslegra verkefna. Hann vill heldur hækka skatta á auðmenn og að ríkið – í krafti lýðræðis – útdeili peningum.

Í viðtali við Fréttablaðið í dag segist Ögmundur óttast að efnahags- og félagslegum ávinningi 20. aldarinnar sé ógnað. Hann gagnrýnir líka farrýmskiptingu Icelandair en viðurkennir að sjálfur sitji hann oft á fyrsta farrými enda þingmönnum oft gert að sitja þar. - bps / sjá síðu 16




INGÓ IDOL SYNGUR UM ÁSTINA

Nýjasti smellur Veður-guðanna fjallar um að minnsta kosti tíu stelpur.

VIÐTAL 22



VEÐRIÐ Í DAG



Úrkoma sunnantil í dag verður úrkoma sunnanlands, og færast svo smám saman til austurs. Bjartviðri á Norðvesturlandi en víða þungbúið annars staðar. Vindur er víðast hvar úr austri og á bilinu 5-12 m/s, hvassast NV-lands.

VEÐUR 4



LEIKA LISTIR SÍNAR Í HLIÐARFJALLI Mikið var um tilþríf á Íslandsmeistaramóti snjóþrettamanna í Hlíðarfjalli þar sem keppendur bar við himin líkt og sólina sem gladdi menn fyrir norðan. Í dag munu svo keppendur þessa í brunkeppni en þá keppa fjórir í einu og verða þeir að standa af sér nokkur stökkbretti sem verða á leið þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Fjölskyldan í losti eftir að Íslendingur fékk sjö ára fangelsisdóm í Færeyjum:

Birgir Páll áfrýjar líklega

DÓMSMÁL Miklar líkur eru á því að Birgir Páll Marteinsson áfrýji dómnum sem hann hlaut fyrir fíkniefnamál í Færeyjum á föstudag. Þetta staðfestir Íris Inga Svavarsdóttir, móðir hans. Birgir Páll var dæmdur í sjö ára fangelsi. Íris Inga segir að honum hafi verið mjög brugðið við dóminn. „Við bjuggumst við því að hann

fengi um tveggja til þriggja ára dóm fyrir það sem hann var búinn að jata á sig. Við vorum gjörsamlega í losti þegar við hlýddum á dómsuppkvaðninguna og erum hálfrosin ennþá,“ segir Íris.

Hún segir að ekki hafi enn verið tekin ákvörðun um áfrýjun, en Birgir Páll hefur tvær vikur til

þess. „Þetta er allt í skoðun en ég reikna fastlega með því að hann áfrýji dómnum, enda er hann allt of þungur og ekki í líkingu við eitt eða neitt. Þetta er óskiljanlegt og gjörsamlega fáránlegt.“

Ekki er vitað hvort ákærvaldið áfrýjar, en það verður að teljast ólíklegt. Farið var fram á tíu ára refsingu. - kóp / sjá síðu 4

Rockwood fellihýsi & Polar hjólhýsi

Í Útilegumanninum að Fosshálsi 5-9 finnur þú allt til ferðalagsins.

Opið
Helgar 12.00-16.00
mán - fös 10.00-18.00



Útilegu maðurinn

OPIÐ
til 20

alla daga í öllum verslunum

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

OPIÐ FRÁ 13 TIL
78
Á SUNNUDÖGUM

Kringlan

SPURNING DAGSINS



„Kristján, eruð þið búnir að leita til olúfélaganna?”

„Nei, því við erum að kalla eftir síðlegu og löglegu samráði.”

Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgræinasambandsins, segir að verkalyðshreyfingin hafi kallað eftir víðtæku samráði við stjórnvöld og vinnuveitendur en án árangurs.

Öryggisvörður leitaði á slysadeild eftir ryskingar við ölvaða miðbæjargesti:

Aftur veist að öryggisvörðum

LÖGREGLUMÁL Öryggisvörður þurfti að leita á slysadeild í gærmorgun eftir stimpingar við nokkra menn í verslun 10-11 í Austurstræti. Hann er með áverka í andliti en er ekki alvarlega slasaður. Lögregla á von á kæru vegna málsins.

Að sögn varðstjóra lögreglu fékk lögreglan tilkynningu um slagsmál í versluninni skömmu fyrir klukkan sex. Þegar lögreglumenn komu á vettvang voru slagsmálhundarnir á bak og burt, en þær upplýsingar fengu hjá starfsfólki verslunarinnar að sex ungrir menn hefðu ráðist inn í verslunina og veist að



10-11 Í AUSTURSTRÆTI Verslunin er opin allan sólarhringinn og mikil eftirspurn er eftir þjónustunni, að sögn framkvæmdastjóra.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

þremur öryggisvörðum. Allir voru marðir og einn leitaði á slysadeild. Ekki er vitað hverjir voru að verki.

Um síðustu helgi slasaðist

öryggisvörður í sömu verslun alvarlega þegar hann var sleginn með flösku í höfuðið. Hann var á gjörgæslu um tíma eftir að blæða tók inn á heila.

Sigurður Reynarsson, framkvæmdastjóri 10-11, hafði heyrt af málinu þegar Fréttablaðið talaði við hann. „Þessi búð er náttúrulega stöð í miðbæ Reykjavíkur þar sem er hasar,” segir hann. „Það koma upp aðstæður öðru hvoru þar sem þarf að róa mannskapinn og við erum við því búnir.” Alvarleg árás eins og sú um síðustu helgi sé einsdæmi – yfirleitt sé aðeins um minni háttar ryskingar að ræða. - sh

Datt og varð undir hjóli:

Vélahjólamaður þungt haldinn

SLYS Maður á þrítugsaldri liggur þungt haldinn á gjörgæsludeild eftir vélahjólslýs skammt frá Blönduósi síðdegis í gær. Hann er maður alvarlega höfuðáverka og er haldið sofandi í öndunarvél.

Maðurinn var að leik á hjólinu í malarbingjum nálægt afleggjaranum til Skagafjarðar þegar hann datt og varð undir hjólinu. Þýrla Landhelgisgæslunnar var send eftir manninum og flutti hún hann á slysadeild Landspítalans í Fossvogi. Þangað var hann kominn um klukkan sex. Enn var verið að rannsaka áverka mannsins í gærkvöldi. - sh

Vaknaði með andfælum:

Veitti lögregluþjóni áverka

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á sextugsaldri réðst á lögreglumann á bensinstöð N1 við Hringbraut um klukkan sjö í gærmorgun. Lögreglumaðurinn hlaut áverka í andliti og á hálsi sem gætu haldið honum frá vinnu í einhvern tíma, að sögn varðstjóra.

Tveir lögreglumenn höfðu afskipti af manninum þar sem hann svaf í bíl sínum fyrir utan bensinstöðina. Hann brást illa við afskiptunum og réðst á annan lögregluþjóninn. Maðurinn var í annarlegu ástandi, og á brotaferil að baki. Hann var yfirheyrður í gær eftir að hafa sofið úr sér í fangaklefa. - sh

LÖGREGLUFRÉTTIR

Féll af vélahjólí við Esjurætur

Maður slasaðist er hann féll af vélahjólí sínu á 40 til 50 kílómetra hraða við Esjurætur á þriðja tímanum í gær. Sjúkrabíll sótti manninn, sem kenndi sér meins í brjóstakassa. Talið er að hann sé rífbeinsbrottinn.



MISNOTKUN Notkun steinolú á venjulegar dísilvélar getur varðað við lög og skemmt vélar í bílum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gruna bíleigendur um að misnota steinolú

Starfsmenn olúfélaga gruna að bíleigendur misnoti reglugerðir um steinolú vegna lægra verðs. Sala á steinolú hefur aukist umtalsvert upp á síðkastið. Notkun hennar getur varðað við lög og skemmt bílvélar.

OLÚFÉLÖGIN „Það er óhætt að segja að sala á steinolú hafi aukist og nokkuð ljóst að sumir eru ekki að spila þetta eins og á að gera. Menn eru klárlega að misnota reglugerðir með því að drýgja dísilólúna,” segir Egill Danielsson, vélfræðingur og umsjónarmaður smurefna hjá Olís.

Reglugerðir segja til um að notkun steinolú sé bönnuð á venjulegar dísilvélar. Ingvi Ingvason, rekstrarstjóri bensinstöðva Skeljungs, segir sölu á steinolú hafa aukist talsvert upp á síðkastið, en að sú aukning gæti einnig verið tilkomin vegna mikilla frosta í vetur. Hann telur að varkárni sé þörf við notkun hennar. „Steinolía er frostþolnari er dísilólía og við mælum með henni í vélar sem eru hannaðar fyrir slíka tegund af olú, en ekki aðrar vélategundir.

Slíkt gæti meðal annars valdið vandræðum varðandi verksmíðjuábyrgð á nýjum bílum.”

Nokkur brögð munu hafa verið að því að bíleigendur sækji í steinolú vegna lágs verðs, en um hana gilda aðrir og lægri tollar en dísilólú. Stefán Ásgrímsson, ritstjóri blaðs og vefs Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB), segir að um klárt lögbrót sé að ræða á því efni.

„Dísilvélar ganga á matarólú, lýsi og alls kyns olú, og vissulega gengur það tæknilega séð að fylla þær af steinolú, en ef menn nota aðra olú en þá sem er leyfileg eru þeir farnir að brjóta lög. Það er ekki vegaskattur á steinolú, og olúgjaldið er vegaskatturinn, þannig að menn eru ekki að borga leigu fyrir nota vegina. Að sjálf-sögðu eru skiptar skoðanir á því hvað mönnum finnst um vega-

gjöldin og hvort of lítið af þeim fari í vegina, en maður lagar ekki svona hluti með því að brjóta lög. Lýðræðislega séð er það mjög slæmt mál,” segir Stefán.

Leó M. Jónsson, iðnaðar- og vélataeknifráðingur, segir að mikil mengun fylgi notkun á steinolú, auk þess sem hún geti farið illa með bíla, einkum nýja og nýlega.

„Brennisteinsmagnið í steinolúnni er meira en leyfilegt er í dísilólú og það orsakar meiri mengun. Menn gera þetta á eigin ábyrgð og með gamla dísilbíla með eldri gerð af olúverki ætti þetta ekki að skaða, en ég ráðlegg engum sem er á nýjum bíl með tölvustýrðu vélakerfi að nota steinolú, og alls ekki þeim sem eiga bíla sem eru í ábyrgð,” segir Leó.

kjartan@frettabladid.is

Óperuhúsið í Ósló vígt:

Húsið kostaði 60 milljarða

NOREGUR Óperuhúsið í Ósló var vígt í gær að viðstöddu fjölmenni.

Bygging hússins, sem er úr hvítum marmara og virðist rísa úr hafi við Óslófjörð, kostaði hátt í 62 milljarða íslenskra króna en skreytingar að innan tæpar 900 milljónir.

Með vígslu hússins er 120 ára draumur norskra tónlistarunnenda, sem hingað til hafa hlýtt á óperur í gömlum leikhúsbýggingum, orðinn að veruleika.

Óperuhúsið er auk þess stærsta hús sem hefur verið reist undir menningarstarfsemi í landinu í um 700 ár. - ve



VERIÐ AÐ RÍFA SLIPPINN Slippurinn vikur fyrir íbúðarbyggingu en um 200 íbúðir verða byggðar á svæðinu.

Framkvæmdir við Mýrargötu: Slippurinn fer

SKIPULAGSMÁL Verið er að rífa slippinn við Mýrargötu í Reykjavík en í skipulagi borgarinnar um Mýrargötu- og slippsvæði er gert ráð fyrir íbúðarbyggð á svæðinu. Þó mun Daníelsslippur standa þó að þaðan hafi bátur ekki verið bættur frá því haustið 2006. Hans nýja hlutverk er hins vegar að finna hjá sjóminjasafninu sem hefur tekið hann yfir.

Gert er ráð fyrir um 200 íbúðum á svæðinu sem sumar hverjar verða alveg við sjó en í skipulaginu er einnig gert ráð fyrir atvinnuhúsnæði og reynt að þrænga ekki um of að athafnasvæði hafnarinnar. - jse

Leiðtogar nágrannaríkja Simbabve lýsa áhyggjum af stöðunni í landinu:

Mugabe sniðgekk neyðarfund

SAMBÍA, AP Leiðtogar ríkja í sunnanverðri Afríku hittust á neyðarfundum í gær til að ræða ástandið sem skapast hefur í Simbabve í kjölfar forsetakosninganna í landinu. Þeim gafst ekki færi á að beita Robert Mugabe, forseta Simbabve, þrýstingi, þar sem hann sniðgekk fundinn.

Fundurinn þykir til marks um að brestir séu komnir í þá samstöðu sem hingað til hefur ríkt um Mugabe meðal leiðtoga nágrannaríkjanna. Mugabe hefur ríkt yfir landinu í 28 ár, lengst allra þjóðarleiðtoga í sunnanverðri Afríku.

Thabo Mbeki, forseti Suður-Afríku, flaug til fundar við Mugabe í Harare, höfuðborg Simbabve, áður en hann mætti á leiðtogafundinn. Að honum loknum sagði Mbeki stjórnarkreppu ekki ríkja í landinu. Levy Mwanawasa, forseti Sambíu, sagði hins vegar í opnunarræðu fundarins að nauðsynlegt væri að binda enda á óvissuna í Simbabve.

Í þingkosningunum 29. mars tapaði flokkur Mugabe meirihluta í fyrsta sinn síðan árið 1980. Engar niðurstöður hafa verið birtar úr forsetakosningum sem fram fóru samtímis. Óformlegar talningar benda til ósigurs Mugabe, en það



HARARE Í GÆR Thabo Mbeki, forseti Suður-Afríku, fundaði með Mugabe í Harare fyrir leiðtogafundinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

viðurkennir hann ekki. Stjórnarandstöðuleiðtöginn Morgan Tsvangirai hefur hins vegar lýst yfir sigri. - sh

Meistaránám í þroskaþjálfarafræði

Tækifæri til að öðlast framúrskarandi sérfræðilekkingu og hæfni til að leiða umbóta- og þróunarstarf í málefnum fatlaðra

MENNTAVÍSINDASVIÐ

www.khi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Umsóknarfræstur er til 15. apríl / Skráning og upplýsingar á www.khi.is



MANNVIT

VERKFRÆÐISTOFA

Mannvit verkfræðistofa er sameinað fyrirtæki verkfræðistofanna VGK-Hönnunar og Rafhönnunar sem notið hafa trausts viðskiptavina um árabíl. Mannvit er stærsta verkfræðistofa landsins en þar starfa um 360 manns á starfsstöðvum um allt land og erlendis. Viðtæk sérþekking og fjölbreytt þjónusta skipa Mannviti í fremstu röð.

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	72,91	73,25
Sterlingspund	143,87	144,57
Evra	115,32	115,96
Dönsk króna	15,458	15,548
Norsk króna	14,518	14,604
Sænsk króna	12,268	12,34
Japanskt jen	0,7183	0,7225

SDR	119,52	120,24
-----	--------	--------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
148,096
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Íbúar í Þorlákshöfn vilja fiskhausþurrkun Lýsis burt úr bænum:

Lýsisfýlan leggst í föt og bíla

ÞORLÁKSHÖFN „Við íbúar höfum fengið okkur fullsadda af þessu sóðafyrirtæki Lýsi,“ segir Guðmundur Oddgeirsson, talsmaður íbúa í Þorlákshöfn sem hafa afhent Heilbrigðiseftirliti Suðurlands undirskriftir 527 kosningabærra íbúa í bænum.

Þar er því mótmælt að rekin sé fiskhausþurrkunarkerfið í bænum með tilheyrandi lyktarmengun. Rekstrarleyfi verksmiðjunnar rennur út í júní og óttast íbúarnir að það verði endurnýjað.

Guðmundur segir fýluna nánast ólýsanlega og hún hafi mikil áhrif á íbúa. Fýlan leggst meðal annars í föt og bíla. Heilbrigðiseftirlitið



AFHENDING UNDIRSKRIFTALISTANS Elsa Ingjaldsdóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, tók við undirskriftum íbúa.

hafi ekki brugðist við fyrri mót-mælum íbúanna og sjái heldur ekki til þess að Lýsi fylgi þeim skilyrðum sem þó séu sett.

Hann segir þverpólitíska samstöðu gegn verksmiðjunni. „Við

höfum orðið fyrir miklum vonbrigðum með að fyrirtækið Lýsi, sem núna fagnar sjötíu ára afmæli, skuli láta þetta viðgangast.“

Guðmundur telur um þrjátíu störf tapast með lokun verksmiðunnar. „En við viljum meina að þetta fæli önnur frá. Fyrirtæki hafa verið að skila inn lóðum og hætt að hugsa um Þorlákshöfn sem hugsanlegan stað fyrir fyrirtækin sín.“ Einnig segir hann dæmi um að fólk hætti við að flytja til Þorlákshafnar þegar það finni fýluna. Íbúarnir hafa óskað eftir fundi með Þórunni Sveinbjarnardóttur umhverfisráðherra vegna málsins.

Ítalskur friðarsinni í Tyrklandi:

Myrt á göngu sinni fyrir friði

TYRKLAND, AP Ítölsk listakona, sem ferðaðist á puttanum til Mið-Austurlanda, fannst myrt í Tyrklandi á föstudag.

Giuseppina Pasqualino di Marineo hélt, ásamt vinkonu sinni, í puttaferðalag klædd brúðarkjól og var tilgangurinn sá að vekja athygli á heimsfriði. Hún vildi sýna fram á að hægt væri að treysta á góðvild heimamanna. Marineo, sem hefur verið saknað síðan 31. mars, fannst myrt í skógi nærri borginni Gebze. Maður hefur verið handtekinn grunaður um aðild að morðinu en hann vísaði lögreglu á líkið.

Móður neitað um líffæri: Fékk ekki nýra úr látinni dóttur

BRETLAND, AP Bresk kona, Rachel Leake, sem er í sárri þörf fyrir nýtt nýra, fékk ekki líffæri úr deyjandi dóttur sinni.

Dóttir Leake lést eftir veikindi 21 árs gömul. Þrátt fyrir að hún hefði óskað eftir því að móðirin fengi nýrun var ekki orðið við þeirri ósk. Nýru hennar og lifur voru grædd í þrjá ókunnuga einstaklinga. Móðirin er forviða á þeirri ákvörðun en samkvæmt reglum yfirvalda þarf að græða líffærin í þá sjúklinga sem eru í mestri þörf.

Talsmenn stofnunarinnar segja þó að um sorglegt tilvik sé að ræða og að mögulega verði reglurnar endurskoðaðar.

Talið í 21 kjördæmi í Nepal: Ellefu sæti til maóista í Nepal

NEPAL, AP Byltingarsinnaðir maóistar hafa sigrað í ellefu kjördæmum af 21 þar sem talningu er lokið í kosningum til nýs stjórnlagabings landsins. Þingið fær það hlutverk að ákveða nýja stjórnskipan fyrir landið, en ákveðið var í vetur að leggja konungsveldið niður og stofna lýðveldi.

Með þessari ákvörðun var maóískum byltingarsinum gefið tækifæri til þátttöku í stjórn landsins. Útgönguspár úr 61 kjördæmi til viðbótar þar sem talningu er ekki lokið benda til sigurs Maóíska kommúnistaflokksins. Alls eru kjördæmin 240.

LEIÐRÉTTING

Missagt var í fyrisögn fréttar í Fréttablaðinu í gær að Serbar væru sakaðir um líffærasölu. Þar var átt við Kosovo-Albana. Fréttin var að öðru leyti rétt.

Lagaprófessor telur dóm Birgis í Færeyjum þungan

Íslendingurinn sem sakfelldur var í Færeyjum var dæmdur í sjö ára fangelsi og endurkomubann til Færeyja. Sigurður Líndal efast um að íslenskir dómstólar hefðu dæmt manninn í þetta þunga refsingu.

DÓMSMÁL Birgir Páll Marteinsson var dæmdur í sjö ára fangelsi fyrir brot á fíkniefnalöggjöfinni í Færeyjum með aðild að Pólstjórnumálinu. Dómur féll um miðnætti á föstudag en fyrr um kvöldið var hann fundinn sekur, líkt og Fréttablaðið greindi frá. Þá var hann dæmdur í ævilangt endurkomubann til Færeyja. Birgir hefur setið í gæsluvarðhaldi síðan 21. september í fyrra.

Sigurður Líndal lagaprófessor segir að sér finnst refsingin vera þung. „Ég efast um að dómstólar hér heima hefðu dæmt manninn í þetta þunga refsingu. Ég þekki náttúrliga ekki málavexti, en miðað við það sem fram hefur komið í fjölmiðlum eru sjö ár nokkuð vel í lagt. Vel má vera að eitthvað í röksemdum réttlæti það, en mér finnst dómurinn þungur,“ segir Sigurður.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að Birgir hafi verið mjög brugðið þegar dómurinn var kveðinn upp. Félagar hans, sem dæmdir voru í málinu hér heima, vonuðu að hann fengi ekki meira en þriggja ára dóm. Í viðtali við færeyska útvarpið sagði hann að sér væri sárast um endurkomubannið til Færeyja, því þar liði honum best.

Birgir Páll var dæmdur fyrir að hafa haft um fjörutíu kíló af fíkniefnum í sinni vörslu þann tíma sem Pólstjarnan var við festar í Færeyjum og að hafa aðstoðað við að koma þeim aftur um borð í skútuna. Þá var hann einnig dæmdur fyrir vörslu á tveimur kílóum af fíkniefnum, amfetamíni og dufti til e-töflugerðar, sem hann ætlaði að koma til óþekktis aðila. Hann var sýknaður af aðkomu að skipulagi smyglsins.

Fróðlegt er að bera saman dóm Birgis og þeirra aðila Pólstjórnumáls-



BIRGIR PÁLL Birgir og Olavur Jákup Kristoffersen verjandi hans í réttarsal.

TEIKNING: JANUS GUTTESSEN

ins sem dæmdir voru í Héraðsdómi Reykjavíkur. Birgir fær jafnlangan dóm og Alvar Óskarsson, en hann sigldi skútunni frá Danmörku til Íslands, með viðkomu í Færeyjum, ásamt Guðbjarna Traustasyni. Sá síðarnefndi var dæmdur til sjö ára og fimm mánaða fangavistar.

Birgir Páll var í Færeyjum sýknaður af því að hafa vitað af efnunum frá Danmörku til Færeyja, en bæði Guðbjarni og Alvar voru fundnir sekir um aðild að skipulagi smyglsins.

Verjendur Birgis hafa tvær vikur til að ákveða hvort áfrýjað verði. Það á

BAR VITNI Guðbjarni Traustason bar vitni í málinu.

TEIKNING: JANUS GUTTESSEN

DÓMAR Í HÉRAÐSDÓMI REYKJAVÍKUR

- Einar Jökull Einarsson fékk níu ár og sex mánuði. Var höfuðpaur og skipulagði innflutninginn.
- Guðbjarni Traustason fékk sjö ár og fimm mánuði. Sigldi efnunum frá Danmörku.
- Alvar Óskarsson fékk sjö ár. Sigldi efnunum frá Danmörku.
- Marinó Einar Árnason fékk fimm ár og sex mánuði. Tók við efnunum á Fáskrúðsfirði.
- Bjarni Hrafnkelsson fékk eitt ár og sex mánuði. Pakkaði meirihluta efnanna í Danmörku.
- Arnar Gústafsson fékk eitt ár – skilorðsbundið. Ætlaði að geyma efnin í sumarbústað.

HEIMILD: DÓMSAFN HÉRAÐSDÓMS REYKJAVÍKUR

eingöngu við um lengd refsingar, því óheimilt er að áfrýja dómi um sýknu eða sekt. Ólíklegt verður að teljast að ákærvaldið áfrýi.

kolbeinn@frettabladid.is

Tölvunám byrjenda

Síðasta byrjendanámskeiðið fyrir sumarlokun á gamla góða verðinu. Vinsælt námskeið ætlað fólki á öllum aldri sem hefur enga tölvukunnáttu. Á þessu námskeiði er allt tekið fyrir sem byrjandinn þarf til að komast vel af stað í notkun tölvu. Windows, Internetið, tölvupóstur, Word og Excel. Kennsla hefst 15. apríl og lýkur 13. maí

Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga, morgunnámskeið kl 8.30 – 12 og kvöldnámskeið 18 – 21.30. Lengd 42 std. Verð kr. 32.900,- Kennslubók innifalin.

VAKTAVINNUFÓLK
Flest námskeið skólans geta hentað ykkur sérstaklega vel þar sem möguleiki er að skipta milli morgun- og kvöldtíma eftir vöktum án þess að missa úr á stærri námskeiðum.

TÖLVUSKÓLINN ÞEKING

FAKAFEN 10 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS SKOLI@TSK.IS | SIMI: 544 2210

VEÐURSPÁ

Elín Björk Jónsdóttir
Veðurfræðingur

RIGNIN
SUNNANTIL Úrkoman hófst í nótt og færast smám saman til austurs. Hitastigið verður yfir frostmarki sunnantil en fer kólnandi norðanlands.

Á MORGUN Hæg norðlægt átt

ÞRIÐJUDAGUR Vestanátt 3-8 um allt land

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	11°
Billund	10°
Ósló	6°
Stokkhólmur	6°
Gautaborg	8°
London	13°
Paris	12°
Frankfurt	12°
Friedrichshafen	13°
Berlín	16°
Alicante	20°
Mallorca	18°
Bassel	11°
Eindhoven	19°
Las Palmas	15°
New York	33°
Orlando	22°
San Francisco	13°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

FASTEIGNASÝNING HÚSNÆÐISKAUP ERLENDIS

Í fyrsta sinn á Íslandi,
ein stærsta fasteignasýning
á norðurlöndunum.
Söluaðilar frá fjölmörgum
löndum, sýna yfir 1000
nýjar og notaðar eignir
sem eru til sölu
víðsvegar um heiminn.
Um er að ræða íbúðir,
raðhús og einbýli.
Einnig fasteignir
til fjárfestingar.

**Komdu í Vetrargarðinn í Smáralind og gerðu draum þinn um heimili
í sól og hita að veruleika.**

Verið velkomin

Framkvæmdaraðili: Fair Media International
www.fairmedia.info

BANDARÍKIN, BRASILÍA, KÝPUR, GRIKKLAND, ÍSLAND, ÍTALÍA, KARABÍSKAHAFIÐ, MAROKKÓ, PORTÚGAL, SLÓVAKÍA, SPÁNN, TÆLAND, TYRKLAND OFL.

Smáralind
Kópavogi
Næg bílastæði

Sýningin fer fram
í Vetrargarðinum í Smáralind.

lau. og sun. 12. - 13. apríl
11:00 - 18:00
Aðgangur ókeypis

KJÖRKASSINN



Telur þú líklegt að fasteignaverð lækki um 30 prósent á næstu tveimur árum?

Já	31,6%
Nei	69,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Finnst þér dómurinn yfir Íslendingnum í Færeyjum of þungur?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Viðskiptaráðherra í Kína:

Ræðir um Tíbet við Kínverja

MANNRETTINDI Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra hyggst ræða ástandið í Tíbet við



BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

kínverska ráðamenn. Ráðherra hélt til Kína í gær og endurgeldur með því heimsókn

kínversks starfsbróður síns í fyrra. Tilgangur fararinnar er að treysta viðskiptatengsl ríkjanna. Óskað hefur verið eftir sérstökum fundi um mannréttindamál með aðstoðarúrskráðherra Kína. Þar hyggst Björgvin áreita þá afstöðu Íslendinga að það sé þjóðréttarleg skylda Kínverja að virða mannréttindi í Tíbet. - kóp

Ekki sér fyrir endann á deilum um boðaðar löggæslubreytingar á Suðurnesjum:

Afstaða þingflokks óhöggguð

STJÓRNMÁL „Þingflokkur Samfylkingarinnar hafnar málinu eins og það lítur út. Síðan verða menn að finna lausn á þeim málum sem þarf að leysa, sérstaklega fjármálum embættisins,“ sagði Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, í gær.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu á þriðjudaginn ætlar þingflokkur Samfylkingarinnar að hafna boðuðum breytingum Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra á löggæslumálum á Suðurnesjum. Afstaða þingflokksins stendur óhöggguð. Breytingarnar sem Björn hefur



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR Málefni löggæslunnar á Suðurnesjum eru enn í hnút. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

boðað munu því ekki fara í gegnum þingið að óbreyttu.

Breytingarnar felast í því að embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum verður brotið upp í núverandi mynd. Tollgæsla fer undir

fjármálaráðherra, yfirstjórn öryggismála vegna flugverndar á Keflavíkurflugvelli undir samgönguráðherra en lög- og landmæragæsla heyrir undir dómsmálaráðuneytið.

Jóhann R. Benediktsson, lögreglustjóri á Suðurnesjum, fundaði með þingmönnum Suðurrkjörðæmis um fyrirhugaðar breytingar í gær.

Þingmenn Framsóknarflokks, Frjálslynda flokksins, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna lýstu sig alfarið mótfallna breytingunum en þingmenn Sjálfstæðisflokksins styðja þær, að undanskildum Árna Johnsen. - mh

Mótvægisáðgerðir:

Styrkir til ferðaþjónustu veittir

FERÐAÞJÓNUSTA Gengið hefur verið frá styrkveitingum vegna mótvægisáðgerða ríkisstjórnarinnar á sviði ferðaþjónustu 2008-2009. Voru 160 milljónir króna til úthlutunar og bárust 303 umsóknir. Alls hlutu 77 verkefni styrk.

Hæstu styrkina hlutu Sögugarður í Grundarfirði og Félag áhugamanna um víkingaverkefni á slóðum Gísla Súrssonar á Þingeyri, sex milljónir hvort. Við mat á umsóknum var meðal annars tekið tillit til hlutfalls starfa í veiðum og vinnslu á viðkomandi svæði, fjöldi tonna sem skerðast, gæða og möguleiks árangurs verkefna auk fjölda starfa sem þau skapa. - shá

LÖGREGLUFRETTIR

Slógust og brutu rúðu

Lögregla var kvödd að Hótel Plaza við Aðalstræti í fyrrinótt eftir að slagsmál brutust út milli nokkurra manna. Einn slasaðist í andliti í átökum við annan og þurfti að leita á slysaðeild. Þriðji maðurinn braut rúðu á hótelinu í hamaganginum.

Bíll valt í Reykjahverfi

Þrennt var flutt til aðhlyningar á Sjúkrahúsið á Húsavík á föstudag eftir bílveltu í Reykjahverfi. Meðsli fólksins reyndust minni háttar en bifreiðin sem þau voru í er ónýtt.

HÚNAVATNSSÝSLA

Ánægja með girðingu

Vegagerðin er nú að setja upp girðingar meðfram hringvegnum þar sem hann liggur um Langadal í Húnavatnssýslu. Bæjarstjórn Blönduóss hefur fagnað þessu og skorast á Vegagerðina að halda verkinu áfram svo búfé komist ekki á veginn og skapi slyshættu.

Vilji til samstarfs í sjávarútvegsmálum

Undirrituð hefur verið viljayfirlýsing á milli Íslands og Indónesíu um samstarf á sviði sjávarútvegs. Indónesar vilja nýta þekkingu Íslendinga til að þróa sjálfbæran sjávarútveg og leysa vandamál við hafrannsóknir og landhelgisgæslu.

SJÁVARÚTVEGSMÁL Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra og Freddy Numberi, sjávarútvegsráðherra Indónesíu, skrifuðu í gær undir viljayfirlýsingu milli þjóðanna um samstarf á sviði sjávarútvegs. Indónesía er ein mesta fiskveiðiþjóð í heimi en stjórnvöld glíma við fjölda vandamála. Parland stjórnvöld leituðu til Íslendinga um samstarf til að finna lausnir við stórfelldri rányrkju, lausn tæknivandamála og þróun sjálfbærrar nýtingar auðlindarinnar.

Í viðtali við Fréttablaðið lýsti Numberi þeim vandamálum sem helst þarf að leysa og þeim gríðarlegu hagsmunum sem landið hefur í því að nútímavæða útveginn. „Í Indónesíu hafa sex og hálf milljón manna atvinnu af veiðum og vinnslu sjávarfangs. Á sama tíma eru sjóræningjaveiðar mikið vandamál og reiknum við með að tap landsins sé um þrjár milljarðar dollara á ári hverju.“ Numberi leggur mikla áherslu á að kynna sér stjórnun veiða og vinnslu hér á landi en ekki síður nýtti hann tækifærið til að ræða við sérfræðinga í hafrannsóknunum og kynna sér fyrirkomulag landhelgisgæslu. „Við vitum ekki hvert ástandið er á okkar helstu fiskistofnum. Rányrkjan er svo gríðarleg.“ Hann telur að sjóræningjaveiðarnar nemi um tveimur og hálfri milljón tonna, sem er margfalt það magn sem veitt er á Íslandsmiðum árlega.

Numberi heimsótti íslensk fyrirtæki og stofnanir þar sem ráðherrann og fylgdarlið öfluðu sér upplýsinga um íslenskan sjávarútveg og kynntu sér starfsemi



FREDDY NUMBERI Sjávarútvegsráðherra Indónesíu segir mikil tækifæri í sjávarútvegi landsins. Vandamálin sem þurfi að leysa séu hins vegar stór og samstarf við Íslendinga sé mikilvægt í því ljósi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

tæknifyrirtækja í sjávarútvegi. Ráðherrann heimsótti einnig Sjávarútvegsskóla Háskóla Saminuðu þjóðanna. „Við viljum senda okkar fólk til Íslands til að afla sér sérfræðisþekkingar. Sjávarútvegurinn í Indónesíu er vanþróaður og besta leiðin til að bæta þar úr er að hafa aðgang að fólk með góða menntun á þessu sviði. Við höfum miklar væntingar til samstarfs við Íslendinga,

ekki síst í þessu samhengi.“ „Við bjóðum Íslendinga velkomna til Indónesíu,“ segir Numberi. „Við fögnum fjárfestingu annarra ríkja í Indónesíu. Sérstaklega landa eins og Íslands sem virða þær leikreglur sem við setjum. Í okkar heimalandi eru miklir möguleikar fyrir þá sem kjósa að starfa með stjórnvöldum að því að byggja upp arðvænleg fyrirtæki í sjávarútvegi.“ svavar@frettabladid.is

Ertu að leita þér að aukavinnu?



Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Verkfræðideild Háskóla Íslands:

Styrkur fyrir doktorsnema

Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Verkfræðideild Háskóla Íslands auglýsa til umsóknar styrk fyrir doktorsnema í þrjú ár á sviði líkangerðar og hermunar áraunar í háhitaborholum.

Verkefnið felst í því að þróa FEM-líkan af borholufóðringum. Verkefnið er hluti af rannsóknarverkefni sem nefnist Háhitaborholutækni - Öndvegissetur á Íslandi sem er samstarfsverkefni Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, HÍ, HR og helstu orkufyrirtækja Íslands. Afraksturinn verður fólgin í einstæðu hermunarverki sem sýnir hvernig efnisáraun verður við snögga hitaáraun þar sem sérstaklega er ráðist á svokallaðan gúlp í vinnslufóðringu. Verkefnið mun veita mikilvæga innsýn í samspil steinsteypu og stáls í borholum og hvernig ólíkir efniseiginleikar, svo sem hitaþenslu-stuðull, virka á áraun efnisins.

Upplýsingar um styrkinn veita Ingólfur Þorbjörnsson, framkvæmdastjóri á Nýsköpunarmiðstöð Íslands (ingo@nmi.is) og Magnús Þór Jónsson prófessor við Verkfræðideild HÍ (magnusj@hi.is). Einnig má finna upplýsingar um verkefnið og styrkinn á vefsíðu Nýsköpunarmiðstöð Íslands á www.nmi.is og á vefsíðu verkfræðideildar HÍ á www.verk.hi.is.



Nýsköpunarmiðstöð Íslands



VERKFRÆÐIDEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS

Leggja til lægri hámarkshraða eftir að ekið var á stúlku og hún slasaðist illa:

Of mikill hraði á Skeiðarvoggi

UMFERÐ Rannsóknarnefndumferðarslysa leggur til að Reykjavíkurborg lækki hámarkshraða á Skeiðarvoggi úr 50 kílómetrum á klukkustund í 30.

Unglingsstúlka slasaðist alvarlega þegar bíl var ekið á hana þar sem hún var að fara yfir Skeiðarvoginn miðvikudagskvöldið 2. apríl síðastliðinn. Slysið er enn í skoðun en rannsóknarnefndin hefur þegar lagt til að hámarkshraðinn verði lækkaður og að bætt verði við girðingu á eyju milli akreina. Við Skeiðarvog standa bæði Vogaskóli og Menntaskólinn við Sund.

Ágúst Mogensen, rannsóknarstjóri hjá rannsóknarnefndinni, segir mikilvægt að ökumenn skilji hversu miklu muni fyrir gangandi vegfarendur að hraðinn sé minni. „Munurinn á líkindum banaslyss eykst margfalt ef hraði ökutækis



Á SLYSSTAÐ Keilan á miðri götu sýnir hvar ekið var á stúlkuna. Rannsóknarnefndin vill að girðingin á umferðareyjunni verði framlengd. MYND/RANNSÓKNARNEFND UMFERÐARSLYSA

er 50 kílómetrar á klukkustund samanborið við 30 kílómetra á klukkustund. Lægri hraði ökutækja dregur einnig úr líkindum þess að umferðarslys verði yfir höfuð.“

Að því er Ágúst segir hefur mikið

dregið úr notkun endurskinsmerkja. „Þetta gildir jafnt um börn og fullorðna og er það mjög miður þar sem ökumenn bera oft við að þeir hafi einfaldlega ekki séð þann sem gekk út á götuna.“ - gar



**AÐEINS Í
BÓNUS FAXAFENI**

30%

AFSLÁTTUR

SUNNUDAGUR

10.00 - 18.00

Bónus verslunin í Faxafeni
verður stækkuð og endurbætt
og því lokuð í nokkra daga
frá n.k. mánudegi.

B  **NUS** **BÝÐUR BETUR**

AFGREIÐSLUTÍMI: SUNNUDAGUR Í FAXAFENI: 10.00 - 18.00

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir Íslendingurinn sem í fyrrakvöld var dæmdur í sjö ára fangelsi í Færeyjum?

2. Hvaða samkynhneigði bandaríski tónlistarmaður heldur tónleika í Háskólabíói í kvöld?

3. Hvaða lið tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn í handknattleik karla á föstudag?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Aukin samvinna milli Fangelsismálastofnunar ríkisins og lögreglunnar á Selfossi:

Fangaverðir og lögregla æfa

FANGELSISMÁL Sérsvait fangavarda á Litla-Hrauni og lögreglumenn frá embætti lögreglustjórans á Selfossi héldu sameiginlega verklega æfingu fyrir helgi.

„Æfingin gekk mjög vel en sett voru á svið tilvik sem komið geta upp í fangelsum þar sem nauðsynlegt er að grípa inn í atburðarás og tryggja öryggi starfsmanna fangelsa og fanga,“ segir Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar. Hann bætir við að sérsvaitin hafi þessa vikuna verið við sérstakar æfingar en ákveðið hafi verið fyrir nokkru að efla hana og gera æfingar markvissari. „Við erum mjög ánægðir með sam-

starfið við lögreglustjórnann á Selfossi en samstarf fangelsisyrivalda og þess embættis hefur verið aukið að undanfögnu, meðal annars í fkniefnamálefnum,“ útskýrir forstjóri Fangelsismálastofnunar. „Samstarf Fangelsismálastofnunar við lögreglu er mjög mikilvægt og leggjum við áherslu á að auka það á öllum sviðum.“

„Þetta hefur fyrst og fremst þá þýðingu að menn geta haft meiri kraft til að bregðast við ef eitthvað fer úrskeiðis til dæmis í fangelsinu,“ segir Ólafur Helgi Kjartansson, lögreglustjóri á Selfossi.

- jss



SÉRISVEIT FANGAVARDA Sérsvait fangavarda á Litla-Hrauni og lögreglumenn frá embættinu á Selfossi héldu sameiginlega æfingu.

Sveitarfélagið Vogar:

Nýtt vatnsból vígt í Vogum

VOGAR Nýtt vatnsból í sveitarfélaginu Vogum var vígt í síðustu viku. Í bígerð er að breyta aðalskipulagi Voga og lenti gamla vatnsbólíð inni í miðbæjarskipulagi. Brugðist var við með færslu vatnsbólins, nýrri dælustöð og stofnlögn frá henni.

Hitaveita Suðurnesja (HS) og Stofnfiskur gerðu með sér samning um aðgang HS að tveimur ferskvatnsbólum Stofnfisks við Vogavík og fékk HS heimild til byggingar dæluhúss og lagningar pípu til tengingar við stofnkerfi Vatnsveitu Voga. Unnt er að dæla ferskvatni til Stofnfisks.

- kg

Fagnaðarfundur í tilefni nýrra jafnréttislaga

 Samfylkingin



í Ráðhúsi Reykjavíkur þriðjudaginn 15. apríl kl. 17-19

Frummælendur

- Jóhanna Sigurðardóttir, félagsmálaráðherra
- Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisráðs
- Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra
- Valgerður B. Eggertsdóttir, háskólanemi

Í pallborði verða ásamt frummælendum

- Guðný Guðbjörnsdóttir, prófessor og fyrrverandi þingkona
- Anna Pála Sverrisdóttir, formaður Ungra jafnaðarmanna
- Mörður Árnason, fulltrúi þingflokks í undirbúningsnefnd jafnréttislaga

Umræðunum stýrir Steinunn Valdís Óskarsdóttir, alþingiskona

Kvennahreyfing Samfylkingarinnar

Nánari upplýsingar á vef Samfylkingarinnar: www.samfylking.is

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



Mjótt á munum fyrir þingkosningar á Ítalíu

Allt að þriðjungur kjósenda kveðst óákveðinn fyrir þingkosningar sem fara á Ítalíu á sunnudag og mánudag. Stjórnmalaskýrendur segja þær vera fyrstu kosningar í sögu ítalsk lýðræðis þar sem baráttan stendur í raun aðeins milli tveggja flokka – hægri flokks Silvio Berlusconi og miðju-vinstri flokks Walters Veltroni.



Frjáls þjóð (Pdl)

Nýtt miðju-hægri flokkabandalag

Stofnað: Nóvember 2007. Myndað úr 20 flokkum og fylkingum, þ.á m. Forza Italia og Alleanza Nazionale

Leiðtogi: Silvio Berlusconi

Lýðræðisflokkurinn

Nýr flokkur stofnaður við samruna tveggja helstu miðju-vinstri flokkanna

Stofnaður: Október 2007

Leiðtogi: Walter Veltroni, fyrrverandi kommúnisti sem nú stýður markaðshyggju. Var borgarstjóri Rómar 2001-08



Miðjubandalagið

Stofnað: Des. 2002
Samfylking hópa sem hafa óbeit á Berlusconi

Leiðtogi: Pier Ferdinando Casini



Vinstriregnboginn

Stofnaður: Des. 2007
Nýr vinstrijaðarflokkur marxista og græningja

Leiðtogi: Fausto Bertinotti



Norðurbandalagið

Stofnað: 1991
Beitir sér gegn innflytjendum og niðurgreiðslum til Suður-Ítalíu. Er í bandalagi við Pdl Berlusconi

Leader: Umberto Bossi

Myndir: Associated Press

© GRAPHIC NEWS

Berlusconi býst til að taka við völdum

Bannað er að birta skoðanakannanir síðasta hálfu mánuðinn fyrir þingkosningar á Ítalíu, sem fara fram í dag og á morgun. Áður en birtingarbannið tók gildi sagðist þriðjungur kjósenda óákveðinn.

ÍTALÍA, AP Síbrúnt andlit hins 71 ára gamla Silvio Berlusconi ber merki hinna ófáu feguraraðgerða sem á því hafa verið gerðar og hann gengur með gangráð í kosningabaráttunni. Hann hefur sætt lögsöknum, ásökunum um misbeitingu valds og hagsmunarárekstra og vanhugsuð ummæli hans hafa ítrekað valdið úlfúð innan sem utan Ítalíu. Í þau tvö skipti sem hann þjónaði sem forsætisráðherra olli hann þjóðinni vonbrigðum með því að senda hermenn til Íraks og setja lög sem gagnrýnendur sögðu sérhönnuð til að forða því að hann yrði dæmdur í fangelsi.

Þrátt fyrir allt þetta bendir flest til að hann sé í þann mund að komast aftur til valda, en Ítalir ganga að kjörborðinu á morgun og mánudaginn.

Hægri flokkafylkingin að baki Berlusconi, Frjáls þjóð (Il Popolo della Libertà), sem stofnuð var að hans frumkvæði með þessu nýja nafni í desember síðastliðnum, mældist í síðustu skoðanakönnunum sem heimilt var að birta fyrir kosningarnar með nokkurra prósentustigja forskot á höfuðkeppinautinn, Lýðræðisflokkinn, undir forystu hins vinsæla fyrr-

verandi borgarstjóra Rómar, Walter Veltroni. Það sem veldur þó mikilli óvissu um úrslitin er að hálfum mánuði fyrir kosningar mældist fjöldi óákveðinna enn um þriðjungur.

Stjórnmalaskýrendur gefa þá skýringu á þessari lygilegu endurkomugetu Berlusconi að burtséð frá hinum þekktu persónutöfrum hans og því hve vel hann nýtur sín í sviðsljósinu, þá höfði ferill hans frá skemmtikrafti á skemmtiferðaskipum til auðjöfurs og síðan stjórnmálamanns til venjulegra Ítala með sérstökum hætti. Hann endurspeglir þeirra eigin drauma, veikleika, ástríður og galla.

Maðurinn sem vonast til að slá Berlusconi við er hins vegar allt sem hann er ekki: varkár í orðfæri og hæverskur í háttum. Hann leggur sig fram um að sætta ólík sjónarmið og sameina fólk, ólíkt mótherjanum sem skeytir iðulega lítið um álit annarra. Óvinsældir miðju-vinstri stjórna Romanos Prodi háði Veltroni einkum framan af kosningabaráttunni, en honum tókst þó að vinna upp nokkuð af mældu forskoti Berlusconi.

audunn@frettabladid.is

lenovo
NÝ HERJI - NY HUSSON

Þolir fartölvun þín fall?

Lenovo ThinkPad fartölvur

Þann 13. febrúar 2007 var Lenovo ThinkPad fartölvu fleygt úr 8 metra hæð. Eftir fallið var hægt að kveikja á tölvunni og öll gögn héldust óskemmd. Lenovo ThinkPad fartölvur búa yfir innbyggðri magnesíum veltigrind sem ver vélbúnað og skjá tölvunnar. Þessi tækni sér til þess að þótt fartölvun verði fyrir miklu höggi haldast öll gögn óskemmd.

Hafðu samband við ráðgjafa Nýherja, í síma 569 7700 eða með því að senda tölvupóst á netfangið lausnir@nyherji.is.

Hlutverk Nýherja er að skapa viðskiptavinum sínum virðisauka með þekkingu starfsmanna á upplýsingatækni, rekstri fyrirtækja og þörfum viðskiptavina. Nýherji býður fyrsta flokks ráðgjöf og fagþjónustu á sviði upplýsingatækni, og vandaðan hugbúnað, tölvu- og skrifstofubúnað ásamt traustri tækni- og rekstrarþjónustu. Hjá Nýherja samstæðunni eru 740 starfsmenn sem starfa hjá yfir 20 fyrirtækjum samstæðunnar í fjórum löndum.


NÝHERJI

Það brýtur á í Seðlabankanum.

Skotnir sendiboðar

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Harkaleg gagnrýni hefur birst undanfarna sólarhringa um stjórnendur Seðlabankans í kjölfar síðustu ákvarðana um stýrivexti. Bankinn er sagður ráðalaus. Ummæli forystumanna atvinnurekenda og hagfræðinga í háskólasamfélaginu hafa tekið á sig persónulegan svip. Minnt er á að bankinn er gamalt pólitískt hæli fyrir eldri heldrimenn úr stjórnmalaflokkunum og efast er víða um faglega hæfni stjórnenda bankans. Nú er að koma á daginn sem sjá mátti fyrir að umdeildur stjórnmalamaður eins og Davíð Oddsson er á engum tíma hentugur til starfa á þessum vettvangi. Hann er enn njörvaður niður í sína pólitísku sögu, sama hvaða vilja hann kann að hafa sjálfur til að hefja sig yfir þann þátt á ferli sínum. Sem er miður. Líklega er hollast að aðrir bankastjórar komi fram fyrir hönd bankans í þessu fátíðni sem nú stendur um íslenskt efnahagslíf.

En lítt dugar að skjóta sendiboða válegra tíðinda: lækkun á húsnæðismarkaði var fyrirsjáanleg. Engin innistæða var fyrir því verðbólgu sem hljóp í þann markað fyrir fáum árum. Verðhækkningar á húsnæði voru órar, spanaðir upp af solumönnum og hinni háskalegu lánastefnu Árna Magnússonar og félaga sem Sjálfstæðisflokksformaðurinn varkári var ekki maður til að stoppa á sínum tíma.

Spá Seðlabanka um halla á ríkissjóði er íhugunarverð: er einhver sú forsenda finnanleg í rekstri ríkisins sem réttlætir hækkun milli ára um tugi prósent? Hvergi er dregið úr opinberum framkvæmdum og lítið hefur sést til niðurskurðar í opinberum rekstri. Þar eru menn á dúndrandi eyðslutrippi, þrátt fyrir margtreaðar áskoranir um að dregið verði úr ríkisútgjöldum.

Tveggja stafa verðbólga sem blasir við á sér að hluta til skýringar í hækkun á aðfluttum vörum: um allan heim eru menn að takast á við hækkun á hráefnum, meðal annars vegna aukinnar eftirspurnar.

Er framleiðslan í landinu að aukast? Ekki verður það séð. Iðnaður hér er fjárþurfi, hátt gildi krónu veldur öllum útflutningsgreinum erfiðleikum á erlendum mörkuðum og raunar blasir við hvaða atvinnurekstri sem er að hollara er að skrá fyrirtækin erlendis og reka útibú hér á landi. Sem er hægt í önu kerfi Evrópu.

Er almenningur að draga saman eyðslu? Auðvitað verður að draga úr almennri eyðslu. Viðskiptahalli við útlönd er geigvænlegur og honum er ekki snúið við nema með aukinni framleiðslu. Stjórnvöld hafa engin tæki til að draga úr almennri ofneyslu nema hugheilar óskir, hvað sem málpápa Vinstri grænna hvín.

Eftir ofsabenslu í byggingariðnaði er viðbúið að atvinnuleysi taki við: farandverkamenn munu hraða sér á önnur svæði Evrópu. Samdráttur mun skila smærri fyrirtækjum verkefnaskorti og fjárhagsvanda. Eftirspurn í verktakavinnu mun hverfa snögglega.

Öll þessi einkenni í spá Seðlabankans eru fyrirsjáanleg. Jafnvel þótt þau komi úr munn Davíðs Oddssonar. Hinn raunverulegi framtíðarvandi íslensks samfélags er smæð myntkerfis okkar og markaðssamfélag Evrópu og aðlaga kerfi okkar evrusvæðinu til fullnustu. Það er pólitísk ákvörðun. Og á endanum liggur hún hjá kjósendum en ekki piltum og stúlkum í flokksfélögum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **ADSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRUI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Auglýsing um hækkun húsaleigubóta

Athygli er vakin á hækkun húsaleigubóta frá 1. apríl samkvæmt breytingu á reglugerð um húsaleigubætur sem tekið hefur gildi og byggist á samkomulagi ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Helstu breytingar eru þessar:

- Grunnbætur húsaleigubóta fyrir hverja íbúð hækka úr 8.000 kr. í 13.500 kr.
- Bætur vegna fyrsta barns hækka úr 7.000 kr. í 14.000 kr.
- Bætur vegna annars barns hækka úr 6.000 kr. í 8.500 kr.
- Hámark húsaleigubóta hækkar úr 31.000 kr. í 46.000 kr.

Aðrar grunnfjárhæðir eru óbreyttar.

Leigjendur eru hvattir til að kynna sér áhrif hækkunarinnar á rétt sinn til húsaleigubóta þar sem hún leiðir til þess að fleiri leigjendur en áður munu eiga rétt til bóta. Upplýsingar er að finna á heimasíðu ráðuneytisins: www.felagsmalaraduneyti.is eða hjá því sveitarfélagi þar sem leigjandi á lögheimili en þangað eiga umsóknir um bætur að berast.

Nýir umsækjendur þurfa að skila umsókn fyrir 15. apríl til að fá greiddar húsaleigubætur fyrir leigu aprílmánaðar.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið

FRÁ DEGI TIL DAGS

Spámannlega vaxinn

Ólafur Ragnar Grímsson forseti hélt ræðu á ráðstefnu í Andorra í vikunni. Þar fjallaði hann um tækifæri smærri ríkja í hagkerfi veraldar. Nýtti hann þar tækifærið og las upp úr ræðu sem hann hélt í Helsinki fyrir tveimur árum. Þar lýsti hann því hvernig sótt væri að Íslandi í alþjóðlegum fjölmiðlum og af fyrirtækjum sem væru keppinautar Íslendinga. Og eins og segir í tilkynningu frá forsetaembættinu er sú lýsing: „Sláandi lík því sem hefði verið að gerast undanfarið.“ Spurning hvort Ólafur sé meiri spámaður í Helsinki en eigin fóturlandi?

Lull en ekki valhopp

„Tíminn er af skammti afar skornum, glasið

fyllist fljótt af kornum,“ söng Stefán Hilmarsson sællar minningar. Það á við bæði um hið huglæga fyrirbæri og dagblaðið Tímann. Jónas Kristjánsson hóf blaðamannsferil sinn á Tímanum, en heldur nú úti skemmtilegri heimasíðu. Þar segir hann nýlega frá tveimur helstu gangtegundum íslenska hestsins til forna; lulli og valhoppi. Þær þyki ekki finar en hafi eitt sinn gert austfirskum þingmönnum kleift að ríða til þings á Þingvöllum. Rétt er hjá Jónasi að eftirsjá er að gangtegundunum. Einhverjir þykjast þó hafa orðið varir við að sumir þingmenn hafi tileinkað sér lullíð fullmikið, á kostnað valhoppisins. Eigi það bæði við austfirka og aðra þingmenn.

Einn á póstlista?

Og enn af blogginnu. Einn af skemmtilegri bloggnum landsins er Hnakkus, sem bloggar á slóðinni hnakkus.blogspot.com. Sá fær vart fríð fyrir kæfupósti, e. spam, frá Vinstri grænum og er honum ýmist boðið á ljóðakvöld á Akureyri eða stofnfund í Reykjanesbæ. Þó kom þar að Hnakkusi var nóg boðið og sendi þetta bréf til baka: „Takk fyrir að láta mig vita hvenær stofnfundur Vinstri grænna á Reykjanesi er. Ég var einmitt að pæla í því hvar og hvenær væri haldinn af því mig langar svo rosalega á hann þó ég bý í miðbæ Reykjavíkur og sé ekki einu sinni í Vinstri grænum. Hvernig komst ég annars á þennan póstlista? Er ég einn á honum?“

Ekki er vítað um svör flokksins.

kolbeinn@frettabladid.is

BITBEIN Árni Páll Árnason spyr:

Hvernig er unnt að lækka verðbólgu á Íslandi?



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Músarhjarta ríkisstjórnarinnar

Ígær urðu þau tíðindi að bankastjórn Seðlabanka Íslands ákvað enn að hækka stýrivexti bankans. Þar með eru stýrivextir hér á landi orðnir þeir hæstu sem þekkjast hjá nokkru vestrænu ríki.

Við ákvörðun sína hafði Seðlabankinn til hlidsjónar þær horfur að verðbólga muni enn aukast á næstu mánuðum. Telur Seðlabankinn ekki unnt að ná verðbólgu markmiðinu fyrir en síðari hluta árs 2010, ári síðar en bankinn spáði í nóvember sl.

Við búum í dag við opið fjármálakerfi sem er nátengt erlendum fjármálamörkuðum og því má velta fyrir sér hvort með þessari ákvörðun hafi síðasti kafliinn í sögu íslensku krónunnar í óbreyttri mynd verið skrifaður.

Óábyrg efnahagsstjórnun

Í ríkisstjórnartíð okkar framsóknarmanna ríkti hér mikið góðæri sem sást m.a. í tugprósenta kaupmáttaraukningu almennings. Allir vissu hins vegar að sá uppgangstími myndi ekki vara að eilífu. Í fyrrasumar gaf Seðlabankinn þannig út spá þar sem greint var frá versnandi verðbólguhorfum og líkum á gengislækkun íslensku krónunnar. Þá vörðuð margir við versnandi horfum á alþjóðlegum mörkuðum með tilheyrandi afleiðingum.

Það var m.a. af þessum sökum sem við framsóknarmenn lögðum til mikla varfærni við síðustu fjárlaga-gerð. Ríkisstjórnin skelti skollaeýrum við þeim vannaðarorðum og jók útgjöld ríkissjóðs um 20% á milli ára. Í stað þess að hægja á og ná mjúkri lendingu til að undirbyggja taktinn fyrir næstu uppsveiflu voru skilaboðin þau að áfram skyldi keyrt á fullri ferð – sem óhjákvæmilega getur endað með harkalegum skelli. Afleiðingarnar eru nú að koma fram.

Sökum hins alþjóðlega fjármálakerfis hefur vandi sem hófst í Bandaríkjunum einnig numið land hér á Íslandi. Fyrir vikið er aðgengi að lánsfé torsótt, krónan hefur fallið, verðbólga fer vaxandi og Seðlabankinn bregst við með hækkanði stýrivöxtum. Á meðan situr ríkisstjórnin hjá og segir pass – og er það aðgerðarleysi farið að vekja heimsathygli.

Kjarkur ríkisstjórnarinnar er svo sannarlega ekki í takt við stærð stjórnarflokkanna. Búkurinn kann að vera stór en hjartað er líkt og í lítilli mús.

Hvernig á að bregðast við?

Mikilvægt er að bregðast hratt við svo hjól atvinnulíffins stöðvist ekki. Ríki og sveitarfélög þurfa að skapa rými til þess með því að gera með sér hagstjórnarsamning um að draga úr framkvæmdum um nokkurra mánaða skeið en vera tilbúin að gefa aftur í ef aðstæður breytast. Með því væri mögulegt að koma til móts við þarfir atvinnulíffins og heimilanna, til að mynda með því að fella niður stimpalgjöld ásamt því að lækka álögur á bensín og olíu tímabundið. Þetta þarf að gera í vel ígrunduðum áföngum sem taka mið af raunastæðum. Samhliða þarf að efla verðlags- og verðmerkingareftirlit, Samkeppniseftirlitið og Fjármálaeftirlitið. Þá er mikilvægt að ríkisvaldið geri samkomulag um lánalínu í erlendri mynt til þess að efla gjaldeyrisforða Seðlabankans og miðla gjaldeyri í gegnum fjármálakerfið til innlendra þarfa.

Trúverðugleiki skiptir öllu

Miklar blikur eru nú á lofti í efnahagsmálum. Við erum nú að sípa seyðið af efnahagslegu ójafnvægi undanfarinna ára, þegar saman fóru miklar stóriðjuframkvæmdir, mikið innflæði ódýrs fjármagns og skattalækkunar. Lækkun skatta í miðri ofpenslu 2006 og 2007 verður óbrotgjarn minnisvarði um þann algæra skort á efnahagslegri sýn, sem einkenndi síðustu ríkisstjórn. Hvað sem annars má segja um Framsóknarflokkinn er hann trúr sinni vitlausu sýn á efnahagsmálin, enda vill hann nú á sama tíma lækka vexti hratt og byggja tvö álver. Þótt við getum ekki glaðst yfir mörgu í efnahagsmálum þessa dagana er þó alla vega fagnaðarefni að Framsókn er ekki í aðstöðu til að hrinda þessari skelfingarstefnu í framkvæmd.

Skuldadagar

Yfirlýsingar Seðlabankans á fimmtudag hafa vakið nokkurn ugg, enda var þar dregin upp mjög dökk mynd af því aðlögunarferli sem framundan er. Auðvitað er mikilvægt allra hluta vegna að heimili og fyrirtæki sýni meira aðhald í útgjöldum á næstunni, en við verðum líka að gæta þess að draga ekki mátt úr fólki. Markaðurinn hafði greinilega búið við tilkynningum um viðbrögð Seðlabankans við lausafjárþurrð á mörkuðum, en þær létu á sér standa.

Efnahagsvandinn sem við glíum við nú á sér margar orsakir. Við höfum keypt meira af erlendri vöru en við höfðum ráð á, vegna þess að gengi krónunnar var óeðlilega hátt. Því tókum við ódýr lán og keyptum erlenda neysluvöru – bíla, feli-hýsi eða hvaðeina. En verðmætasköpunin stóð ekki undir þessum kaupmætti og því er komið að skuldadögum.

Skýr skilaboð

Smæð gjaldmiðilsins er ein höfuðástæða þess hversu illa er nú komið í efnahagslífinu. En gjaldmiðillinn er líka sjálfstætt vandamál þegar kemur að lausn vandans. Eins og bent hefur verið á þarf peningamálastefna landsins að vera trúverðug, ef við eignum ekki að hætta á að missa aftur tók á gengi krónunnar. Í því felst að aðgerðir Seðlabankans og stjórnvalda verða að vera trúverðugar. Markaðurinn verður að trúa því og treysta að Seðlabankinn vinni með stjórnvöldum að lausn vandans. Þróun markaða á föstudag bendir til að þar skorti nokkuð á.

Almenningur í landinu er nú skuldugri en nokkru sinni fyrir. Eftir fasteignalánasprengru undanfarinna ára er fjárhæð verðtryggðra lána heimilanna mun hærri nú sem hlutfall af ráðstöfunartekjum en nokkru sinni fyrir. Við eignum því öll gríðarlega mikið undir því að nú takist að hemja uppsveiflu verðbólgunnar. Þess vegna eru álversáform í Helguvík nú hefndargjöf til alls almennings.

Síðast en ekki síst verðum við að kalla eftir að aðgerðir Seðlabankans og stjórnvalda dugi til að senda skýr skilaboð á markaðinn um aðgerðir sem duga til að endurheimta stjórn á ástandinu.

Kjarabót – fimm þúsund krónur!

UMRÆÐAN

Kjaramál

Áundanförnum vikum og mánuðum höfum við verið að fylgjast með gangi kosningaloforda Samfylkingarinnar. Fagra Ísland er á leiðinni ofan í álvaskinn eins og það var orðað svo snilldarlega í vikunni og stefna flokksins í velferðarmálum virðist ekki fá hljómgrunn í ríkisstjórnarsamstarfinu.

Jóhanna Sigurðardóttir segir í stórrí grein í Morgunblaðinu um sl.



ALMA LÍSA
JÓHANNSDÓTTIR

helgi að öryrkjar og aldraðir séu eitt af forgangsmálum ríkisstjórnarinnar. Það má vel vera að hóparnir séu í forgangi en ekki virðist ríkisstjórnin, þótt hún segist stöðugt öll af vilja gerð, tryggja það að kjör þeirra sem minnst mega sín í samfélaginu verði leiðrétt.

Í nýgerðum kjarsamningum á almennum vinnumarkaði er gert ráð fyrir að lögstlaunada fólkið hækki um 18.000 kr. á mánuði. Framlag ríkisstjórnarinnar til þeirra sem búa við lægst kjör á Íslandi í dag er á

milli 4-5.000 krónur á mánuði. Greiðslur aldraðra einstaklinga sem hafa eingöngu greiðslu frá almannatryggingum hækka úr 130 þúsund krónum í u.þ.b. 138.000 krónur. Það er nú öll kjarabótin sem ríkisstjórnin býður því fólki sem stendur hvað verst.

ASÍ, Öryrkjabandalagið og Landssamband eldri borgara hafa mótmælt þessari ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Meginmarkmið samninga á almennum vinnumarkaði var að bæta kjör þeirra sem eru verst settir. Það er ljóst að áherslur ríkisstjórnarinnar hvað þetta varðar eru aðrar og ganga á skjön við þau meginmarkmið samninganna, en þeir virðast jafnvel vera að falla

Greiðslur aldraðra einstaklinga sem hafa eingöngu greiðslu frá almannatryggingum hækka úr 130 þúsund krónum í u.þ.b. 138.000 krónur. Það er nú öll kjarabótin sem ríkisstjórnin býður því fólki sem stendur hvað verst.

um sjálfa sig vegna stefnuleysis ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Mun hópur öryrkja og aldraðra enn á ný sitja eftir?

Fram kom í máli stjórnarliða í svari við fyrirspurn minni um

þessi mál á Alþingi sl. þriðjudag að þessi hópur hafi fengið 7% hækkun. Þá eru stjórnarliðar að taka með hækkun sem þessum hópi var lofað í kosningabaráttunni og ætti því ekki að teljast til kjarasamningahækkunar nú. Vitað er að lögstlaunada hópurinn á almennum vinnumarkaði, þeir sem fá greitt samkvæmt lægstu töxtum, getur varla framfleytt sér. Hvernig er hægt að ætlast til þess að hægt sé að framfleyta sér á þessari upphæð, greiða húsaleigu, kaupa í matinn og annast börn?

Höfundur er varaþingmaður Vinstri grænna.

Ógn í Darfúr

UMRÆÐAN

Hjálparstarf

Í skýrslu „Human Rights Watch“ frá 7. apríl kemur fram að konur og stúlkur í Darfúr-héraði í Súdan lifa undir stöðugri ógn ofbeldis og nauðgana. Kofi Annan sagði í janúar 2006:



BJARNI GÍSLASON

„Við á Darfúr er fólk áfram haldandi drepð, nauðgað og flæmt frá heimilum sínum í þúsund-

tali.“ Því miður staðfestir skýrsla HRW að þessi orð eru enn í fullu gildi.

Hjálparstarf kirkjunnar styður neyðarverkefni sem Alþjóða neyðarhjálpar kirkna (ACT) stendur fyrir í Darfúr í samstarfi við Caritas (hjálparsamtök kaþólsku kirkjunnar). Verkefnið, sem er unnið í samvinnu við innlend samtök, hófst árið 2004 og ber heitið

Mesta hættan stæðjar að þegar komið er út fyrir flóttamannabúðirnar, en það getur verið nauðsynlegt t.d. til að sækja vatn, sem yfirleitt er hlutverk kvenna.

DERO (Darfur Emergency Response Operation). DERO er eitt umfangsmesta neyðarverkefni sem framkvæmt er í Darfúr, nær til 350.000 einstaklinga. Öryggi og vernd kvenna og stúlkna er eitt af mikilvægustu markmiðum verkefnisins. Mesta hættan stæðjar að þegar komið er út fyrir flóttamannabúðirnar, en það getur verið nauðsynlegt t.d. til að sækja vatn, sem yfirleitt er hlutverk kvenna. Í þeim tilvikum fara öryggisverðir með konunum og stúlkunum. En öryggisástand í héraðinu almennt er alls ekki gott. Búið er að samþykkja að senda 26.000 manna friðargæslulið á vegum Sameinuðu þjóðanna og Afríkubandalagsins, en enn eru aðeins 8.600 friðargæsluliðar til staðar sem ráða ekki við ástandið.

Í flóttamannabúðunum er reynt að hlúa að fólkinu eins og hægt er, skólastarf er í gangi, heilsuþjónusta veitt og reynt að tryggja aðgang að hreinu vatni. Þrátt fyrir erfitt ástand kemst hjálpin til skila og lífið verður aðeins bærilegra fyrir þá sem njóta aðstoðar. Þeir sem styrkja vilja neyðaradstoð í Darfúr geta greitt heimsenda giróseðla, lagt inn á reikninginn 1150-26-886 kt. 450670-0499 eða hringt í söfnunarsímann 907 2002 (kr. 1.100).

Höfundur er fræðslu- og upplýsingafulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar.

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Skilningur er alltaf margþættur.

Júlíus Arnarson

Nemi í HHS (heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði) í félagsvísindadeild



WWW.BIFRÖST.IS

ÓBREYTT
SKÓLAGJÖLD
ÞRIÐJA ÁRIÐ
Í RÖÐ

Heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði

BA-NÁM

Hér á landi býðst námsleiðin heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði til BA prófs einungis við Háskólann á Bifröst. Þótt fræðigreinarnar séu þrjár er áhersla lögð á samhengi þeirra og sameiginlega þætti. Nemendur þjálfast í aðferðum félags- og hagsvísinda, svo sem tölfræði og upplýsingatekni, en tileinka sér jafnframt gagnrýna hugsun og læra að greina þátt heimspeki í ýmsum hugmyndakerfum. Þá geta nemendur valið eftir áhugasviði milli námskeiða í stærðfræði, rökfræði eða tölfræði. Námsleiðin HHS er kennd við alla helstu háskóla Vesturlanda undir heitinu PPE (Philosophy, Politics and Economics).

Af þeim sem sækja um fyrir 1. maí eiga 5 bestu umsækjendur í hverri námsleið kost á veglegum námsstyrkjum í formi 50% afsláttar af skólagjöldum fyrstu annar. Allar nánari upplýsingar á bifrost.is.

FRUMGREINAEILD

- Staðnám
- Fjarnám

VIÐSKIPTAEILD

- BS í viðskiptafræði
- BS in Business Administration
- MS í alþjóðlegri banka- og fjármálastarfsemi
- MS í alþjóðaviðskiptum
- MS í stjórnun heilbrigðisþjónustu

LAGAEILD

- BS í viðskiptalögfræði
- ML í lögfræði
- MA í skattarétti

FÉLAGSVÍSINDAEILD

- BA í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS)
- MA í menningarstjórnun
- MA í Evrópufræðum



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

GARY KASPAROV SKÁKMEISTARI
ER 45 ÁRA Í DAG.

„Skák er andleg pynting. Ég á erfitt með að ímynda mér lífið án skákíþróttarinnar.“

Gary Kasparov er rússneskur, fyrrverandi heimsmeistari í skák, rithöfundur og pólitískur aðgerðasinni.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 13. APRÍL 1972

Listin mín er innifalinn í mótífinu

Jóhannes S. Kjarval var einn ástsælasti myndlistarmaðurur þjóðarinnar en hann fæddist árið 1885 í Efríey í Skaftafellssýslu. Áhugi hans á myndlist gerði snemma vart við sig og þegar hann flutti til Reykjavíkur sautján ára unglingur teiknaði hann hvenær sem færi gafst. Hann vann fyrir sér með sjómennsku og árið 1911 sigldi hann til London til að reyna inngöngu í listaskóla. Hann fékk ekki inngöngu en ári síðar komst hann inn í Konunglega listháskólann í Kaupmannahöfn. Hann flutti aftur heim 1922 með



konu sinni Tove og börnum en þau skildu og Tove flutti með börnin aftur til Kaupmannahafnar. Kjarval tók hlutverk sitt sem listamaður á Íslandi alvarlega og dvaldi löngum stundum úti í náttúrunni einn og málaði. Hann málaði oft margar myndir af sama landslaginu en hann sagði að listin væri innifalinn í mótífinu. Hann gæti málað sama mótífið aftur og aftur því það liti aldrei eins út í mismunandi veðrum. Margir segja að Kjarval hafi kennt þjóðinni að meta fegurðina í mosanum og hraungrjótnu.

MERKISATBURÐIR

- 1203 Guðmundur Arason hinn góði er vígður Hólabiskup.
- 1412 Yfir tuttugu ensk skip farast í illviðri hér við Íslandsstrendur.
- 1565 Danakonungur staðfestir Stóradóm, löggjöf um siðferðisbrot.
- 1741 Hollendingar mótmæla lélegu brauði.
- 1844 Jón Sigurðsson er kosinn á þing á sínum fyrsta kjörfundi með 50 af 52 atkvæðum.
- 1983 Harold Washington er kosinn fyrsti þeldökki borgarstjóri Chicago-borgar.
- 1979 Lengstu tvíliðakeppni í borðtennis lýkur eftir hundrað og eina klukkustund.



Við sendum öllum þeim innilegar þakkir sem sýndu okkur hlýð og samúð við andlát og útför elskulegrar móður okkar, ömmu og langömmu,

Guðrúnar Lilju
Haldórsdóttur

Íþróttakennara, Barðaströnd 10, Seltjarnarnesi,

sem lést þann 17. mars sl.

Örn Ármann Sigurðsson
Haldór Ármann Sigurðsson
Anna Sigurbjörg Sigurðardóttir
Magnús Ármann Sigurðsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður S. R. Markússon
vöruflutningabilstjóri, Ægisvöllum 10, Keflavík,

lést á heimili sínu 11. apríl. Jarðarförin auglýst síðar.

Elín Óla Einarsdóttir
Kristín R. Sigurðardóttir
Þórunn Sigurðardóttir
Katrín Sigurðardóttir
barnabörn og barnabarnabarn.



Þökkum auðsýnda samúð og hlýð við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, föstur föður, tengdafaðir og afi,

Nicolai Gissurar

Bjarnasonar

Stekkjargötu 53, Innri Njarðvík.

Svanhildur Einarsdóttir
Ingvar Gissurarson
Anton Gylfason
Ingvar Gylfason
og barnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Pálína Guðmundsdóttir

Birkimel 10, Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Neskirkju mánudaginn 14. apríl kl. 15.00.

Kristín Björk Friðbertsdóttir
Friðbert Friðbertsson
Njáll Trausti Friðbertsson
Jóhann Grímur Friðbertsson
og ömmubörn.



Soffía Huld
Friðbjarnardóttir
Guðrún Gyða Hauksdóttir
Kristine Feldthus



ÞJÓÐLEGT HANDVERK Dórothea Jónsdóttir býður ferðamönnum upp á íslenskt handverk og stendur fyrir uppákomum á Oddeyrinni á Akureyri.

MYND/ÖRLYGGUR

ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐIN MARÍNA: OPNUÐ Á AKUREYRI Á GAMLA ODDVITANUM

Líflegur staður með handverk

Marína er ný þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn skemmtiferðaskipa á Akureyri. Þar var áður gamalt verkstæði sem síðan var gert upp og hýsti skemmtistaðinn Oddvitann um árabil.

Nú mun Dórothea Jónsdóttir nýta húsið undir fjölbreytta starfsemi en hún hefur undanfarna mánuði staðið í undirbúningi. „Húsnæðið mun meðal annars hýsa þjónustu fyrir erlenda ferðamenn þar sem handverk og minjagripir verða í hávegum hafðir,“ segir Dórothea, sem er vel kunnug íslensku handverki sem framkvæmdastjóri handverkssýningarinnar á Hrafnagili síðastliðin tvö ár. „Húsið er vel staðsett niðri við höfn þar sem skemmtiferðaskipin stoppa og við ætlum að leggja áherslu á að kynna þjóðlegt handverk fyrir ferðamönnum,“ segir Dórothea, en í húsinu verður einnig aðstaða fyrir handverksfólk til að sýna vinnu sína. Einnig munu

ferðamenn geta nálgast upplýsingar um dagskrá í bænum og hvað hægt er að gera í nágrenninu, auk þess sem þjóðlegar veitingar eins og rúgbrauð og flatbrauð með hangikjöti verða á boðstólum. „Við ætlum að spila þetta eftir eyranu en sjáum fyrir okkur að ferðamenn fái nasasjón af íslenski matarhefð. Síðan ætlum við jafnvel að bjóða upp á íslenska kjötsúpu líka.“

Það er auðhætt á Dórotheu að henni er annst um íslenska menningu og handverk og vill að því sé komið vel á framfæri. „Ég veit hvar maður finnur fallega minjagrip og ég vil skapa vettvang fyrir handverksfólk til að selja vörur sínar. Sjálf hef ég sótt fjölda handverksnámskeiða og er búin að koma mér í samband við aðila víða. Ég vil sýna útlendingum hvað við eigum stórmerkilega hluti í handverkinu.“ Í dag er fyrsti markaðsdagur sumarsins og markmiðið er að hafa slíka

daga aðra hverja helgi í sumar. „Til að byrja með verður þetta opið þannig að fólk geti komið með notað og nýtt. Fólk sem er að flytja búferlum og þarf að losna við eldhússtólana getur selt þá hér og svo aðrir sem flytja inn til dæmis skartgrip og snyrtivörur svo hér verður allt mögulegt í bland.“

Dórothea segir að markmiðið sé að skapa líflegan fjölnota stað sem geti nýst sem flestum. Dagskráin er rétt að fara í gang en á döfinni eru ýmsar spennandi uppákomur. „Margir vilja endurvekja gömlu KEA-stemminguna eða dansiböllin sem lauk klukkann tvö. Næstu helgi ætla ég að prófa það með sýningunni Gráur hárin heilla og hér verður leikin tónlist í anda sjöunda áratugarins. Gestur Einar útvarpsmaður verður kynnrir og Helena Eyjólfsson verður meðal söngvara. Svo hingað getur fólk komið og rifjað upp Bítlaárin.“

heida@frettabladid.is



Við þökkum innilega öllum þeim, er sýndu okkur vinarþug og samúð vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Hrefnu Magnúsdóttur

frá Litladal,

sem jarðsöngin var frá Munkaþveráskirkju, laugar- daginn 5. apríl sl.

Snæbjörg Bjartmarsdóttir
Kristján Bjartmarsson
Jónína Bjartmarsdóttir
Benjamín Bjartmarsson
Fanney Bjartmarsdóttir
Hrefna Bjartmarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Ólafur Ragnarsson
Halldóra Guðmundsdóttir

Ólöf Steingrimsdóttir
Bert Sjögren
Aðalsteinn Jónsson



Þökkum auðsýnda samúð og vinarþug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaðir, afi, sonar og bróður,

Jóhannesar Sævars

Jóhannessonar

frá Vestmannaeyjum, Sudurtúni 19, Álftanesi.

Sérstakar þakkir fá Gréta Konrádsdóttir djákni, Sverrir Björn Björnsson, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og IOOF-Ingólfur.

Ágústa G. M. Ágústsdóttir
Svava Jóhannesdóttir
Alda Lára Jóhannesdóttir
Jóhanna María, Þórunn Ágústa, Ella og Anna Lillý
Þórunn Alda Björnsdóttir og systkini hins látna.



**Komdu
norður!**



Menning



Afslöppun



Listir



Útivist

Helgarævintýri á Akureyri

Akureyri býður upp á fjölbreytta möguleika fyrir þá sem vilja njóta ævintýralegrar skemmtunar í einstöku umhverfi. Jarðböðin við Mývatn og fleira stórskemmtilegt er að finna steinsnar frá.

Nokkrar staðreyndir um ferðamannabæinn Akureyri:

- Leikhús, listasafn og fjöldi annarra skemmtilegra safna og gallería, tónleikar, viðburðir.
- Skíðaparadís, 2 sundlaugar, 3 líkamsræktastöðvar, 5 heilsulindir, skautahöll, nyrsti 18 holu golfvöllur í heimi, lystigarður, keilusalur með 8 brautum, gönguleiðir og skipulagðar gönguferðir, siglingar, reiðtúrar, óvissuferðir, Hrísey og að sjálfsgöðu Kjarnaskógur.
- 5 hótél, 12 gistiheimili, 200 orlofsíbúðir, 2 tjaldsvæði og aðrir gistimöguleikar allt um kring.
- 16 veitingastaðir, Matur úr héraði, 12 skyndibitastaðir og sjoppur, 8 kaffihús, 2 kvikmyndahús, 6 skemmtistaðir.
- Auðvelt að komast um: Frítt í strætó og frí bílastæði.
- Gott úrval ólíkra verslana.

Nánari upplýsingar á visitakureyri.is og nordurland.is

Stórsýning!

EHYMER

ADRIA

Flottustu



SÝNINGARTILBOÐ LÚXUS-PAKKI

fylgir með í kaupum á hjólhýsi

Breiddarspeglar
Coleman-gasgrill
Sólarsella 110-140 W
2 lúxus-stólar
Stíllanlegt álborð
Eldsneytiskort Olís
Heildarverðmæti 305.000

Hýmer og Adria -hjólhýsi í hæsta gæðaflokki

Öll hönnun innan dyra tekur mið af heimilislegu og notalegu umhverfi enda er hér að finna flest þau þægindi sem finna má í góðri íbúð: vel útbúið eldhús og snyrtiherbergi, rúmgóðar hirslur, skápa og fjöldann allan af góðum hugmyndum í skemmtilegum útfærslum.



NÝTT!

HJÓLHÝSAFJARSTÝRING

Sparaðu kraftana og notaðu Powrwheel-fjarstýringu til að stýra hjólhýsinu nákvæmlega á sinn stað eða þar sem þú vilt koma því fyrir hverju sinni.

FLEETWOOD

MONTANA

ALLT AÐ
90%
FJÁRMÖGNUN
Í BOÐI


græjurnar

TBWA|REYKJAVÍK | Síða | 9060454



Fleetwood-fellihýsi

Nýstárleg hugsun, frábær tæknikunnátta, vönduð viðskiptamannaþjónusta og skilvirkt sölukerfi hafa skapað Fleetwood yfirburðastöðu meðal framleiðenda fellihýsa, enda spannar saga fyrirtækisins rúm 40 ár.



Montana-tjaldvagnar

Montana-tjaldvagnarnir lagaðir að íslenskum aðstæðum. Svo geturðu reist þá upp á rönd í bílskúrnum eða á bílastæðinu á milli ferða.

SÝNINGARTILBOÐ LÚXUS-PAKKI

fylgir með í kaupum á fellihýsi

Þakskyggni
Coleman-gasgrill
Farangurspoki
Spegilhilla
Grjótgrind
Eldsneytiskort Olís
Heildarverðmæti 210.000

SÝNINGARTILBOÐ LÚXUS-PAKKI

fylgir með í kaupum á tjaldvagni

Campingaz-ferðaeldhús
Borð
4 Coleman-stólar
Matarstell
Hnífapör
Uppvottagrind
Ketill
Primus-pottasett
Eldsneytiskort Olís
Heildarverðmæti 145.650

Opið Mán.–fös. 10–18
Laugard. 10–17
Sunnud. 13–17



Ellingsen

– fullt hús ævintýra

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is

Völdin hafa færst til auðmanna

Efnahags- og félagslegum ávinningi 20. aldarinnar er ógnað, að mati **Ögmundar Jónassonar**. Auðmenn deili og drottni á eigin forsendum en ekki samfélagsins og ásælist sífellt fleiri svið til að athafna sig á. Í samtali við **Björn Þór Sigbjörnsson** kveðst Ögmundur vilja hækka við þá skattana og fela samfélaginu sjálfu að styðja þurfandi.

Þeirri víðtæku sátt sem skapaðist um miðbik síðustu aldar um mikilvægi samtakamáttar og almennrar velferðar stendur ógn af gömlum og nýjum sérhyggjulausnum. Þetta er mat Ögmundar Jónassonar, formanns BSRB og þingmanns Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, sem óttast að íslenska samfélagsgerðin skaðist af auknum völdum auðmanna.

Hið opinbera hefur veitt fólki frelsi til að athafna sig á sífellt fleiri sviðum samfélagsins. Ögmundur telur viðsjárvert að halda áfram á þeirri braut, einkum í heilbrigðisþjónustu.

„Í mínum huga er ekki verið að stíga framfaraspör heldur hvefa aftur til liðins tíma. Og mér finnst sorglegt að við séum að afsala okkur ávinningi 20. aldarinnar,“ segir Ögmundur.

Uppspera frjálshyggjunnar

Við spjöllum saman á skrifstofu hans í Vonarstræti 12 þar sem skjöl og skýrslur fylla marga hillumetra. Ögmundur þarf þó hvorki að fletta upp í þeim né sjálfum sér þegar hann talar um hver skuli hafa forræðið í samfélaginu. Hann kann þetta utanbókar.

„Á 20. öldinni uppgötvaðist mikilvægi samtakamáttarins og hve miklu má fá áorkað með samstilltu átaki og samvinnu. Við hefðum aldrei náð þeim árangri sem náðist á sviði vísinda og mennta eða við uppbyggingu velferðarsamfélagsins ef það hefði ekki verið gert með þessum hætti. Um þennan grunn myndaðist merkileg víðtæk sátt og það var ekki fyrr en undir aldarlokinn, undir verkstjórn Thatchers og Reagans og vaxandi hirðar þeirra, sem þetta breyttist. Nú uppspera þeir sem sáðu sínum pólitísku frægjum þá. Við sjáum það í aukinni einkavæðingu og í gömlu sérhyggjulausnum.“

Sjúklingar orðnir viðskiptavinir

Ögmundi sviður að horfa upp á stjórnvöld leyfa einkaaðilum að veita þjónustu á sífellt fleiri sviðum heilsugæslu og lækninga og berst hatrammi baráttu gegn því í þinginu. „Um allan langt skeið hafa fjármálamenn verið þess vel meðvitaðir að



ÖGMUNDUR JÓNASSON, FORMAÐUR BSRB OG ÞINGMAÐUR VG Þótt farrýmaskipting Ícelandair pirri hann situr hann iðulega á fyrsta farrými því þannig eru miðar alþingismanna oft í vinnuferðum. Hann segir þá sem þar sitja eiga það sammerkt að borga ekki sjálfir fyrir miðana sína. Á fyrsta farrými er kampavinið ókeypis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

”

Völdin hafa verið færð til auðmanna og þeir reyna að kaupa sér velvild með aflausnarbréfum.

þjónustuna út á markaðstorgið.“ Í takt við þetta sé nú talað um sjúklinga sem viðskiptavinir og innan einkarekinnar heilbrigðisþjónustu er farið að tala um vörðurval.

Að mati Ögmundar sýnir reynslan að lausnir markaðarins eru ekki alltaf hagfelldar neytendum. Hann segir til dæmis banka og olíufélag ekki

innan heilbrigðisgeirans eru miklir peningar. Þeir vilja ná í þessa peninga og þeir hafa notið fulltingis pólitískra handlangara við að undirbúa jarðveg markaðsvæðingar. Mennt hefur greint á um notkun hugtaka og umræðunni er stundum drepð á dreif með útúr-snúningi um hvaða orð eigi að nota en mér finnst mjög mikilvægt að þjóðin átti sig á því að markvisst eru stigin skref til að færa heilbrigðis-

keppa á grundvelli lægri vaxta og lægra bensínverðs.

„Það er keppt um hver sé duglegastur við að gróðursetja tré og hver gefur mest til bækladra. Þessi fyrir-tæki eru horfin frá því ætlunarverki sem þau sögðust ætla að sinna; að veita vöru og þjónustu á góðu verði.“

Launafólk forsenda útrásar

Það er kunnara en frá þurfi að segja að á síðustu árum hafa nokkrir Íslendingar efnast gríðarlega. Til hefur orðið stétt auðmanna, Ögmundi til lítillar gleði. „Ég vil jöfnuð í samfélaginu og þess vegna er mér illa við misskiptingu fjár og misrétti,“ segir hann.

En er honum illa við að menn hagnist af rekstri sínum? „Margir hafa hagnast geysilega á undanfórnum árum en það hefur ekki gerst af sjálfu sér. Lífeyrissjóðirnir, sem launafólk greiðir í, hafa gegnt lykilhutverki í útrásarverkefnum undan-genginna ára. Áður runnu peningarnir til uppbyggingar á íslensku velferðarsamfélagi en nú er búið að færa þessa fjármuni yfir í allt annan farveg, yfir í heim fjármagnsins.“ Hinir ríku hafi því hagnast fyrir til-stuðlan lífeyrissparnaðar íslensks almennings. Fólki mislíki þegar þessir peningar séu notaðir til þess að reisa hallir og kaupa einkapötur.

Nýverið lét Ögmundur svo um mælt að auðmenn hefðu sagt sig úr lögum við samfélagið. Hann segist eiga við að margir, með sínu framferði, brúðli og bílfi, séu komnir á annan bát en hinir. Þeir lifi öðru lífi og axli ekki félagslega ábyrgð með ráðstöfun fjármuna. Þannig hafi þeir sagt sig úr lögum við okkur hin.

Björgólfur eins og Móðir Theresa

Ögmundur gefur lítið fyrir rausnarlegar gjafir sem sumir auðmannanna hafa látið af hendi rakna til samfélagslegra verkefna og setur við þær spurningarmerki. „Þetta er svona Rockefeller-stíll. Nálgun amerísku milljarðamæringanna. Það er dásam- að þegar auðmennirnir gefa fátækum, sjúkum, hrjádum og listamönnum. Jafnvel Þjóðminjasafnið er orðið háð svona framlögum. Björgólfur er að verða einhvers konar Móðir Teresa, hann læknar og líknar en hvaðan eru peningarnir fengnir? Þeir koma frá samfélaginu og pólitíska spurn-

ingin sem við stöndum frammi fyrir er hvort við viljum að auðæfi samfélagsins séu til ráðstöfunar af hálfu þessara aðila í staðinn fyrir að vera undir lýðræðislegri stjórn. Völdin hafa verið færð til auðmanna og þeir reyna að kaupa sér velvild með aflausnarbréfum.“

Ögmundur velkist ekki í vafa um að hann vilji hækka skatta á fyrirtæki, hækka fjármagnstekjuskatt og koma á hátekjuskatti á ný. „Ég vil snúa aftur til jöfnuðar og gera um leið hroka, brúðl og misskiptingu útlæg.“

Andvígur farrýmaskiptingu Ícelandair Ögmundur hefur gagnrýnt margfræga Búkaestförsætis- og utanríkisráðherra á leiguflygvél. Hann segir þá gagnrýni byggjast á sömu forsendum og gagnrýnina á flott-ræfílshátt auðmannanna. „Þetta er táknrænt um hvert menn vilja halda. Þjóðinni er ögrað,“ segir hann.

En það þarf ekki leiguflygvél til svo Ögmundur gagnrýni ferðavenju- ur. Hann er á móti farrýmaskiptingu Ícelandair í venjulegu áætlanarflugi. „Sú aðgreining sem gerð er í íslenskum farþegaflugvélum pirrar mig. Og hvað er sammerkt með öllum þeim sem sitja á fyrsta farrými? Enginn borgar fyrir sig sjálfur. Ekki nokkur maður. Allir eru á framfæri annarra, annað hvort fyrirtækja eða hins opinbera, og fá heit handklæði til að þvo sér með og ókeypis kampavín að drekka.“ Ögmundur veit allt um þjónustuna því í vinnuferðum fljúga alþingismenn oft á fyrsta farrými. „Ég sit iðulega þarna, einfaldlega vegna þess að ég á ekki annarra kosta vól ef miðinn er þannig,“ segir hann.

”

Björgólfur er að verða einhvers konar Móðir Theresa, hann læknar og líknar en hvaðan eru peningarnir fengnir?

Ég er frjálslýndur, sósíalískur anarkisti

Pólitísk skilgreining Ögmundar á sjálfum sér.

Þeir straumar sem búa til þann pólitíska kokkteil sem heitir Ögmundur Jónasson eru í fyrsta lagi frjálslýndisstefna af því tagi sem John Stuart Mill boðaði, í öðru lagi sósíalismi og í þriðja lagi anarkismi.

Ég hef alltaf verið hrifinn af skilgreiningu Johns Stuarts Mills sem sagði að einstaklingurinn eigi að vera frjálslýndur að því marki sem ekki skaðar annað fólk.

Oscar Wilde sagði að sósíalísminn væri einstaklingshyggja fyrir alla. Ég vil virkja kraft einstaklinga en um leið nýta kosti samstöðu og samvinnu. Hugsun í anda anarkísmans er síðan bráðnaðsýnleg því að hún hamlar gegn ofríki og ofstjórn. Það fólk sem vill ráðskast með aðra hefur alla tíð þvælst fyrir mér.



Matur

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT]

Apríl 2008

Nanna Rögnvaldardóttir skrifar

Skyr – sætt, súrt
og kryddað

Petrína Rós Karlsdóttir

Íslensk súpa með
suðrænu ívafi

Matreiðslumeistarar elda
úr fersku hráefni

Sjávarréttaveisla
á heimsvísu

Íslenskt

Þjóðlegur matur fyrir Íslendinga

Samtímaleg sýn á ástsælustu rétti þjóðarinnar

SILKIMJÚKIR SKYREFTIRRÉTTIR LUMMUR MEÐ BANANASKÍFUM
FRÓÐLEIKUR UM FJALLAGRÖS SVALANDI MYSUDRYKKIR

ÍSLENSKT, JÁ TAKK!

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir skrifar

Bráðum kemur betri tíð. Með blóm í haga. Kartöflum í gördum. Jarðarberjum í beðum. Silungi í vötnum. Kátum kúm á tünnum. Og sprækum lömbum í haga.

Blómatími íslenska náttúrueldhússins, með ferskum keim af öllu sem þaðan kemur og sýnir hina hliðina á matarteningi lýðveldisins, þegar súrmatur og sviðakjamar lúta í lægra haldi í matreiðslubókum húsfreyja.

Íslenskur matur geymir bragð af frelsi. Barnslegri gleði. Og líka ósvikinni hamingju.

Fátt er fegurra en íslenskt sumarsalat á blómlegum dúk undir berum himni eða silkimjúkur skyrtoppur skreyttur nýfundum jarðarberjum í rjómalituðu baði, og víst að lofandi angan af íslensku lambakjöti og nýpptecknu grænmeti á grillhlóðum sumarkvöldu stent enginn.

Sumardagurinn fyrsti er handan við hornið og fram undan órstutt, skærþjart og unaðslegt sumar á ísaköldu landi. Höfum hugfast að lífið er stutt og njótum hverrar stundar. Sumarið sem koma skal fáum við aldrei aftur upplifað, frekar en sumrin þar á undan.

Íslendingar njóta þess að naumt skammtaðir sumardagar eru lengri hér en víðast hvar í veröldinni, þótt stundum vori seint og hausti snemma. Lífum því hvern dag af spenningsi yfir því að vera til og leyfum okkur að verða ástfangin og eirðarlaus af girnd í íslensk hlaðborð og óvænt tilefni sumarsins, eins og árstíðin beinlínis kallar á. Hver einasti sumardagur er ævintýr og alltaf tilefni til að gleðjast og gera sér gláðan dag með ástvinum, sem og sjálfum sér.

Gerum sumarmánuðina fram undan frjósama í matseldinni. Verum þjóðleg í júní og köllum vini saman yfir brauðsúpu, sykrudum lummum og flatkókum með hangikjöti.

Notum alþjóðlega gaffla í matargerð sólmánaðar þegar við gæðum okkur á spriklandi fiski úr íslenskum sjó og setjum punkt yfir i-ið með heimsborgaralegum útfærslum skyr í ábæti.

Njótum svo uppskeru úr íslenskri foldu í ágúst, með litríkum berjum, bragðmiklu grænmeti og dýrindis kjöti af fjöllum.

Hugmyndirnar eru óþrjótandi, enda matarkistan ríkuleg og stoltvekjandi fyrir heimili og gestgjafa vorrar þjóðar. Borðum sem oftast íslenskan mat í vor og sumar. Það toppar ekkert eigin heimanmund þar.

SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:

A Aðalréttur	H Hvunn dags	H Hvunn dags og til hátíðabrigða
E Eftirréttur	T Til hátíðabrigða	F Fiskur

matur kemur út mánaðarlega með sunnudagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Emilía Örylgsdóttir, emilia@frettabladid.is og Roald Eyvindsson, roald@frettabladid.is.


Hönnun: Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Anton Brink **Pennar:** Gunnþóra Gunnarsdóttir, Klara Kristín Arndal, Mikael Marínó Rivera, Ragnheiður Tryggvadóttir, Rut Hermannsdóttir, Vera Einarisdóttir, Þórdís Lilja Gunnarsdóttir. **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Stefán P. Jones spj@frettabladid.is



MATREIÐSLUBÓKIN

Hollt í litla gogga

Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða? er leiðarvísir ætlaður foreldrum sem eru að byrja að gefa börnum sínum fasta fæðu. Í bókinni er að finna ýmsar ráðleggingar og svör við mörgum þeim spurningum sem vakna hjá foreldrum þegar kemur að þessum áfanga á vaxtar-skeiði barnsins. Hún inniheldur meðal annars ítarlegan lista yfir hvernær börn mega byrja að borða vissar fæðutegundir, leiðbeiningar í meðhöndlun ávaxta og grænmetis ásamt fjölda mynda. Uppskriftir bókarinnar eru margvíslegar, þar er að finna margar einfaldar og góðar uppskriftir að barnamat, hollum mat fyrir alla fjölskylduna og fyrir matvönd kríli. Höfundur bókarinnar, Ebba Guðný Guðmundsdóttir, er kennari að mennt. Hún eignaðist sitt fyrsta barn fyrir um fimm árum og bókinn er afrakstur þeirra upplýsinga og uppskrifta sem hún safnaði um mat og heilsu barna á þeim tíma.



Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða? er leiðarvísir ætlaður foreldrum sem eru að byrja að gefa börnum sínum fasta fæðu. Í bókinni er að finna ýmsar ráðleggingar og svör við mörgum þeim spurningum sem vakna hjá foreldrum þegar kemur að þessum áfanga á vaxtar-skeiði barnsins. Hún inniheldur meðal annars ítarlegan lista yfir hvernær börn mega byrja að borða vissar fæðutegundir, leiðbeiningar í meðhöndlun ávaxta og grænmetis ásamt fjölda mynda. Uppskriftir bókarinnar eru margvíslegar, þar er að finna margar einfaldar og góðar uppskriftir að barnamat, hollum mat fyrir alla fjölskylduna og fyrir matvönd kríli. Höfundur bókarinnar, Ebba Guðný Guðmundsdóttir, er kennari að mennt. Hún eignaðist sitt fyrsta barn fyrir um fimm árum og bókinn er afrakstur þeirra upplýsinga og uppskrifta sem hún safnaði um mat og heilsu barna á þeim tíma.



Sulta er góð ofan á lummur.



Lummur með banönum eru vinsælar hjá barnabörnum Jens.



Jens Pétur Clausen lumar á skemmtilegri lummuppskrift.

Lokkandi ilmur ÚR ELDHÚSINU

Jens Pétur Clausen bifvélavirki er sérfræðingur í lummugerð.



Nammi nammi! Þegar við vorum krakkar voru lummur mikið bakaðar og nýtnin mikil. Ef afgangur varð á mat var hann nýttur,“ rifjar Jens Pétur Clausen upp, en hann er mikill áhugamaður um lummur. „Hrisgrjónagrautur var aðaluppistaðan í lummum í gamla daga. Þá var algengt að setja rúsínur út í deigið áður en það var bakað og mikið notað af smjörlíki, sem var brætt á pönnu og bætt út í. Mikill sykur var svo notaður ásamt vanillu og/eða kardimommudropum. Því fleiri sem eggin urðu, því betri urðu lummurnar, sem voru bakaðar löðrandi í smjöri og stráskyri stráð yfir, oft milli laga. Einnig þótti gott að nota sultu ofan á lummurnar. Rabarbarasulta var yfirleitt til heima.“ Áhuginn fyrir lummum virðist

ekki hafa dvínað með árunum þar sem Jens skellir í lummur eftir þörfum, bæði fyrir barnabörn og gesti sem kom með stuttum fyrirvara. Mest hefur hann bakað úr þremur lítrum af deigi, en náði þó ekki sjálfur að gæða sér nema á einni lummum, svo góðar þóttu þær.

Jens viðurkennir að hafa gert nokkrar breytingar á deiginu í takt við tíðarandann. Meðal annars skipt út smjörlíki, sem þykir ekki lengur eins hollt og áður, fyrir matarolíu og notað súrmjólk. Svo hefur hann gert ýmsar tilraunir með deigið; skorið niður banana og þrýst skifunum í lummurnar, meðan þær bakast öðrum megin, og bakað bananann með þegar þeim var snúið við. Hann bendir á að eins sé gott að stífbeyta eggjahvítur og blanda þeim varlega við deigið vilji maður léttari lummur.

LUMMUR

- 5 dl hveiti
- 4 msk. sykur
- 4 tsk. lyftiduft
- 1 tsk. salt
- 6 msk. bragðlítill olía/smjörlíki
- 5 dl súrmjólk/mjólk (gott að blanda til helminga)
- 2-3 egg



Blandið þurrefnunum saman í skál. Gott að þeyta það sem fljótandi er. Blandið svo því þurra og blautu saman þar til það hefur jafnast vel. Hitið pönnukökupönnuna vel og bakið lummurnar, fyrst á annarri hliðinni þar til þær eru orðnar þurrar í gegn og svo í skamman tíma á hinn hliðinni. Rjóðið örllitli olíu á pönnuna ef lummurnar festast við. Hægt er að baka banana með eins og lýst hefur verið.

VERSLUN SÆLKERANS

Sælkeraverslun Friðriks

Sælkeraverslun Friðriks V er til húsa í kjallara veitingastaðarinn Friðriks V að Kaupvangsstræti 6 á Akureyri. Verslunin er líkt og veitingastaðurinn rekin af hjónunum Friðriki Val Karlssyni og Arnrunu Magnúsdóttur.

Í sælkeraversluninni er boðið upp á úrvalshráefni til sælkeragerðar frá framleiðendum í héraði. Þar er veglegt fisk- og kjötbörð en auk þess ostaborð, sultur og súkkulaði frá Hafliða Ragnarsyni.

Hægt er að panta smærri veislur eins og til dæmis smárétti til að taka með sér og eru fagmenn reiðubúnir að veita viðskiptavinum ráðleggingar við veisluhöld og matargerð.

Einnig er boðið upp á innfluttar gæðavörur eins og olíur, ólífur og fleira sem tilvalið er að setja í gjafakörfur sem fást í versluninni.

Í tengslum við sælkeraverslunina er rekinn hádegisverðarstaður þar sem hægt er að fá súpu og rétt dagsins alla virka daga. Á föstudögum er nýtt sushi til sölu og á laugardögum er boðið upp á mjólkurgraut á milli klukkan 13 og 14.





ALNO® INNRETTINGAR

ELDHÚS • TÆKI • BAD • FATASKÁPAR

Grensásvegi 8 • 108 Reykjavík
s. 553 6400 • f. 553 6403 • alno@alno.is • <http://www.alno.is>



LEYNI VOPNIÐ



Það stoppar ekkert gömlu hrærivélina hennar Halldóru, sem hefur verið í fullri notkun í fimmtíu og tvö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Aldrei bilað í 52 ár

Halldóra Guðmundsdóttir á leynivopn í eldhúsinu sínu sem hefur fylgt henni í fimmtíu og tvö ár. Leynivopnið er Kitchen Aid-hrærivél sem hún fékk í gjöf frá starfsfélögum sínum.

„Ég gæti hreinlega ekki verið án þessarar vélar. Hún var stórkostleg á sínum tíma og er enn þann dag í dag. Mér þykir afskaplega vænt um hana og hún fer aldrei inn í skáp. Ástæðan er ekki sú að hún sé svo fögur heldur nota ég hana svo mikið að það tekur því varla að setja hana inn í skáp,“ segir Halldóra.

Hrærivélin hefur aldrei bilað og segir það nú mikið um gæðin í Kitchen Aid-vélunum að mati Halldóru. „Þessi elska hefur aldrei brugðist mér en það fylgdi glerskál með og hún brotnaði og þá fékk ég mér bara stálskál sem hefur dugað vel alla daga síðan,“ útskýrir hún. Margar kökurnar hafa verið bakaðar á þessum fimmtíu og tveimur árum en Halldóra notar vélin ekki aðeins í bakstur því vélinni fylgdu hlutir sem geta hakkað fisk og kjöt og skorið grænmeti.

„Vélin er ekki aðeins fyrir bakstur, í henni get ég gert svo margt sem ég nýti mér óspart enda mun auðveldara að henda til dæmis grænmeti í vélinu í stað þess að handskera það. Margir nota vélnar sínar aðeins í bakstur en þær geta svo miklu meira en það. Svo er endingargildið á þessum Kitchen Aid-vélum ótrúlegt. Ef öll rafmagnstæki myndu nú endast svona væru trúlega margir framleiðendur farnir á hausinn sem og raftækjabúðir. Það sést vel á minni vél að hún er komin til ára sinna en hún er ekki á því að gefa upp öndina.“

Ég veit alla vega eitt, að hrærivélin mín er og verður alltaf mitt leynivopn í eldhúsinu,“ segir Halldóra glöð í bragði.

LITLA LÍFRÍKIÐ



AeroGarden® er stórsnjöll uppfinning sem gerir þér kleift að rækta kryddjurtir, grænmeti og annan exótískan mat allan ársins hring.

Tækið veitir plöntunum alla þá birtu og yl sem þær þurfa og lætur vita þegar næringar eða vatns er þörf.

AeroGarden er frábær búbot fyrir alla matgæðinga, sér í lagi þá sem eru hrifnir af ferskum kryddjurtum og búa á norðurljara veraldar.

Allar nánari upplýsingar eru á www.aerogarden.is

AeroGarden
Kitchen Garden Appliance

Dreifing: Lifa ehf - sími 511-0909

1



Fjallagrös

2



1. Fjallagrös eru þrátt fyrir nafnið fléttur en ekki grös, en fléttur eru sambýli svepps og þörungs.
2. Oft var mikið haft fyrir því að ná í fjallagrös hér áður fyrr.
3. Fjallagrös eru næringarrík og meðal annars auðug af trefjum og steinefnum. Þau eru einnig talin hafa styrkjandi áhrif á ónæmiskerfið.

3



HRÁEFNIÐ: Fjallagrös

Náttúruleg heilsubót

Fjallagrös eru þrátt fyrir nafnið fléttur en ekki grös en fléttur eru sambýli svepps og þörungs.

Grösin eru algeng á norðlægum slóðum og þá sérstaklega á Íslandi.

Þau vaxa villt um allt land, bæði á hálendi og láglendi. Vaxtarlag þeirra er mjög mismunandi og geta þau verið dökkbrún eða nær svört, mjó og rennulaga en einnig blaðkennd, allbreið, ljósbrún eða grænleit.

Fjallagrös hafa verið notuð í matargerð og til lækninga á Íslandi og víðar um ár og aldir.

Á árum áður var oft farið langan veg á grasafjall á vorin eða snemma sumars og grasað eins og það var

kallað. Grösin voru ýmist þurrkuð og mulin eða bleytt upp og söxuð.

Þurrkuð voru þau meðal annars notuð til að drýgja mjól. Þau voru soðin í blóðmör, seyði af þeim drukkið, þau notuð sem litunargras, möluð í mat og soðin í grasagraut og fjallagrasamjólk.

Sumir halda því fram að heilsufar þjóðarinnar hafi að ýmsu leyti versnað eftir að hætt var að nota fjallagrös í sama mæli og áður.

Þau eru næringarrík og meðal annars auðug af trefjum og steinefnum. Í þeim er beiskjufni sem örvar rennsli munnvatns og magasafa. Þau eru talin hafa mýkjandi og græðandi áhrif á slímhúð í öndunarferum og meltingarvegi og auk þess styrkjandi áhrif á ónæmiskerfið. - ve

VERKUN Í NOKKRUM ÞREPUM

Harðfiskur átti þátt í að halda lífi í þjóðinni hér á árum áður. Þótt það hafi breyst í áranna rás nýtur harðfiskurinn enn töluverðra vinsælda meðal landsmanna enda bæði góður og hollur. Og enda þótt gamlar hefðir séu farnar að víkja fyrir nýrri er harðfisksverkun stunduð af krafti víða um land, meðal annars í Darra ehf. á Grenivík, sem hefur verið rekin í tólf ár. Heimir Ásgeirsson, framkvæmdastjóri og annar eigandi Darra ehf., segir verkunina flókið ferli. „Harðfisksverkunin er unnin í nokkrum þrepum. Fyrst er fiskurinn keyptur og hann flakaður. Síðan eru flökin snyrt og úrbeinuð. Eftir þá vinnu er fiskurinn settur á grindur sem eru settar í þurrklefa. Allur fiskurinn er þurrkaður inni en ekki úti eins og áður var gert. Flökin tekur fjóra til sex daga að þorna,“ útskýrir Heimir og heldur áfram: „Eftir að fiskflökin hafa þornað eru þau völsuð þar til þau mýkjast



Harðfiskur nýtur mikilla vinsælda hjá þjóðinni enda bæði hollur og góður. NORDICPHOTOS/GETTY

upp. Þá eru þau sett í neytendaumbúðir og tilbúin til sölu.“ Hann bætir við að vegna mikillar

rýrnunar eftir harðfisksverkunina nýtist ekki nema átta prósent af slæggðum fiski.



KitchenAid háfar

KJÖLFESTA Á HEIMILUM



ÍSLENDINGA Í ÁRATUGI



KitchenAid kynnir hágæða heimilistæki svo sem ofna, helluborð, háfa, uppvottavélar og kæliskápa. Tækin eru í hæsta gæðaflokki með öllu því besta sem völ er á til að fullkomna eldhúsið. Kynnið ykkur málið í verslun okkar.



KitchenAid
FOR THE WAY IT'S MADE.



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

PÖNNUKÖKUPANNA

til að hrista fram úr erminni dýrindis kökur. Hvort heldur með rjóma, sykri eða sultu. Frá Kokku Laugavegi 47 – íslensk framleiðsla. Kostar 6.950 krónur.



KJÖTHAMAR til að dúndra í steikina er gæðagripur sem hver húsmóðir og -faðir þarf að eiga í eldhúsinu. Frá Búsáhöldum, Kringlunni. Kostar 1.795 krónur.



KLEINUR OG SOÐIÐ BRAUÐ vekja góðar minningar fyrir marga.

Kleinhjólíð rennur ljúflega um deigið eins og kleinum renna út með kaffinu eða mjólkinni hjá ömmu. Frá Búsáhöldum, Kringlunni. Kostar 495 krónur.

SÓDAVATN MEÐ SÍTRÓNU

er gott með matnum eða sér. Nú eða heimatilbúið gos með gamla góða Soda Stream-tækinu. Fæst í Byggt og búið, Kringlunni, á 7.888 krónur.



Í ELDHÚSKRÓKNUM



Bláberjaskyrterta með kornflexbotni.



Skyr með bláberjakrapi og hvítsúkkulaðimús.

Ó, ljúfa líf

Ó restaurant er nýr og spennandi veitingastaður á Hótel Óðinsvéum. Eyþór Rúnarsson, landslíðskokkur og yfirmatreiðslumaður, hefur sett saman glæsilegan matseðil þar sem gæðahráefni er sett í öndvegi.

Smáréttir/forréttir frá 1500 kr.

Aðalréttir frá 3200 kr.

Eftirréttir frá 1400 kr.

Gæðamatur á góðu verði í þægilegu umhverfi í hjarta borgarinnar. Borðapantanir í síma 511 6677, orestaurant.is.

Verið velkomin á Ó restaurant.



Ó restaurant Þórgata 1 Tel. +354 511 66 77 orestaurant.is
Hótel Óðinsvé 101 Reykjavík Tel. +354 511 62 00 o@orestaurant.is



Drifhvítir
Íslenskir draumar

Það er hvítt, stundum litað, oftast silkimjúkt og dýrindis málsverður með rjóma. Íslenska skyrið er unaðslegur kostur, hvort sem það er snætt úr dós eða í ábætisréttum.

Skyr er frábært sem undirstaða í eftirréttum, en í ábætisréttum hef ég hugfast að oftast þykir skyr langbest með rjóma og bláberjum,“ segir Kristófer Þórðarson, matreiðslumaður á Lækjarbrekku, þar sem hann útbýr sígildan ábæti af matseðli hússins þar sem skyr er í aðalhlutverki. „Mér finnst dapurlegt að sjá hvað skyr hefur hörfað víða á

kostnað franskra súkkulaðitertna af matseðlum veitingahúsa á landsbyggðinni, því útlendum ferðamönnum þykir nauðsyn og upplifun að smakka þennan þjóðarrétt Íslendinga. Súkkulaðikökur fást alls staðar í heiminum, en skyr aðeins hér og um að gera að leika sér með það og bjóða með stolti,“ segir Kristófer, sem fer varlega í að sykra skyrið. „Auðvitað þarf að

minnka súra bragðið með smá sykri, en þegar borin er fram bláberjasósa, sorbet eða súkkulaðimús með skyri er kominn sætur mótleikur við það súra, en mikilvægt er að kæfa ekki skyrbragðið með sykri,“ segir Kristófer og hvetur sækera til að prófa sig áfram með skyrið. „Skyr er flottur, þjóðlegur kostur, og á alltaf við.“

- þlg



SILKIMJÚKIR SKYR-EFTIRRÉTTIR

SKYR með bláberjakrapi og hvítsúkkulaðiskyr mús

SKYR
hreint skyr
rjómi
sykur

Hlutföll hráefnis notuð eftir smekk þegar skyr er sett í skál og hrært saman.

BLÁBERJAKRAP
300 g sykur
25 g glúkósi
1 l vatn
200 g bláberja-puré
¼ stk. sítróna
250 g frosin bláber

Hitið allt upp þar til sykur er uppleystur. Látið standa í 30

mínútur. Sigtið og kælið.

BLÁBERJASÓSA
500 g frosin bláber
125 g sykur
½ stk. sítróna (safi og rifinn borkur)
¼ stk. kanilstöng

Hitið allt upp þar til sykur er uppleystur. Látið standa í 30 mínútur. Sigtið og kælið.

HVÍTSÚKKULAÐI-SKYRMÚS
8 eggjarauður
100 g sykur
1 l rjómi
500 g súkkulaði
5 matarlímsblöð
400 g skyr

Setjið matarlím í vatn. Peytið eggjarauður og sykur saman. Bræðið súkkulaði yfir vatnsbaði og setjið út í. Léttpeytið rjóma og bætið varlega út í. Setjið skyr varlega saman við. Bræðið matarlím yfir vatnsbaði og setjið varlega saman við blöndu.

BLÁBERJASKYRTERTA með kornflexbotni

FYLING
500 g hreint skyr
200 g sykur
500 ml rjómi
250 g bláber
6 blöð matarlím

Setjið matarlím í vatn.

Peytið saman skyr og sykur. Maukið bláber og bætið út í. Léttpeytið rjóma og blandið varlega saman við. Bræðið matarlím yfir vatnsbaði og setjið varlega saman við blönduna.

BOTNI
55 g mjólkursúkkulaði
250 g kornflex
140 g pralín/hnetu-smjör

Bræðið súkkulaði yfir vatnsbaði. Setjið allt hráefni í matvinnsluvél. Hellið í kökuform og kælið.





Draumur...



ascaso
for coffee lovers



Cloud White



Anthracite



Dark Black



Polished Aluminium



Love Red



Sun Yellow



Kid Blue



Mediterranean Blue



Mandarin Orange



Baby Pink



Meadow Green



Swet Cream



15% afsl. af ascaso lituðum kaffikvörnum ef keypt er kaffivél



TE & KAFFI

stundin - bragðið - stemningin

www.teogkaffi.is Sérverslanir Smáralind- Kringlan - Suðurver - Laugavegur 27

Sjávarréttaveisla

PRÍR LJÚFFENGIR RÉTTIR



Skötuselurinn bragðast kannski enn betur í háloftunum í vorinu. Frá hádegisverðarstaðnum Nítjándna með kartöflumauki og mangósálati.



Hádegisverður í háloftunum

Veisluturninn í Kópavogi var opnaður á dögnum og er þar með hæsti veitingastaður landsins. Þar er margt gott í boði og meðal annars dýrindis skötuselur.

Við opnuðum hádegisverðarstaðinn Nítjándna á samnefndri hæð fyrir skömmu og höfum haft fullt út úr dyrum síðan,“ segir Sigurður Gíslason, yfirmatreiðslumeistari og framkvæmdastjóri Veisluturnsins í Kópavogi við Smáratorg sem er nú hæsta bygging landsins.

Á 21. hæð turnins eru veislusalir með sex metra lofthæð, bar og setusofu. Að sögn Sigurðar hentar salurinn vel fyrir veislur og mót-tökur. „Hugmyndin að staðnum kom til fyrir tveimur árum og við höfum lagt mikla vinnu í þetta. Meðal annars fórum við bæði til Las Vegas og London. Þar kynntum við okkur nýjustu veislusalina og skórtum nú nýjustu tækni fyrir bæði fundi, ráðstefnur og veislur,“ segir Sigurður og nefnir einnig barinn T 20



Sigurður Gíslason framkvæmdastjóri og yfirmatreiðslumeistari býður í hádegisverði í háloftunum á Nítjándna, sem er nýr veitingastaður í hæsta húsi landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN
Líklega hefði súra skyrið sem ég ólst upp við (og börnin mín kalla „forfeðraskyr“) ekki hentað nógu vel í þessa rétti. Súra bragðið er of krefjandi og það þarf svo mikið til að losna við það. Reyndar notuðu forfeðurnir skyrið einmitt í ósæta rétti – fyrir á öldum var sykur svo dýr að hann var afar lítið notaður; skyrið var þess í stað meðal annars notað í grauta og súpur.

En öðru máli gegnir um milda og ferska skyrið sem við höfum núna; það er hægt að nota á ótrúlega fjölbreyttan hátt. Ekki bara í alls konar ábætisrétti, búðinga og rétti eins og „skyr-brúlee“ og „skyramisù“, sem sumir kannast við, sætar, ávaxta- eða hunangsblandaðar sósar, skyrtertur, ýmiss konar bakkelsi, brauð og fleira, heldur einnig margskonar kaldar sósar, heita ofnrétti og margt fleira – að ógleymdum öllum skyrdrykkjunum.

Þegar skyrið er annars vegar er um að gera að láta hugmyndaflugið ráða og leika sér að tilbrigðum við uppskriftirnar. Ef ég sé uppskrift í erlendra matreiðslubók eða -blaði þar sem notuð er grísk jóгурt, magur ferskostur eða eitthvað slíkt hugsa ég gjarnan: Skyldi ekki mega nota skyr? og þegar ég prófa kemur oftast í ljós að sú



Skyr-kartöflugratin skreytt með fersku timjan.

FRETTAHLAÐIÐ/DANIEL

er einmitt raunin. Skyrósar með grillmatnum eða fiskinum eru til dæmis afskaplega einfaldar – grunnurinn er bara hreint skyr, kannski svolítt rifinn eða finsaxaður laukur og/eda hvítlaukur, pipar, salt og einhverjar kryddjurtir eða krydd eftir smekk. Og ef súra bragðið truflar má bæta við örfáum dropum af hunangi til að eyða því.

Hér koma þrjár uppskriftir: skyr-kartöflugratin, sem er mjög fitulítið þar sem notað er skyr og léttmjólk í staðinn fyrir rjóma eða matvinnslurjóma eins og oft er gert. Ef notað er magurt beikon, hráskinka, pylsur eða annað slíkt getur þetta gratin verið aðalréttur ásamt góðu salati en það má einnig hafa sem meðlæti með ýmsum réttum. Svo eru tvær sósar. Annars vegar grísk tzatziki-ídyfa sem ýmist er borin fram með pítubrauði eða höfð til dæmis með fiski. Hins vegar létt kokkteilsósa – næstum fitulaus – gerð úr skyri, tómatsósu, chilísósu og sinnepi.

Ég nota hreint KEA-skyr í öllum uppskriftunum vegna þess að mér finnst það einfaldlega henta best en það er auðvitað smekksatriði. – Það er engin þörf á að



Skyr-tzatziki, létt skyr-kokkteilsósa og hráefni.

flysja kartöflurnar ef þær eru þunnt skornar og endarnir ekki notaðir.

SKYR-KARTÖFLUGRATÍN

700 g kartöflur
100-200 g magurt beikon (má sleppa)
3 vorlaukar
300 g skyr, hreint
2 egg
100 ml léttmjólk
1 tsk. ferskt timjan eða ¼ tsk. þurrkað pipar
salt
1 msk. smjör eða olía

Hitaðu ofninn í 200° C. Þvoðu og burstaðu kartöflurnar (eða flysjaðu þær) og skerðu í þunnar sneiðar. Steiktu beikonið (sé það notað) á þurri pönnu þar til það er stökkt, láttu renna af því á eldhúspappír og skerðu það svo í litla bita. Saxaðu vorlaukinn. Hrærðu skyr, egg og léttmjólk saman í skál og kryddaðu með timjani, pipar og salti.

Þenslaðu eldfast mót með smjöri eða olíu og dreifðu kartöflusneiðum á botninn. Dreifðu dálitlu beikoni og vorlauk yfir og helltu svolitlu af skyrblöndunni yfir kartöflurnar. Settu svo annað lag af kartöflusneiðum og þannig koll af kolli þar til allt er uppuríð. Gættu þess að enda á skyrblöndu. Bakaðu kartöflugratinið í um eina klukkustund, eða þar til kartöflurnar eru meyrar (prófaðu með því að stinga í það þrjóni) og yfirborðið hefur tekið góðan lit. Ef það virðist ætla að verða of dökkt má breiða álpappír lauslega yfir gratinið seinni hluta steikingartímans.

SKYR-TZATSIKI

½ gúrka, meðalstór
200 g (1 dós) hreint skyr
1 msk. rifinn laukur
2 hvítlauksgeirar (má vera meira), pressaðir
1 msk. ólífuolía
pipar
salt

ef til vill nokkur mintulauf, söxuð smátt

Rífdú gúrkuna smátt á rifjarni og pressaðu eins mikinn safu úr henni og þú getur, til dæmis með því að setja hana á viskastykki og vinda (gúrkur eru 97 prósent vatn og það kemur ótrúlega mikill safi). Settu hana í skál og hrærðu skyri, lauk, hvítlauk og ólífuolíu saman við. Kryddaðu með pipar og salti eftir smekk og bættu ef til vill mintulaufi við. Láttu ídyfuna standa í kæli í að minnsta kosti hálf tíma. Hún er góð með pítubrauði en einnig með steiktum og grilluðum fiski, grænmeti og jafnvel grilluðu kjöti.

LÉTT SKYR-KOKKTEILSÓSA

200 g hreint skyr
4 msk. tómatsósa
1½ msk. sæt chili-sósa (Heinz)
1 msk. dijon-sinnep
hvítur pipar
salt

Hrærðu allt vel saman og bragðbættu með pipar og salti eftir smekk. Notaðu hana eins og venjulega kokkteilsósu.

Veislur
við öll
tækifæri

SÍMI 692 0200

SOHO
CATERING
VEISLUPJÓNUSTA
WWW.SOHO.IS

ÖRN GARÐARSSON MATREIÐSLUMEISTARI

Vita-Mix

Blandarinn sem allir eru að tala um!

Mylur alla ávexti, grænmeti klaka og nánast hvað sem er
Hnoðar deig
Byr til heita súpu og ís
Hraðastillir

Lifstíðareign!

Verð kr. 53.974
Uppskriftarbók og DVD
diskur fylgir

S. 440-1800 www.kællitækni.is

Okkar þekking nýtist þér ...

Þú slærð í gegn

með Siemens



ATARNA

SIEMENS

Eldunartæki, kælitæki, og uppvottavél
í eldhúsið þitt. Sannarlega góð hugmynd!

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

VIÐ MÆLUM MEÐ...

...TUTTOCREMA er flóunarkanna sem flóar mjólk. Hún er sett á eldavélarhelli með mjólkinni í. Mjólkinn er hituð upp að suðu en þess þarf að gæta að láta suðuna ekki koma upp. Síðan er lokið sett á og pressað upp og niður í nokkur skipti og við það flóast mjólkinn. Flóunarkannan er mjög einföld í notkun og fæst í verslunum Te og kaffi.



...DELUX-TÖFRASPROTI frá Bamix, sem stendur vel undir nafni. Töfrasprotinn er öflugur og fylgja honum þrjár skífur sem gerir það að verkum að hægt er að hakka, mauka og þeyta með honum. Einnig fylgja honum hnifur, skífa og hræra, lítil kvörn og standur. Delux-töfrasprotinn fæst í versluninni Kokku á Lauga-vegi.



... KITCHEN AID-blandara sem fæst hjá Einari Farestveit og Co. Blandarinn, sem hefur verið einn sá vinsælasti á Íslandi, er sterkbygður, kraftmikill og mylur klaka auðveldlega. Blandarinn er með stórrí og mikilli glerkönnu sem er auðveld í þrifum. Blandarinn er fyrst og fremst hannaður fyrir drykki, enda eru möguleikarnir á hollustu-drykkjum í dag óteljandi.



„...fyrst á visir.is“



visir.is

...ég sá það á visir.is



Heilsuleikskólinn Kór



auglýsir eftir starfsfólki!

Heilsuleikskólinn Kór í Kópavogi leitar að:

- Deildarstjóra
- Sérkennslustjóra
- Stuðningi inn á deild
- Leikskólakennurum eða öðru uppeldismenntuðu starfsfólki



Að vinna að uppeldi barna eru forréttindi, að sjá þau vaxa og þroskast er ævintýri. Leikskólinn Kór í Kópavogi er heilsuleikskóli sem opnaði 1. júní 2006. Skólinn er rekinn af Skólum ehf. og er með þjónustusamning við Kópavogsbæ um reksturinn.

Skólar ehf. reka tvo leikskóla. Einn í Grindavík og síðan Kór í Kópavogi. Leikskólinn Kór er heilsuleikskóli og stefnir að því að fá viðurkenningu sem slíkur. Markmið leikskólans er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik og starfi.

Kjörorð okkar er „heilbrigð sál í hraustum líkama“. Það hefur sýnt sig í rannsóknum á undanförunum árum að heilbrigð lífssýn er grunnur að góðu heilbrigði allt lífið.

Heilsuleikskólinn Kór
„heilbrigð sál í hraustum líkama“



Skólar ehf.

Verið velkomin í heimsókn á leikskólann Kór að Baugakór 25 í Kópavogi eða hafið samband við Bjarneyju Kr. Hlöðversdóttur leikskólustjóra í síma 570-4940, 897-7891 eða með tölvupósti á netfangið kor@skolar.is.

www.skolar.is



ÚRVALS Eldhús
...með hækandi sól

ÚRVALS ELDHÚS EHF. AUSTURMÖRK 20 HVERAGERÐI SÍMI 555 3637 WWW.URVALS.IS

NÝ HUGSUN – NÝJAR ÍBÚÐIR

Arnarneshæð



Hér er gott að búa

Arnarneshæðin er einstaklega vel staðsett á eftirsóttum stað á höfuðborgarsvæðinu. Hverfið er sólríkt og skjólsælt, með gullfallett útsýni til allra átta. Stutt er í alla verslun og þjónustu, fjölmargir skólar eru í næsta nágrenni og ótal frábær íþrótta- og útivistarsvæði innan seilingar.

Opið hús í Rúgakri 1 í dag frá kl. 14–16

2–3 herbergja íbúðir

- Hjónasvítur með fataherbergi
- 2 herbergi
- Bílageymsla og lyfta

Sýningaríbúð

Glæsileg íbúð, fullbúin húsgögnum frá The Pier og gólfefni frá Harðviðarvali.

the
PIER
HARÐVIÐARVAL

Hæðin á Stöð 2

Raðhúsin okkar leika aðalhlutverk í **Hæðinni**, sem hefur fengið frábærar viðtökur.



Ekið inn í hverfið frá Bæjarbraut, af hringtorgi við Fjölbrautaskóla Garðarbæjar.

 HÚSAKAUP

Sími 530 1500 | Suðurlandsbraut 52 | Guðrún Árnadóttir löggiltur fasteignasali | www.arnarnes.is

Verkefni á vögum
hanza

Í fyrsta sinn...

Allt er einhvern tímann fyrst. Einhvern tímann kyssum við fyrst, höldum í fyrstu bíóferðina okkar eða bókum kanilsnúða í fyrsta skipti. **Júlía Margrét Alexandersdóttir** fékk nokkra vel valda menn og konur til að deila eftirminnilegri „fyrstu reynslu“.

Í FYRSTA SINN SEM ÉG SÁ KVENNALISTAKONUR ...



Oddný Sturludóttir


... í sjónvarpinu, fimm ára gömul, vissi ég að ég var pólitísk. Þetta var í fyrsta sinn sem þær buðu fram til Alþingis og þær vöktu óskipta athygli mína. Fram að þeim tíma höfðu gráklæddir jakkafatamenn þusað um pólitík í sjónvarpinu og mér fannst þeir allir eins. Kvinnalistakonurnar töluðu um hluti sem voru áhugaverðir – meira að segja fyrir fimm ára gamla stelpu í Árbænum. Kvinnalistakonurnar lifa ansi sterkt í minningunni og ég man hvað mér þótti hárið á Sigríði Dínu æðislegt. Við mamma skeggræddum um hvaða Kristín væri okkar „uppáhalds-Kristín“ og það var oft úr vöndu að velja! Það

verður aldrei undirstrikað nægilega hvað fyrirmyndir eru mikilvægar. Í mínu tilvik, og margra annarra stelpna og kvenna, var tilkoma Kvinnalistans upphafið að pólitískri vakningu.



kannski ætti ég að reyna að komast yfir

lunninguna. Mér fannst heldur ekki góð tilhugsun að flækjast í línunni með sínum beittu krókum. Ég hef heyrt um að við þessar kringumstæður renni ævi manna fyrir hugskotssjónum þeirra á örskotsstund eins og kvikmynd. Stutta stund var eins og dallurinn vægi salt á hliðinni en svo sleppti sjórinn takinu og gamli Gvendur valt rólega á réttan kjöl aftur. Ég missti af myndinni ef hún hefur þá verið sýnd.



Í FYRSTA SINN SEM ÉG HÉLT AÐ ÉG MYNDI DEYJA ...

Páll Ásgeir Ásgeirsson

... var í nóvember 1978 eða '79 djúpt úti af Hornafirði í suðaustan ofsaroki og rigningu um borð í Guðmundi Kristni SU. Við vorum að draga línuna. Ég stóð við rúlluna og reyndi að slæma gognum í þessa fáu fiska sem sveifluðust á krókunum í veðurofsanum. Það var komið myrkur og veðrið versnaði stöðugt og ég minnst þess að hafa litið upp og séð grænan brimskafli rísa lóðrétt yfir höfði mér og falla svo eins og fossandi skriðu yfir bátinn. Ég beygði mig niður og tók eins fast og ég gat um rör undir lunningunni en fann hvernig þilfarið hallaðist sífellt meira undir fótum mér uns ég hékk alveg á rörunu því báturinn var lagstur á hliðina undir brotinu. Það var sjór allt í kringum mig en mér var ekki kalt. Ég man að ég hugsaði að ef bátinum hvolfði myndum við sennilega lenda undir honum sem væri ekki gott og

Í FYRSTA SINN SEM ÉG FÓR Í LJÓS ...

Friðrik Ómar Hjörleifsson

... þá brann ég svo illa að ég varð að fara heim úr vinnunni áður en vinnudeginum lauk. Ég hafði notað hádegishléið til að prufa ljósabekkin og ég var svo illa leikinn að ég komst ekki út í búð til að kaupa eitthvað til að bera á brunann. Ég bað því systur mína að skreppa fyrir mig og hún var að flýta sér svo mikið í einhvern saumaklúbb að hún rétt kom við til að henda í mig einhverri túpu. Ég leit ekki einu sinni á túpuna heldur bar á mig allan og eftir fimm mínútur fór mig að svíða svona líka rosalega og skoðaði því túpuna betur og þá var þetta Hawaiian Glitter Sun – og gerði ekkert fyrir mig nema setja glimmeráferð á brunann. Ég dreif mig í það og hélt ég myndi fá lost í baðkerinu. Ég hef því ekki farið í ljós síðan. Enda mun viðkvæmur fyrir sól með minn húð- og háralit og mun því ekki liggja í sólbaði í Serbíu.



Í FYRSTA SINN SEM ÉG HÉLT JÓLIN Á EIGIN HEIMILI ...

Kolbrún Pálína Helgadóttir

... bauð ég allri fjölskyldunni minni og allri tengdafjölskyldunni sem þá var um fimmtán manns. Þannig brutum við langa hefð í fyrsta skipti og fórum að skapa okkar eigin. Síðan þá höfum við alltaf haft aðra hvora fjölskylduna hjá okkur og jafnvel báðar. Mér fannst þessi reynsla mjög merkileg og þetta heppnaðist stórkostlega. Ég eldaði hamborgarhrygg, enda vön því heiman frá mér, og allir komu með eitthvað með sér. Þannig kom pabbi með rjúpur og allt með því. Það kom mér reyndar ekkert á óvart að þessi fyrsta reynsla af eigin jólum væri svona ánægjuleg því ég fíla mig afskaplega vel í eldhúsinu. Fjölskyldan fer að vísu alltaf stækkandi og boðin með. En það klúðraðist ekkert og þetta er ein af mínum bestu „fyrstu reynslu“-minningum. Allt í lagi líka að dekra við foreldrana loksins – þau eru búin að dekra við mann frá því maður fæddist.



Í FYRSTA SINN SEM ÉG KOMST Í BLÖÐIN ...

Þorsteinn Guðmundsson

... var þegar það kom forsíðumynd af mér framan á menningarblaði DV. Ég hafði verið að leika í nokkurs konar leikgjörningi í Stúdentaleikhúsinu eftir Jón Tryggvason sem gekk út á það að við stóðum í kjölfötum í kringum borð með stóru pappaspjaldi á, drukkum litað jógúrt og skyrptum því út úr okkur um leið og við fórum með frasa úr leikhúsgagnrýni. Í lok gjörningsins höfðum við þannig skapað listaverk úr lituðum hrákanum og gagnrýni. Mjög sniðugt.

Þetta var auðvitað hrikalega beitt hjá okkur og við vorum sannfærð um að við værum með þessu að breyta þjóðfélaginu og hrista upp í listasnobblíði bæjarins. (Ég man að Ragnheiður Skúladóttir, deildarstjóri leiklistardeildar Listaháskólans, var þarna líka). Ég fór með blaðið heim til ömmu minnar og sýndi henni. Hún áttaði sig ekki alveg á myndinni þannig að ég spurði hana: Sérðu ekki hver þetta er? „Jú, auðvitað,“ sagði hún. „Þetta er Ómar Ragnars-son.“



Í FYRSTA SINN SEM ÉG SMAKKAÐI TÓMAT ...

Margrét Pála Ólafsdóttir

... varð ég fyrir óendanlegum vonbrigðum. Ég var nýflutt til stórborgarinnar Akureyrar, var þar í finu fermingarboði og á smurbrauðstertu blasti við mér ótrúlega fallett, rauðt og girnilegt fyrirbæri. Ég fékk mér stóra sneið og stóran bita í kjölfarið en fylltist skelfingu og ógurlegum vonbrigðum vegna súrheitanna og kom mér í ofboði út í horn til að spýta vonbrigðunum í servíettuna. Svo tók það drjúga stund



að finna rusladall með mikilli leynd og losa mig þannig við ófögnuðinn. Og ég hef aldrei fyrirgefið tómtunum eftir þessa reynslu.

Nýr og endurhannaður Mazda6 er frá öllum hliðum séð, búinn nýjustu öryggisækni. Rammgerðar árekstrarvarnir verja ökumann og farþega og vel hönnuð sætin veita á ögurstundu rétta stuðninginn á réttu stöðunum. DSC stöðuleikastýrikerfi með TCS spólvörn heldur akstursstefnu bílsins stöðugri í mól, hálku eða kröppum beygjum og hemlakerfið er af fremstu gerð, búið EBD hemlajöfnun, ABS aflhemlun og EBA hjálparhemlun. Fyrir vikið lætur nýr Mazda6 enn betur að stjórn, einnig við erfiðar aðstæður. Fjórir öryggisþúðar eru að framanverðu. Öryggisgardínur eru beggja vegna auk þess sem Mazda6 er búinn Isofix-festingum fyrir barnabílstóla og þriggja punkta öryggisbeltum.

Segðu Zoom-Zoom. Og þú ert tilbúinn fyrir meiri dýpt í akstrinum. Vertu Mazda. Komdu í Brimborg í dag.

Nýr Mazda6. Dýpri bíll.

Dýpra öryggi. Nýr Mazda6.


Mazda6 Advance

2,0i 147 hö 184 Nm 4 dyra
5 þrepa sjálfskiptur
Frumkýningarverð: 3.490.000 kr.*
Bensínnotkun í blönduðum akstri
7,7 l/100 km. CO2 losun 182 g/km



Komdu í dag
frumsýning *Léttar veitingar,
kaffi og kleinur*
frá kl. 13 til 16
í Brimborg
Akureyri, Reykjavík

Reynsluaktu nýjum Mazda6 og þú ert í Happapotti Brimborgar.
Þú getur unnið 50.000 kr. bensínúttekt hjá Olís.



Segðu Zoom-Zoom. Vertu á hreyfingu, ferð og flugi. Vertu Mazda.

CCI GROUP GREY ALMANNATENGSL


visthæf skref
með Brimborg
Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað


brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazda.is

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að aukil er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

Zoom-Zoom



VELJUM LÍFIÐ

ÁST Í samstarfi við Vesturport

10 - 11 - 17 - 18 - 24 - 30. apríl
kl 20.00 alla daga

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

ALLAR SÍÐUSTU
SÝNINGAR

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is



COSÌ FAN TUTTE

ALLAR ERU ÞAR EINS

EFTIR
MOZART

WWW.OPERA.IS

Í kvöld 13. apríl kl. 20 – Uppselt
AUKASÝNING: Þriðjudaginn 15. apríl kl. 20

MIDAVERÐ: 1.000 KR.

ISLENSKA ÓPERAN
ÓPERASTÚDÍÓ 2008

GLITNIR



Áhugavert starf á atvinnusíðu.

Hive S.KO

Vorveisla á Costa del Sol

3. maí

frá **39.990**



Ótrúlegt sértílbóð
- vinsælir gístaðir

Timor Sol
Principito Sol
Aguamarina

Aðeins fáar íbúðir í boði!

Heimsferðir bjóða frábært sértílbóð á síðustu sætunum í vorferð til Costa del Sol, 3. maí í viku. Njóttu lífsins í vorblíðunni á þessum vinsæla áfangastað við góðan aðbúnað. Bjóðum takmarkaðan fjölda íbúða á þremur af okkar vinsælustu gístaðum, Timor Sol, Principito Sol og Aguamarina á hreint ótrúlegum kjörum. Ath. flugið er til Jerez og ekið í rútu til Costa del Sol (heimflug 10. maí er beint frá Malaga).

Verð kr. **39.990**

– m.v. 2-4 í íbúð
Flug, skattar, gisting og ferð frá Jerez flugvelli á hotel á Costa del Sol, m.v. 2-4 saman í íbúð á Aguamarina eða Principito Sol í viku. Netverð á mann.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

STUÐ MILLI STRÍÐA Erfiðisvinnan í skólunum

ÞÓRUNN ELÍSBET BOGADÓTTIR VILL AÐ BORIN SÉ VIRÐING FYRIR KENNURUM



Ég er kennarabarn og fyrstu sjö ár grunnskólagöngu minnar var mamma mín kennari við sama skóla og ég lærði í. Ég gat til dæmis ekki verið með mikla stæla við kennarana eða þóst vera veik til þess að fara ekki út í frímínútur. Mamma frétti allt á stundinni og það gat oft farið í taugarnar á mér. Ég viðurkenni sem sagt að ég er kennarabarn, og því er mín skoðun á kennurum ef til vill örlítið lituð.

Sem barn og unglingur gerði ég mér litla grein fyrir því hversu erfitt það hlýtur að vera að vera kennari. Það var ekki fyrir en ég tók að mér að vinna á leikjánaðmskeiði fyrir börn eitt sumarið að ég fékk smjörþefinn af því. Eftir eina viku í

starfi var ég dauðuppgæfin. Vissulega var oft gaman, en mikil ósköp sem þetta gat líka verið erfitt. Mér fannst mikil ábyrgð fylgja því að passa upp á öll þessi börn – og þó var okkur ekki ætlað að vera ein með tuttugu til þrjátíu börn í marga klukkutíma og fá þau líka til að læra eitthvað. Eftir þetta sumar hef ég borið ómælda virðingu fyrir öllu því fólki sem leggur það á sig að eyða tíma og orku í að reyna að kenna annarra manna börnum.

Mér finnst engan veginn vera nægilega mikil virðing borin fyrir kennurum og þeirri vinnu sem þeir vinna. Í samfélagi þar sem sífellt eru gerðar meiri kröfur um menntuþingur þá líka skökku við að fólkið sem sér um undirstöðuna í

þessari menntun skuli vera svona illa launað. Það hlýtur líka að segja mikið um metnaðinn og hreinlega mannægskuna í þessu fólki að það skuli halda áfram að kenna þrátt fyrir ómurlæg laun og oft á tíðum erfiðar aðstæður. Sérstaklega þar sem það gæti hæglega farið með háskólamenntunina sína í Bfla-stæðasjóð og fengið, að mér skilst, hærri laun sem stöðumælaverðir en kennarar. Með fullri virðingu fyrir stöðumælavörðum held ég að við getum flest verið sammála um að starf kennarans sé aðeins mikilvægara. Eða erum við kannski orðin þannig að okkur þykir ekkert að því að launa fólkið sem passar upp á bílana okkar betur en fólkið sem passar upp á börnin okkar?

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Geljan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Yfir og allt um kring

Á föstudagskvöldið frumsýndi kvennaleikhópurinn OPIÐ ÚT „mömmuleik“ þar sem líkamlegt hlutverk móðurinnar er grandskoðað frá öllum hliðum. Alls staðar er hún þessi mamma sem hýsir hvern unga, en á það svo til að gleyma að afkvæmið er farið að lifa eigin lífi. „Eitt sinn mamma, ávallt mamma.“



LEIKLIST Þórey Sigþórsdóttir leikkona, einn höfundur úr smíðjuverkinu Mammamamma.

Hvernig komst það í heiminn og hvernig tókst mömmu svo til við að halda og sleppa afkvæminu sem saug úr henni þróttinn? Það er þörf in á því að endurlifa fæðingarferlið í orðum sem sameinar konur á fæðingardeildinni. Þetta tal og þessi upplifun er tótal óntressant við aðrar aðstæður úti í þjóðfélaginu. Það er ekki verið að rekja „útvíkkun og vatnið fór“–sögur þar sem verið er að handstýra vöxtum upp og niður til bjargar þjóðarskútunni, ímyndar maður sér.

Fyrir utan að umræða af þessu tagi ratar aldrei upp á kaffítímabörði þar sem karlmenn eru einnig til staðar. Að fara í gegnum fæðingarferlið í flaumi orða og lýsinga á því sem gerðist er eins og áfallahjálpi eða úrvinnsla sem líklega er hverri konu nauðsynleg. Alveg sama hvað karlagreyin hafa eignast mörg börn, þeir eru aldrei með neina útvíkkun. Þrátt fyrir þetta var karlpeningur meðal frumsýningargesta ánægður, eins og nýfæddur.

Í hópvinnu undir stjórn Charlotte Böving er hér teft fram lífsreynslusögum í bland við rapp, dans og ryðmískar örmyndir, auk hljóðmynda eins og útvarpsleikhús, á hringsviði eða inni í rauðbleikum áttyrning sem táknaði jafnt móðurkvið, sirkustjald, boxarahring og lífið innan og utan veggja mömmu.

Rauði þráðurinn er óendanlega langur naflastrengur sem hægt er að flækjast í, nota í leik og ógna með. Leikmynd eða leikhönnunarsvæði Ólafar Nordal og Þórunnar Maríu Jónsdóttur þjónar uppsetningunni mjög vel, allt bleikt og hvítt, táknlitir kvenna, brjósta, og nýfæddra stúlkubarna. Hins vegar var nær ógerlegt að stauta sig fram úr prógrammblaðinu, textinn smár og hvítur á bleikum fleti.

Áhorfendur fara úr skónum og íklæðast bleikum sokkum, sitja á bleikum púða og eru þannig hannaðir inn í heildarmyndina. „Devised“ má segja að sé spunahönnun þar sem unnið er útfra hugmynd en flestir þættir listskópunar fá að fylgja með. Þar er öllum listgreinum gert jafnhátt undir höfði, ekki verið að beygja sig undir skrifað handrit frá byrjun. Sýningin er skemmtileg, hnökralaus þó að rauði þráðurinn sé hið sjónræna.

Órlogasögur eru brotnar upp með söng og dansatriðum og er leikkonurnar flögur af stað í hringekju og mæra keisaraskurðinn í hinu fræga gamla lagi „Que sera, sera“ jókst takturinn sem síðan hélst allan tímann eftir nokkra tregðu í upphafi. Þetta var vel unnin sýning og Þórey Sigþórsdóttir má segja að standi sem móðurtákn eftir þetta. Hún kann að stilla á háu ljósin og gerði það óspart í túlkun sinni með áreynslalausri raddbeitingu og sterkri líkamlegri nærveru.

Magnea B. Valdímarsdóttir var hins vegar stjarnan sem daðraði jafnt við hláturtaugar áhorfenda

LEIKLIST

Mammamamma eftir hópinn.

Útlit sýningar: Ólöf Nordal og Þórunn María Jónsdóttir
Hljóðmynd: Ólöf Arnalds og leikhópurinn
Tónlist: Ólöf Arnalds
Ljós: Garðar Borgþórsson
Píanóleikur: Davíð Þór Jónsson
Trommuleikur: Garðar Borgþórsson
Leikstjóri: Charlotte Böving

★★★

Meira blóð, meiri hlátur mátti sýningin geyma.

sem meðaumkun auk þess sem þau hlutverkabrot sem hún fór með höfðu nokkuð gott kjöt á beinum. Sagan um litlu fjórtán ára stúlkuna sem eignast barn með eldri manni og missir svo barnið í hendur tengdamömmu var vitaskuld kunnugleg en áhrifarík engu síður.

María Ellingsen fær hið vandasama hlutverk að mála svipmyndir elstu mæðranna og sýndi hún faguð vinnubrögð án þess að detta oní elliheimilisklisjur í túlkun eins og oft vill verða. Birgitta Birgisdóttir var einnig skemmtileg og heil í sinni túlkun.

Nú er það eitt af grunnhugmyndum hinnar svo kölluðu „devised“-aðferðar að það sé engin stéttskipting eða hierarkía í verkunum þannig að raunverulegt lýðræði ríkir millum allra eininga verkensins og því er ekki hægt að tala um berandi hlutverk eða raunverulegt aðalatriði. Hér eiga til að mynda hljóðmyndir og útlit sýningarinnar jafn mikinn þátt í heildinni og þau orð og hugmyndir sem frá leikurunum koma. Þetta er spennandi en varla hægt að hoppa hæð sína yfir nýrri uppfinningu þótt aðferðinni sé nú hossað sem einhverju nýju undir sólu. Það er bara alltaf heilbriggt og hressilegt að endurskoða vinnuaðferðir sem margar hverjar eru orðnar staðnaðar eða klossfastar í sessi og hræra upp í nálgunaraðferðum. Hitt er svo annað mál að markmiðið er og verður hið sama, nefnilega sýningin sjálf eins og hún birtist áhorfendum. Þetta var vel unnin sýning sem hefði þó þolað meira blóð og meiri hlátur.

Elisabet Brekkan

Graduale Nobili

Skemmtilegur listviðburður fer fram í Langholtskirkju í dag kl. 17, en þá treður þar upp eðalkórinn Graduale Nobili í tilefni af útkomu hljómdisksins In Paradisum.

Graduale Nobili var stofnaður haustið 2000 og er skipaður ungum stúlkum völdum úr hópi þeirra sem sungið hafa með Gradualekór Langholtskirkju. Kórinn hefur hlotið hástemmt lof gagnrýnenda, unnið til verðlauna í alþjóðlegum kóraköppnum og verið tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna og menningarverðlauna DV.

Hljómdiskurinn nýi hefur að geyma alíslenska efnisskrá, þverskurð af því sem kórinn hefur tekist við á undanförnum árum. Gömul og ný verk, sum samin fyrir kórinn.

Hér má heyra áköll til Maríu mildu og skæru, söng um gjafir og undur lífsins, alltumlykjandi ljóma Jesú á dimmri jörð. Trúartenging in er í flestum verkunum þótt kannski sé dýpra á henni í yndislegum bernskuóði Vilborgar Dagbjartsdóttur og Hjálmars H. Ragnarssonar, Barnagælu.

Á tónleikunum er frumflutt verk sem Mamiko Dís Ragnarsdóttir skrifaði fyrir kórinn og er loka- verkefni hennar frá tónsmíðadeild Listaháskóla Íslands. Það heitir „Japönsk sálumessa“ og við flutning þess leikur hljómsveit Listaháskólans með kórnum.

Aðgangur er ókeypis en geisladiskurinn verður til sólu á kynningarverði á kr. 2.000.

REGNBÖGINN 11. - 30. APRIL **BIO-DAGAR GRÆNA LJÓSSINS**

3 VIKUR
12 KVIKMYNDIR

DAGSKRÁ OG MIDASALA A MIDI.ÍE
ALLAR UPPLÝSINGAR A GRAENALJÓSI.ÍE

Skoppa og Skritla í söng-leik

Sýningar í Kúlunni, barnaleiksviði Þjóðleikhússins

Leikhúsupplifun með söng og dansi fyrir börn frá 9 mán. aldri

Takmarkaður sýningafjöldi	Skopp sf. Sími: 698 7750 www.skoppaogskritla.is	Þjóðleikhúsið Hverfisgötu 19 Miðasölusími: 551 1200 www.leikhusid.is			
Lau	12.4.	Kl. 11:00 Uppselt	Sun	20.4.	Kl. 12:15 Uppselt
Lau	12.4.	Kl. 12:15 Uppselt	Fim	24.4.	Kl. 11:00 Örtá sæti laus
Sun	13.4.	Kl. 11:00 Uppselt	Fim	24.4.	Kl. 12:15 Örtá sæti laus
Sun	13.4.	Kl. 12:15 Uppselt	Fim	24.4.	Kl. 14:00 Aukásýning
Sun	13.4.	Kl. 14:00 Uppselt	Lau	26.4.	Kl. 11:00 Örtá sæti laus
Lau	19.4.	Kl. 11:00 Uppselt	Lau	26.4.	Kl. 12:15 Nokkur sæti laus
Lau	19.4.	Kl. 12:15 Uppselt	Sun	27.4.	Kl. 11:00 Örtá sæti laus
Sun	20.4.	Kl. 11:00 Uppselt	Sun	27.4.	Kl. 12:15 Örtá sæti laus

Ingó Idol syngur um ástina


Hljómsveitin Veðurguðirnir hefur komið með krafti inn á öldur ljósvakans. Þeirra fyrsti smellur, Bahama, klifrar nú upp vinsældalista útvarpsstöðvanna.

„Já, þetta er lag eftir mig, samdi þetta í mesta kuldanum í vetur,“ segir Ingólfur Þórarinnsson, tónlistarmaður og söngvari hljómsveitarinnar Veðurguðirnir, sem sendi á dögunum frá sér lagið Bahama sem hefur nú ratað inn á íslenska listann. Lagið fjallar um dreng sem hefur verið yfirgefinn af kærustunni sinni en drekkir sorgunum á Bahama-eyjum og finnur hamingjuna á ný. „Nei, þetta er ekki um neina sérstaka. Kannski bara um svona almennt kerlingavesen, þetta er um alla-vega tíu stelpur,“ segir Ingólfur, sem alltaf er kallaður Ingó.

„Við erum í rauninni svona íslensk hljómsveit af gamla skólunum, sem spilar á böllum og kemur svo með eitt og eitt lag,“ segir Ingó en hljómsveitin er á leið í stúdíó á næstunni að taka upp annað lag. „Þetta er í raun fyrsta lagið sem við gerum. Svo kemur meira ef það verður einhver eftirspurn.“

Nóg er á döfinni hjá Ingó og félögum í Veðurguðunum en þeir eru bókaðir á hverja þjálfhátíðina á fætur annarri og munu einnig spila á böllum vítt og breitt um landið. Ingó er þó tveggja manna maki því tónlistin er ekki hans eina ástríða. Hann spilar einnig fótbolta með Selfossi en liðið vann sér inn sæti í næstefstu deild í fyrra. Þegar blaðamaður náði tali af Ingó var hann einmitt staddur á Spáni með liðsfélagunum í æfingaferð. „Ég er á fullu í boltanum og hann gengur fyrir. Ég drekk ekki svo það er hentugt. Þá er maður ekki að mæta þunnum á æfingar daginn eftir gig,“ segir Ingó, sem mun bruna beint frá Leifsstöð í „gigg“ í Mosfellsdal.

Ingó skaust fyrst fram á sjónarsviðið í Idol stjórnléit. Í kjölfarið á þeirri frægðargöngu tók Einar Bárðarson Ingó undir sinn verndarvæng. Ingó segir að það samstarf hafi dáið drottin sínum með tímanum, þótt hann sé enn á



INGÓ ÚR IDOLINU Ingólfur Þórarinnsson og hljómsveitin Veðurguðirnir hafa verið að gera það gott á öldum ljósvakans með laginu Bahama. Lagið fjallar um dreng í ástar-sorg sem drekkir sorgum sínum á Bahama-eyjum og finnur ástina að nýju.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

skrá hjá Concert. Hann hefur sjálfur verið duglegur að spila hér og þar undanfarin ár og telur það hjálpa sér, loksins þegar hann hefur gefið út lag. „Ef maður spil-

ar hverja helgi spyrst það út og ég held að fólk sé opnara fyrir því sem maður er að gera,“ segir Ingó sátur í sólinni – þó ekki á Bahama-eyjum.

soli@frettabladid.is

NÝTT Í BIÓ!

2 VIKUR ATOPNUM Í USA!
Mögnum mynd byggð á sönnunarbúrdum um hópnemnda sem sérhæfðir í að leita og telja spilið 21 með það markmið að hreinsa spilið í Vegas!

Frábær gamanmynd þar sem gert er grín af ofurhetumyndir samtímans, myndum eins og Spider-Man, Fantastic Four, X-Men og Batman!

Fró þeim som hefur ykkur SCARY MOVIE og NAKED GUN

REGNBÖGINN 3 VIKUR 11. - 30. APRIL 12 KVÍMÝNDIR

BIÓDAGAR GRÆNA LÍSSINS

SMÁRA BIÓ SÍMI 564 0000

REGNBÖGINN SÍMI 551 9000

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

BORGARBIÓ SÍMI 462 3500

21	kl. 1-5:20-8-10:35	12	THE AIR I BREATHE	kl. 3-6	16
21 LÚXUS	kl. 1-5:20-8-10:35	12	THE AGE OF IGNORANCE	kl. 3	ENSKUR TEXTI
SUPERHERO MOVIE	kl. 1-4-6-8-10	7	THE BAND'S VISIT	kl. 3-10	ENSKUR TEXTI
DEFINATELY MAYBE	kl. 5:30-8	16	LAKE OF FIRE (MÝNDVARRP)	kl. 3	ÓTEXTUÐ, ENSKT TAL
VANTAGE POINT	kl. 8-10:10	16	TROPA DE ELITE	kl. 5:30-8	ENSKUR TEXTI
SHUTTER	kl. 10:30	16	WAR/DANCE (MÝNDVARRP)	kl. 6	ÓTEXTUÐ, ENSKT TAL
SPIDERWICK CRONICLES	kl. 1-3:15	7	SURFWISE (MÝNDVARRP)	kl. 6	ÓTEXTUÐ, ENSKT TAL
HORTON	kl. 1-4-6	16	THE KING OF KONG	kl. 8	ISLENSKUR TEXTI
			BEAUFORT	kl. 8	ENSKUR TEXTI
			CARAMEL	kl. 8	ENSKUR TEXTI
			LIVING LUMINARIES	kl. 10	ÓTEXTUÐ, ENSKT TAL
			SAND AND SORROW (MÝNDVARRP)	kl. 10:15	ÓTEXTUÐ, ENSKT TAL
			BELLA	kl. 10:20	ENSKUR TEXTI

SMÁRA BIÓ 50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BIÓMIÐANN Á midi.is

BORGARBIÓ FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞU BORGAR BIÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI

Nýtt í bió LAUGARÁS BIÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

THE RUINS KL. 10

DEFINATELY, MAYBE

SPIDERWICK

450 kr. í bió! Glíðir á allar sýningar merktar með pöndu!

LAUGARÁSBIÓ - SÝNINGARTÍMAR

THE RUINS - POWER	kl. 8 og 10	16
DEFINATELY, MAYBE	kl. 5.45, 8 og 10.15	16
THE EYE	kl. 8 og 10	16
SPIDERWICK CRONICLES	kl. 2, 4 og 6	7
HORTON - ISLENSKT TAL	kl. 2, 4 og 6	L
ÁSTRÍKUR Á OLYMPIULEIKUNUM	kl. 2	L

SAMbio.is SAMBIÓIN REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

STONES SCORSESE SHINE A LIGHT

FOOL'S GOLD

STÓRA PLANID

SAMBIÓ ALFABAKKA	SAMBIÓ SELFOSS
SHINE A LIGHT kl. 3D - 5:30D - 8D - (10:30D POWER)	VANTAGE POINT kl. 8 - 10:10
SHINE A LIGHT kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	STÓRA PLANID kl. 6 - 8
RUINS kl. 6 - 8 - 10:10	THE EYE kl. 10:10
FOOL'S GOLD kl. 1:20 - 3:30	HORTON M/ ISL TAL kl. 4 - 6
DOOMSDAY kl. 8 - 10:30	UNDRAHUNDURINN ISL TAL kl. 4
HANNA MONTANA 3D-DIGITAL kl. 1 (3D)	
10.000 BC DIGITAL kl. 5:40 - 8 - 10:30	SAMBIÓ AKUREYRI
LARS AND THE REAL GIRL kl. 3:30	21 kl. 8 - 10
THE BUCKET LIST kl. 6	STÓRA PLANID kl. 6 - 10
UNDRAHUNDURINN M/ ISL TAL kl. 2 - 4	UNDERDOG ISL TAL kl. 4
STEP UP 2 kl. 1:30 - 3:40	FOOL'S GOLD kl. 4 - 6 - 8
BYFLUGUMYNDIN M/ ISL TAL kl. 1:30	SAMBIÓ KEFLAVÍK
	SHINE A LIGHT kl. 8 - 10:30 (POWER)
SAMBIÓ KRINGLUNNI	STÓRA PLANID kl. 6
STÓRA PLANID kl. 1:30D - 3:30D - 6D - 8D - 10D	SPIDERWICK CRONICLES kl. 4 - 6
SHINE A LIGHT kl. 5:30D - 8D - 10:30D	LARS AND THE REAL GIRL kl. 8
FOOL'S GOLD kl. 8 - 10:20	SHUTTER kl. 10:10
HANNA MONTANA kl. 2 (3D) - 4 (3D)	HORTON M/ ISL TALI kl. 4
UNDRAHUNDURINN ISL TAL kl. 2 - 4	
JUNO kl. 6	

SparBíó 550kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APELSINGULI

12. og 13. apríl

SparBíó 550kr

Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR laugardag og sunnudag

FOOLS GOLD KL. 1:20 Í ALFABAKKA OG KL. 4 Á AKUREYRI

UNDRAHUNDURINN M/ ISL TALI KL. 2 Í ALFABAKKA OG Í KRINGLUNNI. KL. 4 Á SELFOSSI OG Á AKUREYRI

BYFLUGUMYNDIN BYFLUGUMYNDIN M/ ISL. TALI KL. 1:30 Í ALFABAKKA

STEP UP 2 KL. 1:30 Í ALFABAKKA

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BIÓ - bara lúxus

Ódýrt í bió

SPIDERWICK ATH. SÝND KL. 2

HORTON ATH. SÝND KL. 2

ISLENSKT TAL

450 kr. á fyrstu sýningar dagsins

TILBOÐSVERÐ

SMÁRA BIÓ REGNBÖGINN HÁSKÓLABÍÓ

KL. 1 SMÁRABÍÓ KL. 3.30 HÁSKÓLABÍÓ

KL. 1 SMÁRABÍÓ KL. 3.20 HÁSKÓLABÍÓ

KL. 1 SMÁRABÍÓ

KL. 3 REGNBÖGINN

KL. 1 SMÁRABÍÓ KL. 4 HÁSKÓLABÍÓ

Heitir Pottar og Útihúsgögn -Núna er rétti tíminn-



Hver þekkir ekki Stanislas Bohic!!!

Komdu og hittu einn færasta
landslagsarkitekt landsins.
Stanislas verður með okkur
alla helgina og veitir góðar
og faglegar ráðleggingar um
skipulagningu á garðinum
þínum. Drifðu þig af stað og
fáðu faglegar ráðleggingar
með garðinn þinn.

www.stan.is

Þegar þú getur valið og keypt það besta



Til athugunar áður en þú fjárfestir í heitum potti.

- *Hvað þolir lokið mörg kíló í burð?.....Arctic Spas lokið þolir 1000 kg, mikið öryggisatriði.
- *Er potturinn með trégólfi, plastgólfi eða Trefjaglersbotni?.....Arctic Spas er með Trefjaglersbotni, 100% músheldur.
- *Er skelin úr Plasti eða Trefjagleri?.....Skelin frá Arctic Spas er úr Trefjagleri, 100 ára ábyrgð
- *Hvernig er aðgangurinn að leiðslum í pottinum?.....Hjá Arctic Spas er hægt að opna allar hliðar, að sjálfsögðu.



Bryggjuborð

Gegjuð dönsk útihúsgögn!
Dönsk hönnun, dönsk gæði.
www.Thors-Design.dk



Billiarborð & pókerborð



Panasonic Nuddstólar



Arctic Spas er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu á
heitum pottum í heiminum í dag. 25 ára gamalt fyrirtæki í
Kanada. Eitt af 50 best reknu fyrirtækjum í Kanada,
Það segir meira en mörg orð.



Opið

Laugardag 9.00-18.00
Sunnudag 12.00-18.00

Arctic Spas Faxafeni 9 Sími 554 7755
www.heitirpottar.is ath. Aðkoma í kjallara, bakhús.

> Sögulegt í Seljaskóla í dag?

Keflvíkingar og Grindvíkingar þurfa að endurskrifa sögu úrslitakeppninnar ætli þeir í lokaúrslit Iceland Express-deildar karla því ekkert karlalið sem hefur lent 0-2 undir í einvígi hefur náð að tryggja sér oddaleik, hvað þá að vinna þrjá leiki í röð og komast áfram. Alls hafa sextán önnur lið komst 2-0 yfir í sögu úrslitakeppninnar í einvígum þar sem þarf að vinna þrjá leiki. Tólf þessara liða hafa unnið einvígin 3-0 en hin fjögur liðin hafa tapað þriðja leiknum en klárað einvígið síðan 3-1 með því að vinna fjórða leikinn.

sport
sport@frettabladid.is



JÓN NORÐDAL HAFSTEINSSON HJÁ KEFLAVÍK: VAR MEÐ 18 STIG OG HUNDRAB PRÓSENTA NÝTINGU GEGN ÍR Í LEIKNUM

Við erum í úrslitakeppni og þar er spilað fast

Deildarmeistarar Keflavíkur tryggðu sér fjórða leikinn í undanúrslitaeinvígi sínu við ÍR með 33 stiga stórsigri á föstudagskvöldið. Jón Norðdal Hafsteinsson átti stórleik í þriðja leiknum og skoraði 18 stig og hitti úr öllum 7 skotunum sínum en hann var „bara“ með samtals 7 stig og 33 prósentu skotnýtingu í fyrstu tveimur leikjunum sem töpust.

„Sigurður Þjálfari gerði smá taktískar breytingar á liðinu til þess að vekja okkur aðeins og setti mig og Tommy á bekkinn. Það kom ekkert annað til greina en að standa sig. Ég var búinn að eiga tvo slaka leiki í röð og þarna var ekkert annað tækifæri, enginn morgundagur, það var bara að vinna eða að það yrði ekkert meira,“ segir Jón Norðdal.

Jón segir ekkert til í þeim sögusögnum að mórallinn í liðinu sé ekki góður. „Það er eitthvað búið að vera að skrifa um mórallinn hjá okkur en það er alveg frábær mórall í liðinu, innan sem utan vallar. Við strákarnir erum búnir að spila lengi saman og þekkjumst vel,“



segir Jón. „Þeir voru að koma úr hörku rímu við KR með bullandi sjálfstraust og það verður ekki af þeim tekið að þeir eru búnir að spila mjög vel. Við byrjuðum illa en komum nú til baka og vonandi gefur þessi þriðji leikur okkur aukakraft í framhaldið,“ segir Jón.

Keflavík þarf að breyta sögunni til þess að komast áfram því engu karlaliði hefur tekist að vinna einvígi eftir að hafa lent 0-2 undir. „Það er alltaf gaman að fá að taka þátt í því að breyta einhverju og við litum á það sem nýtt ógrandi verkefni að verða fyrsta liðið til þess að koma til baka,“ segir Jón, sem segir mestan mun á liðinu hafa verið í vörninni. „Við vorum ekki nógu fastir fyrir í fyrstu leikjunum og ætluðum bara að herða okkur. Það er verið að tala um að við séum að spila gróft, við spilum fast og það er mikill munur á því að vera fastur fyrir eða að spila gróft. Það er bara þannig að við erum komnir í úrslitakeppni og þar er spilað fast,“ segir Jón, sem byst við alvöruleik í Hellinum klukkan 17 í dag. „Þetta verður hörkuleikur, þeir koma örugglega snarvitalausir til leiks en það gerum við líka.“

ÚRSLITIN Í GÆR

Úrslitak. Iceland Express

Grindavík-Snæfell 90-71
Stig Grindavíkur: Þorleifur Ólafsson 20 (5 stoðs.), Helgi Jónas Guðfinnsson 14 (5 stoðs.), Jamaal Williams 14, Adama Darboe 13 (7 frák., 6 stoðs.), Páll Axel Vilbergsson 12, Páll Kristinnsson 11 (6 stoðs., 3 stolnir), Ólafur Ólafsson 4, Igor Beljanski 2.

Stig Snæfells: Justin Shouse 16 (6 stoðs.), Hlynur Blæringsson 10 (13 frák.), Árni Ásgeirsson 8, Sigurður Þorvaldsson 7, Anders Katholm 7, Slobodan Subasic 6, Jón Ólafur Jónsson 5, Magni Hafsteinsson 4, Sveinn Davíðsson 3, Atli Rafn Hreinsson 3, Guðni Valentínsson 2.

Atlantic-bikar í fótbolta

Valur-NSÍ Runavík 5-2
1-0 Birkir Már Sævarsson (33.), 2-0 Pálmi Rafn Pálmason, víti (39.), 2-1 Dejan Stankovic (45.), 3-1 Baldur Aðalsteinsson (48.), 4-1 Pálmi Rafn Pálmason (63.), 5-1 Dennis Bo Mortensen (65.), 5-2 Hjalgrím Elttor, víti (82.).

Lengjubikar karla í fótbolta

Fram-Haukar 4-0
1-0 Auðun Helgason, 2-0 Auðun Helgason, 3-0 Sam Tíllen, 4-0 Heiðar Geir Júlíusson.
Stjarnan-Njarðvík 1-3
0-1 Sigurður Karlsson (21.), 1-1 Þorvaldur Árnason (34.), 1-2 Ísak Örn Þórðarson (73.), 1-3 Ísak Örn (82.).

Víkings R-Þór Akureyri 4-2
0-1 Einar Sigþórsson, 0-2 Hreinn Hringsson, 1-2 Gunnar Kristjánsson, 2-2 Gunnar Kristjánsson, 3-2 Pétur Svansson, 4-2 Gunnar Kristjánsson, víti.

Lengjubikar kvenna í fótb.

Breiðablik-KR 1-0
1-0 Hrefna Huld Jóhannesdóttir (8.). Hölmfríður Magnúsdóttir, besti leikmaður Íslandsmeistarinn í fyrri, kom inn á sem varamaður og lék sinn fyrsta leik eftir meiðslu. KR hefur nú unnið alla sína fjóra leiki í Lengjubikarnum.



N1 DEILD
KARLA

Sunnudagur 13. apríl

Akureyri - HK

KA heimilið kl. 15.00

Grindavík ætlaði ekki í frí

Grindvíkingar stöðvuðu fjögurra leikja sigurgöngu Snæfells í úrslitakeppninni. Skyttur Grindvíkinga fengu frið og varnarleikur liðsins tók stakkaskiptum.

KÖRFUBOLTI Grindavík sýndi allt annan og betri leik í 19 stiga sigri á Snæfelli í undanúrslitaeinvígi liðanna í Iceland Express-deild karla í gær.

Grindavík var með frumkvæðið allan tímann og náði mest 25 stiga forskoti í seinni hálfleik. Það voru Íslendingarnir í liðinu sem gerðu gæfumuninn í gær en liðið missti báða stóra útlendinga sína út, fyrst meiddist Igor Beljanski og svo lenti Jamaal Williams í villu-vandræðum og fékk sína fimmtu villu þegar níu mínútur voru eftir.

„Við stýrdum hraðanum í tíu mínútur í Stykkishólmi og í 35 mínútur í fyrsta leiknum í Grindavík en núna stýrdum við hraðanum allan leikinn og vorum líka að spila með því fantavörn,“ sagði Friðrik Ragnarsson, hjálfari Grindavíkur, sem fannst allir vera búnir að afskrifa hans menn.

„Það átti enginn von á því að við myndum vinna leikinn og menn hafa verið að tala um það að við séum hræddir. Við ætlum ekki að gefast upp baráttulaust,“ sagði Friðrik, sem var ángæður með marga menn hjá sér í gær.

„Þegar við höfum verið að vinna þessa leiki í úrslitakeppninni hafa Íslendingarnir verið að taka meiri ábyrgð hjá okkur. Ég var mjög ánægður með Þorleif í kvöld og eins með Helga, Pál Axel og Adama. Við lendum síðan í vandræðum með stóru mennina og Páll Kristins var frábær í þessum leik. Þetta eru mennirnir sem draga vagninn fyrir okkur og þeir verða bara að mæta í hvern einasta leik ef við ætlum að gera einhverja hluti,“ sagði Friðrik.

Bakverðirnir Helgi Jónas Guðfinnsson og Þorleifur Ólafsson voru í miklu stuði og Páll Kristinnsson tók mikla ábyrgð í fjarveru þeirra Igors og Jamaal og spilaði mjög vel. Sex leikmenn í liðinu



HART TEKIST Á Grindvíkingurinn Jamaal Williams tekur hér Hlyn Bæringsson hálstaki í leik liðanna í Röstinni í gær.

VÍKURFRÉTTIR/JÓN BIÖRN

skoruðu yfir tíu stig og þeir Helgi og Þorleifur voru saman með 34 stig og 8 þriggja stiga körfur en höfðu aðeins skorað 25 stig og 3 þriggja stiga körfur í fyrstu tveimur leikjunum.

„Við urðum að sýna að minnsta kosti einn góðan leik og við sýndum það að við ætluðum ekki að fara í frí strax og náðum okkur í einn leik í viðbót. Við vorum samstilltir varnarlega en það hefur verið að klinkka hjá okkur í síðustu leikjum þar sem við höfum verið of villtir í vörninni,“ sagði Helgi Jónas, sem fannst vera kominn tími á almennilegan leik hjá sér.

„Ég var búinn að vera frekar slakur í síðustu tveimur leikjum og ég ætlaði ekki að láta það endurtaka sig,“ sagði Helgi Jónas, sem var með 14 stig og 5 stoðsendingar og hitti úr 4 af 7 þriggja stiga skotunum sínum.

Hlynur Bæringsson fékk óblíðar viðtökur frá Jamaal Williams, sem hefur látið fyrirliða Snæfells

finna vel fyrir sér í báðum leikjunum í Grindavík.

„Þetta var bara mjög lélegt hjá okkur, hreinlega arfaslakt því við gerðum allt það sem við áttum ekki að gera. Þegar við erum lamdir í byrjun leiks þurfum við bara að láta finna fyrir okkur til baka en ekki fara að væla í dómurnum eins og ég og fleiri gerðum,“ sagði Hlynur, sem segir muninn á þessum leik og fyrstu tveimur leikjum í frammistöðu síns liðs.

„Þetta var nákvæmlega sama Grindavíkurlið en það var hins vegar annað Snæfellslið sem spilaði þennan leik. Þeir hittu úr þriggja stiga skotunum sínum í dag því þau voru langflest opin og þau setja þessir karlar niður. Þeir geta ekki unnið leiki ef þeir þurfa að skjóta erfiðum þriggja stiga skotum. Við verðum að stoppa þetta og ætlum að gera það á mánudaginn,“ sagði Hlynur að lokum.

ooj@frettabladid.is



Í GÆR Ragnar Sigurðsson og félagar í IFK Gautaborg unnu góðan sigur í gær.

IPA IMAGES/TOMMY HOLL

Ragnar Sigurðsson hjá IFK: 370 milljóna verðmiði

FÓTBOLTI Samkvæmt fréttum í sænska blaðinu Aftonbladet hafa ensku liðin Manchester City og Fulham sýnt Ragnari Sigurðssyni mikinn áhuga en eins eru lið frá Þýskalandi, Frakkland og Ítalíu að fylgjast með íslenska landsliðsmiðverðinum.

„Þeir voru að skrifa um það í sænsku blöðunum að það væri lið að fylgjast með mér og fyrisögnin í dag var Eriksson hefur auga á Ragnari,“ sagði Ragnar og á þá við Sven-Göran Eriksson, stjóra Manchester City.

„Það eina sem ég get gert er að spila vel og þá gerist eitthvað ef það gerist,“ segir Ragnar, sem finnst verðmiðinn á sér vera kominn út í öfgar.

„Ég held að 21 árs miðvörður sé aldrei keyptur á svona mikinn pening því það eru framherjarnir sem eru keyptir á svona mikið. Mér finnst þetta svolítið asnalegt og mér hefur stundum fundist eins og ég sé svolítið ofmetinn. Ef Hákan Mild er með svona verðmiða á mér þá gæti það alveg fælt mig í burtu en ég veit ekki hver er að koma með þessar upphæðir,“ segir Ragnar, sem vann 4-0 sigur á Norrköping ásamt félagum sínum í IFK Gautaborg í gær.

- 66j

Íslensk lið hafa unnið 4 af 6 leikjum um Atlantic-bikarinn eftir sigur í Kórnum:

Valsmenn skoruðu fimm mörk

FÓTBOLTI Íslandsmeistarar Vals unnu 5-2 sigur á Færeijameisturum NSÍ í Atlantic-bikarnum í Kórnum í gær.

Gestirnir áttu fyrsta færið eftir rólega byrjun en Valsmenn skoruðu fyrsta markið eftir 33 mínútur. Guðmundur Benediktsson komst í gegn, lék á markmanninn og sendi boltann fyrir markið þar sem Birkir Sævarsson renndi honum í netið. Stuttu seinna kom góð sending inn fyrir á Dennis Morthensen sem var rifinn niður og víti dæmt. Úr því skoraði Pálmi Pálmason og Valsmenn komnir í 2-0.

Eftir markið sóttu gestirnir mjög og tókst sanngjarnt að minnka muninn. Markið reyndist síðasta spyrna fyrri hálfleiksins.

Baldur Aðalsteinsson hóf seinni hálfleik með glæsilegu

marki úr þröngu færi og kom Val í 3-1, og eftir það gáfust gestirnir í raun upp. Fljótlega eftir það bættu Pálmi Rafn og Dennis hvor við marki og staðan orðin 5-1 eftir 54 mínútur. Gestirnir náðu að minnka muninn í 5-2 á 82. mínútu eftir kæruleysi í vörn Vals.

„Það var mjög ánægjulegt að fá þennan leik. Það var margt jákvætt en um leið fullt af hlutum sem við getum unnið betur,“ sagði Willum Þór Þórsson, hjálfari Vals.

„Þetta var flott formleg opnun tímabilsins og þeir voru mjög erfiðir mótherjar,“ sagði Atli Sveinn Þórarinnsson, fyrirliði Vals, og honum líst vel á framhaldið. „Þetta er allt að koma og æfingafærð til Tyrklands skilaði miklu. Markmiðið er Íslandsmeistaratitillinn.“

- rag



FYRSTI BIKARINN Í ÁR Atli Sveinn Þórarinnsson, fyrirliði Vals, tekur við Atlantic-bikarnum eftir sigur Vals í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Tónleikaferðir!

Björk í London

14.-15. apríl

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, hótलगisting ásamt morgunverði og miði á tónleikana.

Verð á mann í tvíbýli

59.900 kr.

Bruce Springsteen í Gautaborg

2.-6. júlí

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, hótलगisting ásamt morgunverði, ráta til og frá flugvelli og miði á tónleikana.

Verð á mann í tvíbýli

69.900 kr.

REM í Køben

5.-7. september

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, hótलगisting ásamt morgunverði og miði á tónleikana. Bæði hægt að fá miða í sæti og staði.

Verð á mann í tvíbýli frá

67.900 kr.

Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express



★ BÍLD SHÖFÐI

★ SKIPHOLT

★ TRYGGVAGATA

★ HAFNARFJÖRÐUR

★ KÓPAVOGUR



STOFA 53

OSTBORGARI

Með osti, gúrku, lauk,
papriku, iceberg, sósu,
frönskum og Coke

AMERICAN

STYLE

ÚRSLITIN Í GAER

Enska úrvalsdeildin

BIRMINGHAM-EVERTON	1-1
0-1 Joleon Lescott (78.), 1-1 Mauro Zárate (83.).	
BOLTON- WEST HAM	1-0
1-0 Kevin Davies (46.).	
DERBY COUNTY - ASTON VILLA	0-6
0-1 Ashley Young (25.), 0-2 John Carew (26.), 0-3 Stilian Petrov (37.), 0-4 Gareth Barry (58.), 0-5 Agbonlahor (76.), 0-6 Marlon Harewood (85.).	
READING - FULHAM	0-2
0-1 Brian McBride (24.), 0-2 Erik Nevland (90.).	
SUNDERLAND-MANCHESTER CITY	1-2
0-1 Elano (79.), 1-1 Dean Whitehead (82.), 1-2 Darius Vassell (87.).	
TOTTENHAM- MIDDLESBROUGH	1-1
1-0 J. Jenas (26.), 1-1 Stewart Downing (69.).	

STAÐA EFSTU OG NEÐSTU LIÐA:

Man. United	33	24	5	4	70-17	77
Chelsea	33	22	8	3	58-23	74
Arsenal	33	20	11	2	63-27	71
Liverpool	33	17	12	4	57-25	63
Everton	34	18	7	9	50-28	61
Portsmouth	34	16	9	9	47-33	57
Aston Villa	34	15	10	9	62-44	55
Middlesbr.	34	8	12	14	31-48	36
Sunderland	34	10	6	18	33-52	36
Wigan	33	9	7	17	30-47	34
Reading	34	9	5	20	37-63	32
Birmingham	34	7	10	17	39-52	31
Bolton	34	7	8	19	31-52	29
Fulham	34	5	12	17	32-56	27
Derby	34	1	8	25	16-74	11

1. deild karla í körfubolta:

Pétur kominn heim í Hauka

KÖRFUBOLTI Pétur Ingvarsson hefur skrifað undir fimm ára samning um að þjálfar karlalíð Hauka og tekur hann við af Henning Henningssyni. Pétur hætti með Hamar í vetur eftir áratugastarf og þjálfaði Ármenn-inga í lok vetrar. Hann er nú kominn aftur í Hauka þar sem hann er uppallinn og lék mestan hluta síns leikmannaférlis. - óó

Lífsnauðsynleg þrjú stig

Grétar Rafn Steinsson og félagar í Bolton unnu mikilvægan 1-0 sigur á West Ham í gær og eru aðeins tveimur stigum frá öruggu sæti í harðri fallbaráttu.

FÓTBOLTI Fallbaráttan í ensku úrvalsdeildinni varð enn meira spennandi eftir leiki gærdagsins því bæði Bolton og Fulham unnu langþráða sigra og færðust fyrir vikið nær öruggu sæti þó að bæði lið þurfi mun fleiri stig til viðbótar til að bjarga sér á lokaspættinum. Bolton er nú aðeins tveimur stigum á eftir Birmingham, sem náði 1-1 jafntefli gegn Everton.

Kevin Davies skoraði sigurmark Bolton-manna en tvö marka liðsins í leiknum voru dæmd af. Markið kom í byrjun seinni hálfleiks eftir hornspyrnu. Þetta var hundradasta mark Davies á ferlinum og kannski eitt af þeim mikilvægari. Eftir þennan sigur er Bolton með 29 stig en fyrir leikinn höfðu Grétar Rafn og félagar ekki unnið leik síðan 2. febrúar. Grétar Rafn spilaði allan leikinn og stóð fyrir sínu.

„Leikmenn mínir eiga heiður skilinn, ekki bara fyrir hvernig þeir spiluðu heldur í hvernig kringumstæðum þeir spiluðu. Þeir gáfu allt sitt og börðust fyrir hverjum bolta og spiluðu líka góðan fótbolta. Þeir björguðu minnst þrisvar á línu, Robert Green varði nokkrum sinnum vel og svo voru dæmd af okkur mörk. Á sama tíma sköpuðu þeir ekki neitt,“ sagði Gary Megson, stjórnari Bolton.

Mörk frá Brian McBride og Erik Nevland tryggðu Fulham fyrsta útisigurinn í nítján mánuði þegar liðið vann Ívar Ingimarsson og félagar í Reading 2-0. Tapið þýðir að Fulham er nú tveimur stigum á eftir Bolton og því fjórum stigum frá öruggu sæti. Reading er líka komið í slæm mál en liðið er með aðeins einu stigi meira en Birm-



GÁFU ALLT SITT Grétar Rafn Steinsson rennir sér fyrir Dean Ashton, framherja West Ham, í leiknum í gær.

ingham. Ívar spilaði allan leikinn en Brynjar Björn Gunnarsson var ekki í leikmannahópnum.

„Það er ekki hægt að segja annað en að þeir hafi átt sigurinn skilinn. Ég get ekki útskýrt af hverju við spiluðum svona illa. Það eru ekki margir af mínum mönnum sem hafa verið í fallbaráttu og þeir virtust vera stressaðir,“ sagði Steve Coppell, stjórnari Reading.

„Það eru tólf stig eftir í pottinum og þessi frammistaða glæðir vonir um að við getum náð kraftaverki og bjargað okkur,“ sagði Roy Hodgson, stjórnari Fulham.

Darius Vassell tryggði Manchester City sigur á Sunderland þremur mínútum fyrir leiklok og Sunderland-menn eru nú

með 36 stig eins og Middlesbrough eftir að Boro gerði 1-1 jafntefli við Tottenham á White Hart Lane.

Hermann Hreiðarsson og félagar í Portsmouth enduðu þriggja leikja sigurgöngu Newcastle þegar liðin gerðu markalaust jafntefli á Fratton Park. Hermann spilaði allan leikinn með Portsmouth og hafði það náðugt.

„Í upphafi vikunnar hefði ég verið mjög sátur með sigur á Wembley, sigur á West Ham og jafntefli í dag. Það eina sem skiptir samt máli fyrir mig í dag er að vinna enska bikarinn. Ef ég gæti valið á milli þess að verða í 5. sæti eða vinna bikarinn tæki ég alltaf bikarinn fram yfir,“ sagði Harry Redknapp, stjórnari Portsmouth.

ooj@frettabladid.is

Arsene Wenger hjá Arsenal: Tímabilið okkar er ekki búið

FÓTBOLTI Arsenal verður að vinna topplið Manchester United á Old Trafford í ensku úrvalsdeildinni í dag til þess að halda lífi í titilbaráttu sinni og koma í veg fyrir að Lundúnaliðið spili þriðja tímabilið í röð án þess að vinna bikar. Liðin mætast í stórleik helgarinnar klukkan 15 og á meðan bíður Chelsea, sem spilar ekki fyrir en á mánudaginn.

Tímabilið hefur runnið út í sandinn hjá Arsenal á síðustu tíu vikum og liðið datt nú síðast út fyrir Liverpool í Meistaradeildinni í vikunni og er fyrir leikinn sex stigum á eftir toppliði United. „Tímabilið er ekki búið og öll vinnan á þessu tímabili er í húfi í þessum leik,“ sagði Arsene Wenger, stjórnari Arsenal.

„Við munum berjast fyrir titlinum allt til enda og ef við vinnum þennan leik eigum við raunhæfa möguleika á titlinum,“ bætti Wenger við en hann hefur stjórnað Arsenal þrisvar sinnum til sigurs á Old Trafford.

„Leikirnir gegn Arsenal og Chelsea eru stóru leikirnir og þeir leikir sem allir mínir menn hlakka til þess að spila. Arsenal hefur verið okkar helsti keppinautur í þrettán ár og það breytist ekkert á sunnudaginn. Þetta verður frábær leikur,“ sagði Alex Ferguson, stjórnari United. - óó



Gleði í skólastarfi

Ráðstefna á vegum Samtaka sjálfstæðra skóla haldin á Hótel Selfossi laugardaginn 19. apríl 2008, kl. 13:00 til 17:00.



- 13:00 Setning; Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra
- 13:10 Ávarp; Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna
- 13:20 „Vinátta barna“. dr. Fanny Jónsdóttir
- 14:00 Hlé - Hreyfing
- 14:20 „Jákvæðni - húmor og hlýlegt viðmót“. Edda Björgvinsdóttir, leikari
- 15:20 Kaffihlé
- 15:50 „Í skólanum, í skólanum...“, Bjarni Ármannsson fyrrverandi skóladrengur og núverandi faðir
- 16:15 „Hláturinn lengir lífið“. Valgerður Jónsdóttir skólastjóri og hláturjógi
- 16:50 Ráðstefnuslit; Margrét Pála Ólafsdóttir, formaður Samtaka sjálfstæðra skóla

Pátttökugjald er kr. 6.900 ef fólk skráir sig fyrir 17. apríl en 8.000 ef fólk skráir sig við innganginn. Móttaka á skráningu er hjá Axel. Netf.: sssk@sssk.is

Ráðstefnustjóri: Edda Huld Sigurðardóttir, skólastjóri Ísaksskóla



MENNEMÁLAKAÐUNGFÉL



VESKIPTARÁÐ ÍSLANDE

SKÓLAR ehf.



samtök sjálfstæðra skóla



Hjallustefnun ehf.



REGNBÖGIN

GLITNIR

ÚRSLITIN Í GÆR

N1-deild kvenna í handb.

Gróttu-Fram 26-28 (10-17)
Mörk Gróttu: Pavla Plaminkova 10/5 (14/6), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 6 (9), Arndís María Erlingsdóttir 4 (6), Auksé Vísnyauskaite 3 (7), Eva Björk Hlökkversdóttir 2 (3), Karólína Gunnarsdóttir 1 (3), Ragna Karen Sigurðardóttir (1)

Varin skot: Iris Björk Simonardóttir 22 (44/3 50%), Guðrún Ósk Maríasdóttir 2 (8 25%)

Hraðauppþlaup: 8 (Pavla 3, Anna 3, Karólína, Arndís). **Utan vallar:** 6 mínútur

Fiskuð víti: 6 (Anna 3, Auksé, Eva Björk, Arndís)

Mörk Fram: Stella Sigurðardóttir 6 (15), Anett Köbli 6/3 (15/3), Pavla Nevarilova 4 (6), Sara Sigurðardóttir 3 (5), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 3 (6), Marthe Sördal 2 (2), Karen Knútsdóttir 2 (5), Þórey Rósa Stefánsdóttir 2 (6), Ásta Birna Gunnarsdóttir (1)

Varin skot: Kristina Matuzerviciute 19/1 (45/6 42,2%). **Fiskuð víti:** 3 (Stella, Sigurbjörg, Sara)

Hraðauppþlaup: 12 (Þórey 2, Karen 2, Sara 2, Anett 2, Marthe, Stella, Sigurbjörg, Pavla)

Utan vallar: 6 mínútur

HK-Stjarnan 28-33 (12-17)

Markahæstar: Rut Jónsdóttir 5, Elísa Ósk Viðarsdóttir 3, Lilja Lind Pálsdóttir 3, Natalia Cielpowska 3, Jóna Halldórsdóttir 3, Tinna Rögnvaldsdóttir 3 - Alina Petrache 8, Sólvéig Lára Kjærsted 4, Anna Blöndal 4, Ásta Agnarsdóttir 3, Birgit Engl 3, Soffía Rut Gísladóttir 3.

Fylkir-Haukar 22-36

N1-deild karla í handbolta

Afturelding-Valur 18-23 (7-14)

Mörk Aftureldingar (skot): Asgeir Jónsson 4 (9), Örn Ingi Bjarkason 3/2 (5/2), Einar Örn Guðmundsson 3 (9), Attila Valaczkai 2 (3), Jón Andri Helgason 2 (3), Hilmar Stefánsson 2/1 (5/2), Daniel Jónsson 2 (6/1), Magnús Einarsson (3), Reynir Árnason (1)

Varin skot: Oliver Kiss 19 (36) 53%, Davíð Svansson 2 (8/1) 25%

Hraðauppþlaupsmörk: 6 (Ásgeir 3, Attila, Einar Örn, Jón Andri)

Mörk Vals (skot): Arnór Malmquist 5/1 (6/1), Fannar Friðgeirsson 3 (5), Orri Freyr Gíslason 3 (5), Anton Rúnarsson 3 (6), Ingvar Árnason 2 (2), Sigfús Páll Sigfússon 2 (6), Baldvin Þorsteinsson 2 (6), Hjalti Þór Pálmason 2 (8), Kristján Þór Karlsson 1 (5), Gunnar Harðarson (1)

Varin skot: Ólafur Gíslason 27/2 (45/5) 60%

Hraðauppþlaupsmörk: 7 (Arnór 3, Fannar 2, Ingvar, Baldvin)

Stjarnan-IBV 26-26

Fram færðist nær titlinum

Ótrúlegur seinni hálfleikur Gróttu dugði ekki til að slá á titilvonir Fram, sem vann tveggja marka sigur og hélt fjögurra stiga forustu. „Við hlökkum til að eiga við Val,“ sagði Einar Jónsson þjálfari Safamýrarstúlkna.

HANDBOLTI Fram marði mikilvægan sigur á Gróttu, 28-26, í sveiflukenndum leik í N1-deild kvenna.

Fram hafði mikla yfirburði í fyrri hálfleik og fór liðið á kostum. Liðið var sjö mörkum yfir í hálfleik, 17-10, og virtist ætla að rúlla yfir fámennt lið Gróttu.

Þrátt fyrir að vera aðeins með ellefu leikmenn á skýrslu var seinni hálfleikur eign Gróttu. Liðið byrjaði mun betur og minnkaði muninn í fimm mörk strax í byrjun. Fram náði ágætum kafla um miðbik hálfleiksins og skoraði þrjú mörk í röð og komst átta mörkum yfir, 18-26. Í kjölfarið missti Gróttu leikmann af velli í tvær mínútur en einum færri skoraði Gróttu þrjú mörk gegn engu og með fullmannað lið bætti það um betur og skoraði alls sjö mörk í röð og munurinn skyndilega kominn niður í eitt mark, 25-26.

Gróttu skorti þrek til að láta kné fylgja kviði og Fram marði að lokum tveggja marka sigur, 28-26. Fram er því enn með þriggja stiga forystu á Val á toppi deildarinnar þegar liðið á tvo leiki eftir. Stjarnan kemur næst fjórum stigum á eftir en Stjarnan á þrjá leiki eftir og er með betri innbyrðis árangur gegn Fram.

Einar Jónsson, þjálfari Fram, var ekki sáttur við leik síns liðs í síðari hálfleik. „Þetta er ennþá í okkar höndum, sem er sennilega það eina jákvæða við seinni hálfleikinn. Við spiluðum 30 mínútur frábærlega og 30 mínútur ömurlega. Við töluðum sérstaklega um það í hálfleik að halda áfram að spila okkar leik en eins og oft áður héldu menn ekki haus, fóru að



SLOPPIN Framstúlkna Sigurbjörg Jóhannsdóttir tekur vel á Gróttustúlkunni Auksé Vísnyauskaite í leik liðanna á Seltjarnarnesinu í gær. FRÉTTABLAID/VILHELM



STRESS Einar Jónsson horfði á sínar stelpur hleypa Gróttu inn í leikinn í seinni hálfleik. FRÉTTABLAID/VILHELM

gera hlutina upp á eigin spýtur og héldu að þetta væri komið. Þá fer svona en sem betur fer kláruðum við þetta. Það er frábært að ná í tvö stig hér en við áttum að klára leikinn á sannfærandi máta.“

Fram leikur eins konar úrslitaleik við Val á fimmtudaginn kemur en með sigri í þeim leik og í lokaleik liðsins gegn FH verður liðið Íslandsmeistari en tapi liðið verður Stjarnan meistari vinni Garðbæingar síðustu þrjá leiki sína. „Við hlökkum til að eiga við Val og förum án pressu í leikinn. Við ætlum að hafa gaman að þessu og njóta þess. Við erum í þessu fyrir svona leiki,“ sagði Einar í leiklok. - gmi

N1-deild karla í handbolta: Ólafur varði 27

HANDBOLTI Valsmenn unnu nokkuð þægilegan fimm marka sigur á Aftureldingu, 18-23, á Varmá í gær. Þeir eru því með jafnmörg stig og Fram og HK í baráttunni um 2. sætið í deildinni.

Valsarar byrjuðu leikinn af miklum krafti og virtust ekki ætla að láta það hafa áhrif á sig þótt Haukar hefðu tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn á föstudag. Mestur varð munurinn 8 mörk, 11-3, og ljóst í hvað stefndi. Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, var ánægður með sigurinn í leiklok en var þó ekki sáttur við leik sinna manna.

„Ég er sáttur með sigurinn, fyrri hálfleikinn og auðvitað Ólaf sem var frábær í markinu. Við nýttum færin illa og sóknarleikur okkar var skandall í seinni hálfleik. Mér fannst við ekki sýna mikinn vilja til að gera betur og ná þessu 2. sæti. Ég kalla eftir betri sóknarleik á þriðjudaginn gegn HK og við ætlum að vinna þann leik. Þó að Haukar séu búnir að tryggja sér titilinn eiga liðin í sætunum á eftir að sýna að þau vilji ná 2. sætinu. Þetta eru þau lið sem köstuðu mótinu frá sér og þau eiga að sýna sóma sinn í því að mæta til leiks og spila almennilegan handbolta,“ sagði Óskar Bjarni Óskarsson þjálfari Vals. Ólafur Gíslason markvörður var besti maður Valsmanna í leiknum og varði alls 27 skot. - sj



BJARGAÐI SÍNUM MÖNNUM Ólafur Haukur Gíslason, fyrirliði Vals. FRÉTTABLAID/ANTON

Ævintýrið er hafið



Rockwood fellihýsi

Sérstaklega löguð að íslenskum aðstæðum með galvaniseraðri grind, fjöðrum fyrir akstur á erfiðum vegum og upphituðum lúxusdýnum.



Fjöðrun f. ísl. aðstæður



Evrópskar þrýstibremsur



Vatn tengt heilt/kalt



CD spilarí/útvarp



Upphituðar lúxusdýnur

Polar hjólhýsi

Sérhönnuð fyrir norðlægar slóðir. Evrópskar þrýstibremsur, galvaniserað grind, iDC stöðugleikakerfi og ríkulegur staðalbúnaður.



44mm einangrun



Evrópskar þrýstibremsur



iDC stöðugleikakerfi



Séstakur vinkællir



19" LCD skjár



DVD spilarí

Opið allar helgar frá 12-16
á virkum dögum frá 10-18

Útilegumaðurinn er sérverslun með allt sem þú þarft til ferðalagsins, hjólhýsi, fellihýsi, pallhýsi, húsbíla, fylgihluti og margt fleira.

Fossháls 5-9 • 110 Reykjavík • Sími 551 5600
Fax 551 5601 • www.utilegumadurinn.is



Útilegu
maðurinn

James Gandolfini

„Ég er algjör taugahruga. Í raun er ég bara eins og 130 kílóa Woody Allen,“ sagði leikarinn góðkunnur James Gandolfini eitt sinn. Hann er leiðsögu- maður í heimildar- mynd sem Stöð 2 sýnir í kvöld og nefnist *Alive Day Memories: Home from Iraq* og fjallar um stríðið í Irak.



dagskra



VIÐ TÆKIÐ ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON VILL SJÁ MEIRA AF BRESKUM HÚMOR

Gáfulegur absúrdismi

Ég er einn af þeim nördum sem hlæja sjaldnast að því sem Á að vera myndi í íslensku sjónvarpi. Mér stekkur sjaldnast bros yfir Spaugstof- unni og ég skildi aldrei málið með Sjöttu mínútur og Strákana. Amer- ísk myndi finnst mér til að mynda sjaldnast myndin nema þegar hún birtist í einhverri költ-snilld eins og geimverunum í Mars Attacks eða dvergnum í Twin Peaks. Skemmtilegra finnst mér að hlæja AÐ fólk á íslenskum skjám, sérstaklega því sem er einmitt ekki að reyna að vera myndi. Kastljósið og Laugardagslögin svöluðu þeirri fýsn.

Monty Python-hópurinn er fyrir mér upphaf og endapunktur allrar heimsins myndi og ég mæli með því að öll heimili eigi DVD-útgáfu af *The Life of Brian* og *Flying Circus* til þess að hlæja að allan liðlangan veturinn. Bretar búa yfir mikilli snillgáfu þegar kemur að því að kíta hláturtaugarnar enda gengur húm- orinn þeirra út á tvennt: að vera hárbeyttir og hæðnir á svo „intelligent“ hátt að maður



THE MIGHTY BOOSH Meðal karaktera er moddarinn Vince Noir sem samkvæmt þættinum ólst upp í skógi hjá Bryan Ferry.

verður næstum því að horfa tvisvar til þess að fatta djókið, eða þá að sveigjast algjörlega yfir í fáránleika og absúrdisma. Dæmi um dás- amlega orðsnilld eru seríurnar um Blackadder með Rowan Atkinson í aðalhlutverki sem eru svo unaðslega vel skrifaðar að það ætti að kenna þær í skólum. Hér heima virðist ríka tvenns konar myndi; önnur er í áttina að hinni bandarísku og gengur aðallega út á vitleysigang, en hin teygir sig meira í átt hinnar bresku. Tvíhöfði átti vissulega sína hápunkta en eini verulega absúrdþáttur íslenskrar dagskrárgerðar var Konfekt á Skjá einum. Þar mátti meðal annars horfa á viðtöl afturábak við merka Íslendinga eins og Geir Ólafs og Sigurð Pálsson og sjá Barða Jóhannsson hrækja og kveikja í sjónvarpssettinu. Allir þeir sem eru búast við hressleika Barða áður en hann skapaði Mercedes Club ættu því að horfa á Konfekt á YouTube og éta þann efa ofan í sig. Ég er þó mjög ánægð með tilraunir Þorsteins Guðmundssonar með Svalbarða og hann hefur fest sig í sessi í mínum huga sem myndnasti maður í íslensku sjónvarpi þessa dagana. En, betur má ef duga skal.

EKKI MISSA AF



12.20 Liverpool-Blackburn
STÖÐ 2 SPORT 2



18.50 Lokadagur Augusta Masters
STÖÐ 2 SPORT



20.20 Mannaveiðar
SJÓNVARPIÐ



20.30 Pushing Daisies
STÖÐ 2



22.30 Brotherhood SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Brummi, Kóalabræður, Landið mitt, Disneystundin, Alvöru dreki, Nýi skólinn keisarans og Sigga liggja lá

10.00 Söngkeppni framhaldsskólanna - Úrslit

12.30 Silfur Egils

13.45 Viðtalið

14.15 EM 2008 (1:8)

14.50 Íslandsmótið í handbolta Bein útsending frá leik Akureyrar og HK.

16.45 Mannaveiðar (3:4)

17.30 Tákn málsfréttir

17.40 Eggjakakan

18.00 Stundin okkar

18.30 Spaugstofan

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.40 Sunnudagskvöld með Evu Maríu

20.20 Mannaveiðar (4:4) Spennu- myndaflokkur í fjórum þáttum um eltingar- leik við íslenskan raðmorðingja. Handrit Sveinbjörns I. Baldvínssonar er byggt á sög- unni Aftureldingu eftir Viktor Arnar Ingólfs- son.

21.10 Sunnudagsbíó - Brúðheimilið Upptaka af sýningu Mabou Mines-leikflokks- ins sem byggð er á leikriti Henriks Ibsen. Hér leika lágvaxnir karlmenn á móti konum í eðlilegri hæð og hinum borgaralega harm- leik er breytt í gamanleik með pólitískum broddi.

23.15 Silfur Egils

00.30 Sunnudagskvöld með Evu Maríu

01.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

06.00 The Lonely Guy

08.00 Beauty Shop

10.00 Lost in Translation

12.00 Twitches

14.00 The Lonely Guy

16.00 Beauty Shop

18.00 Lost in Translation Frábær verð- launamynd sem hreppti m.a. Óskarsverð- laun fyrir handritsgerð.

22.00 Bandidas Hressandi gamanmynd með Sólmu Hayek og Penélope Cruz.

00.00 Munich

02.40 Sweeney Todd

04.10 Bandidas

STÖÐ 2

07.00 Barney og vinir

07.25 Ofurhundurinn Krypto

07.50 Fífi

08.00 Algjör Sveppi Sveppi sýnir meðal annarra teiknimyndirnar Könnuðurinn Dóra, Gordon Garðálfur, Refurinn Pablo, Kalli á þakinu og Tommi og Jenni.

10.00 Ef ég væri ... (1:2)

10.25 Justice League Unlimited

10.50 Ginger segir frá

11.15 Tracey McBean

11.25 Bratz

12.00 Hádegisfréttir

12.30 Neighbours

12.50 Neighbours

13.10 Neighbours

13.30 Neighbours

13.50 Neighbours

14.15 Bandið hans Bubba (10:12)

16.05 Hæðin (4:8)

16.55 60 minutes (60 mínútur)

17.45 Oprah

18.30 Fréttir Stöðvar 2

19.10 Mannamál

19.55 Sjálfstætt fólk

20.30 Pushing Daisies (9:9) Þættirnir eru eins konar nútíma ævintýri. Ævintýri um ungan mann sem allt frá barnaldri hefur búið yfir þeirri einstöku náðargift að geta vakið fólk til lífs með snertingunni einni. Vandinn er að vilji þeir sem hann lífgar við halda lífi, þá þarf að foma öðru lífi á móti.

21.15 Cold Case (12:23)

22.00 Big Shots (6:11)

22.45 Curb Your Enthusiasm (2:10)

23.15 Alive Day Memories: Home From Iraq Leikarinn James Gandolfini valdi það sem sitt fyrsta verkefni eftir að hafa lokið við gerð Sopranos-þáttanna að taka þátt í gerð þessarar mögnuðu heimildarmyndar. Í henni skoðar hann afleiðingar Íraksstríðs- ins og þá einkum þann andlega og líkam- lega skaða sem hermenn sem þar börðust hafa orðið fyrir.

00.15 Mannamál

01.00 Crossing Jordan (16:17)

01.45 Instinct (1:2)

02.55 Instinct (2:2)

04.05 Civil Action

05.55 Fréttir

06.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVI

SPORT

besta sætið

07.40 Spænski boltinn (Recreativo - Barcelona)

09.20 Meistaradeild Evrópu (Man. Utd - Roma)

11.00 Meistaradeildin (Meistaramörk)

11.20 Augusta Masters 2008 Útsending frá Augusta Masters-mótinu í golfi.

14.20 Iceland Express-deildin 2008 (Keflavík - ÍR)

15.50 Fréttabáttur Meistaradeildar Evrópu

16.20 Inside the PGA

16.50 ÍR-Keflavík Iceland Express- deildin Bein útsending frá fjórða leik lið- ana. Á sama tíma, á Sport 3, bein út- sending frá leik Real Madrid og Murcia í spænska boltanum.

18.50 Augusta Masters 2008 Bein út- sending frá lokadegi Augusta Masters móts- ins í golfi.

23.00 F1: Við endamarkið Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveri ræða málin. Farið verður yfir helstu mál lið- andi keppni og þau krufin til mearjar.

23.40 Spænski boltinn (Real Madrid - Murcia)

SPORT 2

enski boltinn

07.50 Portsmouth - Newcastle

09.30 Premier League World

10.00 PL Classic Matches

10.30 PL Classic Matches

11.00 4 4 2

12.20 Liverpool - Blackburn (Enska úrvalsdeildin) Bein útsending frá leik Liver- pool og Blackburn í ensku úrvalsdeildinni.

14.30 Man. Utd - Arsenal (Enska úr- valsdeildin) Bein útsending frá stórleik Man. Utd og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.

17.15 Bolton - West Ham

19.00 Sunderland - Man. City

20.40 4 4 2

22.00 Man. Utd - Arsenal

23.40 Tottenham - Middlesbrough

SKJÁREINN

09.05 Vörutorg

10.05 MotoGP Bein útsending frá Estor- il í Portúgal þar sem þriðja mót tímabilsins í MotoGP fer fram.

14.20 Rachael Ray (e)

15.05 Less Than Perfect (e)

15.30 Fyrstu skrefin (e)

16.00 America's Next Top Model (e)

17.00 Innlit / útlit (e)

18.00 Lipstick Jungle (e)

18.50 The Office (e)

19.15 Snocross (2:12) Íslenskir snjósléða- kappar í skemmtilegri keppni þar sem ekk- ert er gefið eftir.

19.40 Top Gear (9:17) Clarkson skoðar Audi R8, fyrsta ofurbílinn frá Audi en Ham- mond er sannfærður um að Porsche-bíll- inn sinn sé betri. The Stig er fenginn til að prufukeyra báða bílana. Jools Holland prófar hagkvæma bílinn og þremmenningarnir reyna að keyra yfir Ermasundið.

20.40 Psych (11:16) Shawn bregður í brún þegar kona sem segist vera gift Gus ræður hann til að finna manneskju sem er saknað.

21.30 Boston Legal (11:20) Denny Crane afþakkar hjálp frá Alan Shore og baðar sig í sviðsljósinu þegar hann tekur að sér morðmál sem vekur mikla athygli. Shir- ley og Carl óttast að hann stofni orðspori lögræðiskrifstofunnar í voða.

22.30 Brotherhood - NÝTT Dramatísk og spennandi þáttaröð um bræðurna Tommy og Mike Caffee. Annar er efnilegur stjórnmála- maður en hinn forhertur glæpamaður. Saksóknari þjarmar að Tommy á sama tíma og hann og Eileen reyna að láta sýnast sem allt sé í himnalagi í hjónabandinu. Michael er að jafna sig eftir áráðina á sig og reynir að komast að því hver árásamadurinn var.

23.30 Cane (e)

00.20 C.S.I. Miami (e)

01.10 Svalbarði (e)

02.00 The Boondocks (e)

03.25 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Magasinþáttur - mannlíf og menning á Norðurlandi. Samantekt um- fjállana vikunnar. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á mánudag.



Dagskrá allan sólarhringinn.



Í DAG KL. 14:30

MAN. UTD. ARSENAL




Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 22.45

Curb Your Enthusiasm

Í heimi þar sem leiðinlegt er hið nýja skemmtilega og óþolandi er hið nýja ómótstæðilega er Larry David ókrýndur konungur. Enginn, hvorki fyrr né síðar, hefur afrekað að gera almenn leiðindi eins óendanlega fyndin. Enginn hefur fengið eins mörg verðlaun fyrir það eitt að vera gjörsamlega óþolandi.



▶ VIÐ MÆLUM MED

Man. Utd. - Arsenal

Stöð 2 Sport 2 kl. 14.30

Þetta er leikurinn sem kemur til með að ráða miklu um það hverjir standa uppi sem sigurvegar í ensku úrvalsdeildinni í maí. Ef Arsenal landar ekki sigri á Old Trafford í dag getur liðið gleymt öllum titilvönum. United-menn hafa verið firmasterkir að undanfögnu og þeir sætta sig varla við að Arsenal vaði inn á skitugum skónum og hirði af þeim þrjú stig.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags	16.08 Veðurfregnir
06.40 Veðurfregnir	16.10 Úr tónlistarlifinu: Tónsnillingar morgundagsins
08.00 Morgunfréttir	17.30 Úr gullkistunni
08.05 Morgunandakt	18.00 Kvöldfréttir
08.15 Tónlist á sunnudagsmorgni	18.26 Seiður og hégog
09.03 Lárétt eða lóðrétt	18.52 Dánarfregnir og augýsingar
10.05 Veðurfregnir	19.00 Útúr nóttinni... og inní daginn
10.15 Á slóðum Gutenbergs	20.00 Leynifélagið
11.00 Guðspjónusta í Háteigskirkju	20.30 Brot af eilífðinni
12.00 Hádegisútvarp	21.10 Orð skulu standa
12.20 Hádegisfréttir	22.07 Veðurfregnir
12.45 Veðurfregnir	22.12 Orð kvöldins
13.00 Gáður	22.15 Til allra átta
14.00 Hvað er að heyra?	23.00 Andrarímur
15.00 Okkar strákur í Króattíu	00.07 Næturtonar
16.00 Síðdegisfréttir	

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks

16.25 Hollyoaks

16.50 Hollyoaks

17.15 Hollyoaks

17.40 Hollyoaks

18.30 The Class (1:19)

19.00 Wildfire (3:13)

19.45 Extreme: Life Through a Lens (10:13)

20.30 Special Unit 2 (16:19) Gaman-samir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftast en ekki eru af yfirmáttúrulegum toga.

21.15 X-Files (18:24)

22.00 Bandið hans Bubba (10:12) Einn stærsti viðburður Stöðvar 2 árið 2008. Rokk-kóngurinn leggur allt undir í leit að sannri rokkstjörnu framtíðarinnar, einhverjum sem syngur á íslensku, fyrir íslenska rokk-þjóð. Þátturinn verður í beinni útsendingu og einn keppandi fellur úr leik hverju sinni, þar til eftir stendur nýr söngvari fyrir Bandið hans Bubba.

23.20 Falcon Beach

00.05 American Dad (7:23)

00.35 Sjáðu

01.05 Skífulistinn

01.55 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

BBC PRIME

9.00 Top Gear Xtra 10.00 The Weakest Link 11.00 Space Odyssey - Voyage To The Planets 12.00 Space Odyssey - Voyage To The Planets 13.00 Days that Shook the World 14.00 Days that Shook the World 15.00 Space Race 16.00 Space Race 17.00 Space Race 18.00 Space Race 19.00 Space Odyssey - Voyage To The Planets 20.00 Space Odyssey - Voyage To The Planets 21.00 Days that Shook the World 22.00 Days that Shook the World 22.55 Space Race 23.45 Space Race 0.35 Space Race 1.30 Space Race 2.20 Days that Shook the World

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Boxen 10.25 OBS 10.30 Spam 2008 11.00 Skum TV 11.15 Flemmings Hælte De Luxe 11.35 Family Guy 12.00 Gudstjeneste i DR Kirken 12.45 Album 13.50 Madame X 13.30 Sigurds Bjørnetime 16.00 Pippi Langstrømpe 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.10 Landsbyhospitalet 18.00 Kongemordet 19.00 21 Søndag 19.40 SportNyt med SAS liga 19.55 Miss Marple: Liget i biblioteket 21.30 Höök 22.30 Ugurer i Guantanamo

NK1

9.15 Hokusai - en legende fra Japan 10.10 To mistenkelige personer 11.40 På Herrens Mark 12.10 Kingdom 13.00 Levende kunst 13.55 Musikk på søndag: Sylvia - Fra Royal Opera House 15.30 Åpen himmel: Hverdagsengler i Afrika 16.00 Skrimmel Skrammel 16.30 Newton 17.00 Søndagsrevyen 17.45 Sportsrevyen 18.05 Fantastiske reiser: I hvalens kjøl 18.55 Avsporing 21.00 Kveldsnytt 21.20 Golf: The Masters 2008 22.55 Uka med Jon Stewart 23.20 Norsk på norsk jukeboks

SVT 1

8.35 Rebellen 9.35 Young at heart 10.30 Debatt 11.30 Niklas mat 12.00 Mitt i naturen 12.30 Kärnkraftens återkomst 13.25 I love språk 14.25 Världen 15.25 Författarsamtal 15.55 Anslagstavlan 16.00 Bolibompa 16.30 Minnenas television 17.30 Rapport 18.00 Andra Avenyn 18.30 Sportspegeln 19.15 Agenda 20.10 En bro över Wadi 20.40 Den geniala baby'n 21.10 Rapport 21.20 Bammorskoma 21.50 Kobra 22.20 Svindlamna



kartöflugratín

700g kartöflur skornar í sneiðar (soðnar í um 15 mín.)

Slatti af blaðlauk, graslauk eða púrrulauk

Sósa:
1 dós sýrður rjómi
100g smjörlíki
200g rifinn ostur
¼ lítri rjómi

Kartöflusneiðunum og lauknum raðað í eldfast mót.

Sósa: Allt sett saman í pott og hitað, hrært vel í á meðan. Kryddað með salti og nýmöluðum pipar. Hellt yfir kartöflublönduna og rifinn ostur settur yfir. Bakað í ofni við 210 gráður í 25 mínútur.

Fróðleikur: Það að forsjóða kartöflurnar í 15 mín. eftir að búið er að skera þær niður styttri tímenn sem rétturinn er hafður inni í ofninum. Ef þær eru ekki soðnar á undan þarf rétturinn að vera klukkutíma í ofninum en annars eru 25 mín. nóg. Svo má leika sér heil ósköp með að bræða alls konar osta í rjóma og hella yfir.

íslenskar
kartöflur

HVAD SEGIR MAMMA?

„Hann er mjög fylginn sér og með sterka réttlætiskennnd. Ekki bara gagnvart sjálfum sér heldur öðrum líka. Hann hefur alltaf verið staðfastur. Var mjög skemmtilegur krakki og fjörugur, átti til að prufa allt sem ekki mátti. Hann hvatti fólk til að setja rauða borða á speglana á bílunum sínum. Ég hef ekki séð neinn bíl með þá, en ég er með tvo.“



Ólafía Kristín Kristófersdóttir er móðir Sturlu Jónssonar, forsprakka mótmæla vörubílstjóra.

Ólafía Kristín Kristófersdóttir er móðir Sturlu Jónssonar, forsprakka mótmæla vörubílstjóra.

HIN HLIÐIN BJÖRN BRYNJÚLFUR BJÖRNSSON INSPECTOR SCHOLAE MR

Vonbrigði að hætta að læra á básúnu

Hvað er að fréttu? Ég er að klára MR og er að leita mér að starfi. Fyrir utan það hef ég verið að fagna ýmsum sigrum keppnisliða MR að undanförunu. Svo er ég að byrja í stúdentsprófum.

Augnlitur: Blár

Starf: Nemi í atvinnuleit.

Fjölskylduhagur: Mjög góður.

Hvaðan ertu? Ég er Reykjavíkurbarn, fæddur og uppalinn.

Ertu hjátrúarfullur? Ég vil ekki vera það en ég er það samt innst inni. Það er 7, 9, 13 og stigarnir.

Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Það myndu klárlega vera Mannaveiðar, bind óneitanlega smá taugar til þeirra þátta.

Uppáhaldsmatur: Eldsmíðjupitur. Ég borða slatta af þeim, allt of mikið.

Fallegasti staður: Vesturbærinn.

iPod eða geislasplari: Báðir ónýtir.

Hvað er skemmtilegast? Það er Laugardalslaugin á sólríkum degi.

Hvað er leiðinlegast? Leiðinlegast að hafa lítið fyrir stafni. Það kemur fyrir hjá manni.

Helsti veikleiki: Ég get verið dálítið maniskur.

Maður fer oft í hlutina af fullmikilli hörku.

Helsti kostur: Má ég nefna fjóra? Duglegur, skemmtilegur, fyndinn og hógvær.

Helsta afrek: Að klára þriðja stig á básúnu. Lauk því þegar ég var tólf ára. Hef aðeins látið það sitja á hakanum síðan.

Mestu vonbrigðin: Að hafa ekki klárað fleiri stig á básúnu.

Hver er draumurinn? Að fá sumarvinnu.

Hver er fyndnastur/fyndnust? Andri Gunnar Hauksson, skólafélagi minn úr MR. Hann er með þróaðasta húmor sem sést hefur.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Fólk sem kann ekki gott að meta.

Hvað er mikilvægast? Að hverfa aldrei frá tónlistarnámi.



THE TABLE Í LEIFSTÖÐ Frá vinstri: Guðmundur Karl Guðmundsson, Auðunn Blöndal, Kristján Óli Sigurðsson, Hallur Dan Johansen, Egill Einarsson, Hugl Halldórsson og Hjörvar Hafliðason.

Allir í fínnum jökkum

„Ég er að fá mér nýjan jakka. Ég verð flottastur. Allt fyrir stelpurnar,“ segir Egill „Gillz“ Einarsson. Fréttablaðið náði tali af Agli í Retrö-fataversluninni í Smáralind. Hann var þá að búa sig til brottfarar og klæða sig upp. Klúbburinn The Table, þar sem hann er fremstur meðal jafningja, hefur brugðið undir sig betri fætinum og ætlar að vera viðstaddur viðureign Manchester United og Arsenal sem fram fer í dag í Manchester.

En hvaða klúbbur er þetta? „Já, nú, það er ég, Auði Blö, Guðmundur Karl, Hjörvar Ká, Ofuhugi, Stjáni rúnkari... bíddu nú við, hverjir eru fleiri í þessu,“

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8.

- 1 Birgir Páll Marteinsson.
- 2 Rufus Wainwright.
- 3 Haukar.

Spennandi starf inni í blaðinu.

Hive S.KO

FÓTAAÐGERÐASKÓLI ÍSLANDS

Innritun er hafin í Fótaaðgerðaskóla Íslands. Námið hefst í október 2008.

Tekið verður við umsóknum til 15.júní 2008. Hægt er að skila inn umsóknum í Snyrtiakademiuna Hjallabrekku 1 Kópavogi eða á rafrænu formi www.snyrtiakademian.is.

Nánari upplýsingar er að fá í síma 553-7900 eða senda fyrirspurn á kristing@snyrtiakademian.is

Peir sem eiga inni umsóknir eru beðnir um að staðfesta þær

BUBBI MORTHENS: ÞURFTI AÐ GEFA RISAKÖTT FRÁ SÉR

Kúabóndi ræktar risaketti

„Mér finnst þeir ekkert sérstaklega stórir. Þeir verða það kannski þegar þeir standa við hliðina á þessum „venjulega“ ketti,“ segir Jón Egill Indriðason, kúabóndi í Varmahlíð. Undanfarnin fimm ár hefur hann ásamt eiginkonu sinni, Sigríði Þóru Stormsdóttur, ræktað ákaflega sérstakt og stórt kattarkyn að nafni Maine Coon en þeir hafa vakið mikla athygli að undanförunu og njóta sífellt meiri vinsælda meðal nýrra kattavina.

Kettirnir kosta á bilinu sextíu til hundrað þúsund, allt eftir því hvort nota eigi þá til ræktunar eða ekki, en Jón Egill er í samstarfi við Sigríði Þóru Gabrielsdóttur fyrir sunnan þannig að áhugasamir þurfa ekki að keyra norður til að kaupa sér kött. Meðal þeirra sem hafa átt svona kyn er Bubbi Morthens og hann fór ekki í grafgötur með ágæti kattarins, sagði hann vera algjöran dreka. „Ég flutti í hús um stundarsakir þar sem kettir voru ekki vel séðir. Jón Atli Jónasson, rithöfundur með meiru, tók hann í föstur fyrir mig og þeir urðu svo góðir vinir að ég gat ekki tekið hann frá honum,“ segir Bubbi, sem ætlar þó að fá sér kött þegar hann flytur í nýja húsið í Kjósinni enda mikill kattavinur.

Hvort það yrði Maine Coon kæmi í ljós. „Ég verð að ræða það við betri helminginn,“ skýtur Bubbi inn í.

Maine Coon-kettirnir geta orðið ótrúlega stórir, ná allt að metra að lengd og

DREKI Bubbi Morthens lýsti sínum ketti sem dreka og saknar hans. Hann ætlar að fá sér nýjan kött í Kjósinni.



STÓR OG STÆÐILEGUR Jón Ingi með tæplega tveggja ára gamlan högna sem enn á eftir að stækka en Maine Coon-kettirnir hætta að vaxa fjögurra ára gamlir.

geta borið fjórtán kíló með sæmd án þess að þykja feitir. Jón Egill og Sigríður Þóra eru einmitt sjálf með högna sem er eins metra langur á heimili sínu. „En það eru oftast hinir rauðu Maine Coon sem ná hámarks þyngd og lengd,“ útskýrir Jón Egill en hann átti einmitt von á einum slíkum frá Noregi á næstunni. „Hann bíður úti í Hrisey eftir að fá að komast til okkar,“ útskýrir Jón en

fyrstu dýrin þeirra komu frá Finnlandi í júní 2003.

Aðspurður hvað það sé við þessa „risaketti“ sem sé svona heillandi, segir Jón það ekki vera flókið mál í sjálfu sér. Maine Coon-kettirnir séu miklir persónuleikar sem bíði við hurðina eftir að eigandinn komi heim, spjalli lengi við hann þegar sá gállinn er á þeim en þyki fátt jafn skemmtilegt og að liggja í leti. „En þess á milli geta þeir látið alveg eins og hálfvitar,“ segir Jón og hlær. Kettir þeirra hjóna eru inni allan daginn og fá kýrnar á bænnum því ekki að njóta samvasta við þá. „Og það gæti líka verið ansi flókið að ná fjósalyktinni úr feldinum á þeim fyrir sýningar,“ bætir Jón við.

freyrigja@frettabladid.is

Leikarar fastir í Vitara-jepplingi

Leikararnir Jörundur Ragnarsson og Ólafía Hrönn Jónsdóttir eiga vafalítið eftir að kynast ansi náið á næstu sex vikum. Þau eru að leika saman í Dagvaktinni en auk þess að sinna þeim störfum fyrir vestan eiga þau að stíga á svið Þjóðleikhússins þess á milli.

Leikararnir ætla því að keyra á milli Reykholahrepps og Reykjavíkur á Suzuki Vitara-jepplingi Jörundar ef allt gengur að óskum. „Við erum heppin með það að við erum að sýna sömu kvöldin,“ segir Jörundur, sem setur það ekki fyrir sig að þeysast á milli

vesturs og suðurs. Jörundur leikur aðalhlutverkið í þeim ljóta sem fengið hefur prýðilega dóma að undanförunu en Ólafía Hrönn er bæði í Sólafarferð og Ívanof.

Jörundur bendir reyndar á að Reykholahreppur sé ekkert svo langt frá

höfuðborginni, aðeins tveggja og hálf tíma akstur frá miðborginni. „En þetta verða nokkrar klukkustundir þegar allt kemur saman,“ bætir Jörundur við og er feginn því að Vitarnir skuli ekki vera bensinsvelgur heldur fremur eyðslugrannur bíll af jepplingi að vera.

Tökur á Dagvaktinni hefjast á mánudaginn og hafa æfingar staðið yfir að undanförunu. Reyndar var Jörundur lagstur í flensu þegar Fréttablaðið hafði uppi á honum og ætlaði að liggja uppi í rúmi það sem eftir lifði helgar til að fá sig góðan af henni. Fimmtán manna tókulið hertekur síðan Hótel Bjarkarlund en tæplega tuttugu íbúar Reykholahrepps eiga eftir að koma töluvert við sögu í þáttunum. Leikstjóri Dagvaktarinnar er sem fyrr Ragnar Bragason en þættirnir verða alls ellefu talsins. Með Jörundi verða síðan að sjálfsgöðu Jón Gnarr og Pétur Jóhann Sigfússon auk valinkunnra gesta.

- fgg



Flóin í Borgarleikhúsið!



Að loknum 70 uppseldum sýningum á Akureyri
hefst sýningar í Borgarleikhúsinu í haust



FLO Á SKINNI



Sýningum á Akureyri lýkur 26. apríl

Síðustu sætin að seljast! Tryggðu þér miða núna!

Miðasölusími 4 600 200 / www.leikfelag.is

Sýningar hefst í Borgarleikhúsinu 5. september

Sala í Borgarleikhúsinu hefst í 22. ágúst.

Miðasölusími 568 8000

Nánari upplýsingar á www.borgarleikhus.is



BAKÞANKAR
Davíðs Þórs
Jónssonar

2020


Árið er 2020. Ég átti erindi austur á land og er á leiðinni heim til höfuðborgarinnar með flugi. Ég geng frá borði í Vatnsmýrinni um rana beint inn í nýlega, glæsilega flugstöð sem af hverjum ástæðum gengur ekki undir nafninu flugstöð heldur „samgöngumiðstöð“. Það er vegna þess að héðan er hægt að taka strætó og leigubíll, rétt eins og það gildi ekki um flugstöðvar almennt.

Það er vissulega lúxus að hafa flugstöð svona nálægt gamla miðbænum. Hún er í göngufjarlægð frá honum – ef gengið er þvert yfir flugbrautina. Vegna staðsetningar stöðvarinnar austan flugvallarins tekur fólk hins vegar undantekningarlaust leigubíll niður í gamla miðbæinn. Mun fleiri eiga þó auðvitað erindi í nýju miðborgina í Smáranum. Þannig að í raun er flugstöðin ekki í göngufjarlægð frá neinu nema Hótel Loftleidum. Flugvöllurinn er reyndar í útjaðri byggðarinnar, þungamiðja hennar er í Mjóddinni.

Á Reykjavíkflugvelli er fólk á fleygiferð, enda er hann stór vinnustaður. Hér er flugþjónusta fyrir alls konar hópa ferðafólks og kaupþúsúlumanna, flugsýslumanna, flugsýslumanna og einkaþotuskýli. Fyrir rúmum áratug þótti nefnilega ljóst að hvergi á láglendi á suðvesturhorni landsins væri hægt að æfa snertilendingar nema einmitt í hjarta miðborgarinnar.

Ég sest upp í bílinn minn og keyri heim til mín, upp á Kjalarnes eða í Úlfarsárdal eða Kjós, sem er eini staðurinn á höfuðborgarsvæðinu þar sem hægt var að koma fyrir nýrri byggð. Ferðin tekur óratíma, enda umferðin þung og aðeins um tvær samgönguæðar að ræða milli vesturhluta borgarinnar og austurhluta hennar. Lega flugvallarins kemur í veg fyrir fleiri. Umferðin er líka þung vegna þess að dreifing byggðarinnar upp á heiðarnar umhverfis borgarlandið lengir allar vegalendir borgarbúa á milli heimilis, vinnu og annarrar þjónustu. Flugvallarsvæðið hefði getað orðið heimili 15.000 Reykvíkinga.

AF hverju er þetta svona? Jú, skipulag borgarinnar tók ekki mið af þörfum borgarbúa heldur þægindum flugkennara og kröfum þeirra 20% landsmanna sem eru háð flugsamgöngum með ferðir til höfuðborgarinnar. Á sama tíma og annars staðar í álfunni var unnið að því að minnka ægivald einkabílsins í miðborgunum var ákveðið að í miðborg Reykjavíkur skyldi fólkið víkja fyrir einkaþotunni.



Stansted Express
Flugið alla daga vikunnar.

Gatwick Express
Fyrsta flug frá Gatwick er 16. sept. skv. vetraráætlun. Flugið fimm sinnum í viku: þriðjudaga, miðvikudaga, fimmtudaga, föstudaga og sunnudaga.

12
sinnum í viku næsta vetur

Tveir heimavellir í London

Gatwick eða Stansted - þitt er valið!

Með nýrri vetraráætlun 2008-2009 bætir Iceland Express enn þjónustuna með flugi um Gatwick-flugvöll í London. Stansted og Gatwick, kvölds og morgna, allan næsta vetur. Kynntu þér nýja vetraráætlun og bókaðu flug á www.icelandexpress.is

Iceland Express með ánægju

GÓÐAN DAG!
Í dag er sunnudagurinn 13. apríl, 104. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	6.02	13.28	20.56
Akureyri	5.40	13.13	20.48

Heimild: Almanak Háskólans